

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi

Ársskýrsla

2014 til 2015

tekin saman af sviðsstjórum

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir
Sigursveinn Már Sigurðsson

Efnisyfirlit

1	Starfið veturinn 2014-2015	4
1.1	Inngangur	4
1.2	Tölulegar upplýsingar	7
1.3	Fundir, námskeið og fyrirlestrar	13
1.3.1	Stiklur úr skólastarfinu.....	14
2	Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra	17
2.1	Svið: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni.....	17
2.1.1	Enska.....	17
2.1.2	Íslenska	20
2.1.3	Íslenska sem annað mál (ÍSA)	27
2.1.4	Lífsleikni	31
2.1.5	Samfélagsgreinar	34
2.1.6	Starfsbraut.....	38
2.1.7	Tungumál önnur en enska.....	42
2.2	Svið: Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir	51
2.2.1	Hestamennska	51
2.2.2	Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir.....	53
2.2.3	Raungreinar	65
2.2.4	Starfsnám (viðskipta-, sjúkraliða- og upplýsingagreinar.)	69
2.2.5	Stærðfræði.....	73
2.2.6	Verknám	78
3	Aðrar skýrslur	83
3.1	Bókasafn	83
3.2	Félagsmála- og forvarnafulltrúi	93
3.3	Litla-Hraun og Sogn	108
3.4	Náms- og starfsráðgjöf	116
3.5	Sálfræðipjónusta	127
3.6	Kerfisstjóri og tölvupjónusta	128
3.7	Prófstjóri.....	135
3.8	Sjálfsmat	138
3.9	Skólinn í okkar höndum.....	144
3.10	Skólafundur FSu.....	149
3.11	Skólaheimsóknir til Finnlands og Eistlands vorið 2015.....	159
3.12	Erlend samskipti á skólaárinu.....	160

Skólameistari

Olga Lís Garðarsdóttir

Aðstoðarskólameistari

Þórarinn Ingólfsson

Áfangastjóri

Ægir Sigurðsson

Námsferilsstjóri

Ragnheiður Ísaksdóttir

Sviðsstjórar

Sigursveinn Már Sigurðsson
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni
Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir
og íþróttir

Kennslustjórar

Eyrún Björg Magnúsdóttir
Gylfi Þorkelsson
Guðríður Egilsdóttir
Gísli Skúlason
Hörður Ásgeirsson
Ingi S. Ingason
Íris Þórðardóttir
Kristjana Hrund Bárðardóttir
Ólafur Bjarnason
Ronald B. Guðnason
Svanur Ingvarsson
Brynja Ingadóttir

Samfélagsgreinar
Litla-Hraun, Sogn V15
Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir
Íslenska
Sérkennsla
Litla-Hraun, Sogn H14
Starfsnám (viðsk.gr-, sjúkral.gr.- og uppl.gr)
Enska
Stærðfræði
Raungreinar
Verknám
Erlend mál, önnur en enska

Verkefnisstjórar/fagstjórar

Ida Løn
Elín Una Jónsdóttir
Gísli Skúlason
Guðfinna Gunnarsdóttir
Sigríður Pjetursdóttir
Svanur Ingvarsson
Sverrir Geir Ingibjartsson

Danska

Nemendur með annað móðurmál en íslensku
Lífsleikni
Skólinn í okkar höndum
Hestamennska
Skólinn í okkar höndum
Íþróttir

Náms- og starfsráðgjafar

Agnes Ósk Snorrardóttir
Anna Fríða Bjarnadóttir
Bjarney Sif Ægisdóttir

Sjálfsmatshópur

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir V15
Málfríður Garðarsdóttir H14
Sigursveinn Már Sigurðsson
Þórarinn Ingólfsson (formaður)

Jafnréttisfulltrúi

Ragnheiður Eiríksdóttir

Félagslífs- og forvarnafulltrúi

Málfríður Garðarsdóttir H14
Guðbjörg Grímsdóttir V15

Fréttastjóri heimasíðu

Guðfinna Gunnarsdóttir

1 Starfið veturinn 2014-2015

1.1 Inngangur

Þann 27. maí síðastliðinn lauk þrítugasta og þriðja starfsári Fjölbrautaskóla Suðurlands. Þetta var ár mikilla breytinga. Unnið var að nýrri námskrá, miklar umræður voru um nýtt vinnumat fyrir kennara og nemendur í kjölfar nýrra kjarasamninga kennara. Í ársskýrsluna hefur verið safnað ýmsum gagnlegum upplýsingum um skólann og skólastarfið. Hér er að finna tölulegar upplýsingar um skólaárið. Raktir eru helstu atburðir og uppákomur á skólaárinu. Gerð er grein fyrir námskeiðum sem haldin hafa verið af og með kennurum skólans og sagt frá heimsóknum, fræðsluerindum og málþingum sem starfsmenn hafa setið. Í skýrslunni tíunda kennarar, fagstjórar og kennslustjórar upplýsingar um áfanga sem kenndir voru á skólaárinu, hvaða kennarar kenndu, nýjungar í kennsluháttum, námsmat og fleira. Þar er einnig lagt mat á nýjungar, settar fram tillögur um frekari nýjungar, bent á hvað vel er gert og hvað betur má fara.

Skýrslur bókasafns, félagsmála- og forvarnafulltrúa, náms- og starfsráðgjafa, Litla-Hrauns og Sogns, sjálfsmats, verkefnisins Skólinn í okkar höndum, skýrsla um skólafund FSu og tölvuþjónustunnar eru og hér innanborðs og allar eru skýrslurnar aðgengilegar á vef skólans.

Miðvikudaginn 20. ágúst var nýnemadagur. Nýnemar mættu í skólinn klukkan 09:00 og fengu kynningu á hinu nýja starfsumhverfi, aðbúnaði, tölvukerfi, bókasafni, náms- og starfsráðgjöf og fleiru sem huga þarf að þegar komið er á nýjan vinnustað.

Fimmtudaginn 21. ágúst var nemendum boðið upp á töflubreytingar og aðstoðuðu áfangastjórar, sviðsstjórar, náms- og starfsráðgjafar og verkefnisstjóri SKOH nemendur við þær. Klukkan 13:00 var fyrsti kennarafundur skólaársins. Páll Wolfram, Microsoft sérfræðingur hélt m.a. kynningu á Office 365 þjónustunni og hina ýmsu möguleika sem þeir bjóða upp á.

Föstudagurinn 22. ágúst hófst með skólasetningu klukkan 8:15 og í framhaldinu hófst kennsla samkvæmt stundaskrá. Haustfrí var gefið dagana 17. og 20. október. Dimission var föstudaginn 28. nóvember en það var jafnframt síðasti kennsludagur haustannar. Fyrsti prófdagur annarinnar var mánudaginn 1. desember og sá síðasti miðvikudagurinn 10. desember. Sjúkrapróf voru haldin fimmtudaginn 11. desember og prófsýning þriðjudaginn 16. sama mánaðar.

Í upphafi haustannar voru 930 nemendur skráðir til náms við skólann og fór brautskráning fram föstudaginn 19. desember. Alls brautskráði skólinn 91 nemenda að þessu sinni, þar af 66 af stúdentsbrautum.

Við brautskráningu í desember 2014 voru veittar viðurkenningar fyrir góðan námsárangur. Rökkvi Hljómur Kristjánsson hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í íslensku, sögu, stærðfræði og latínu. Rökkvi hlaut einnig viðurkenningu frá Hollvarðarsamtökum FSu ásamt Karen Engilbertsdóttur. Karen hlaut einnig viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum og spænsku. Sóley Sævarsdóttir Meyer hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í ensku. Símon Prakash Henryson hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í heimsspeki. Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í

félagsfræði. Margrét Lúðvígsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir frábæra frammistöðu og eljusemi í fimleikaakademíu. Svavar Berg Jóhannsson hlaut viðurkenningu fyrir störf að félags- og nemendamálum.

Á vorönn hófst skólastarfið mánudaginn 5. janúar með námskrárvinnu kennara sem stóð í tvo daga. Dagatali skólans var breytt til að mæta þessari þörf. Miðvikudaginn 7. janúar var boðið upp á töflubreytingar fyrir nemendur sem töldu sig þurfa að breyta stundatöflum sínum. Kennsla hófst samkvæmt stundaskrá fimmtudaginn 8. janúar. *Kátir dagar* voru 25. og 26. febrúar og *Flóafár* föstudaginn 27. febrúar. Dimission var fimmtudaginn 30. apríl og var sá dagur jafnframt síðasti kennsludagur annarinnar. Fyrsti prófdagur vorannar var mánudagurinn 4. maí og sá síðasti miðvikudagurinn 13. maí. Sjúkrapróf voru haldin föstudaginn 15. maí. Prófsýning fór fram þriðjudaginn 19. maí milli klukkan 12:30 og 14:00. Starfsmannafundur var haldinn sama dag.

Í upphafi vorannar var 823 nemandi skráður til náms. Brautskráning fór fram föstudaginn 22. maí. Alls brautskráðust 102 nemendur frá skólanum af ýmsum brautum, þar af 53 af stúdentsbrautum, 14 nemendur af starfsbraut, 4 af hestabraut, 8 nemendur luku grunnnámi ferða- og matvælagreina, 1 sjúkraliði, 4 nemendur af málmiðnarbraut, 7 húsasmiðir, 4 nemendur luku grunnnámi rafiðna, 2 luku grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina og 1 nemandi lauk prófi í vélvirkjun.

Dúx Fjölbrautaskóla Suðurlands á vorönn 2015 var Aðalbjörg Ýr Sigurbergisdóttir. Hún brautskráðist af náttúrufræðibraut með meðaleinkunnina 9,59. Hún hlaut verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í dönsku, raungreinum, stærðfræði, spænsku, sérstaka viðurkenningu fyrir árangur og eljusemi í fimleikaakademíu. Auk þess hlaut hún viðurkenningu fyrir góðan árangur í náttúruvísindagreinum frá Háskólanum í Reykjavík. Aðalbjörg hlaut einnig viðurkenningu frá Hollvarðarsamtökum FSu ásamt þeim Barböru Meyer og Iðunni Rúnarsdóttur. Barbara hlaut að auki viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í félagsfræði, heimsspeki og sögu. Iðunn hlaut viðurkenningar fyrir góðan árangur í ensku og spænsku. Renzel K M Illustre hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í tungumálum frá deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda við Háskóla Íslands. Ingibjörg Hjörleifsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í þýsku. Eva Grímsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir frábæra frammistöðu og eljusemi í fimleikaakademíu. Erlendur Ágúst Stefánsson hlaut viðurkenningu frá Landlæknisembættinu fyrir frábæra ástundun, frammistöðu og að vera góð fyrirmynd í heilsuefningu við skólann. Vigdís Þorvarðardóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í íslensku. Andrea Inga Sigurðardóttir hlaut viðurkenningu fyrir frábæran árangur í sálfræði. Árni Páll Þorbjörnsson hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í grunndeild málmiðna, Ingólfur Fannar Arnasson hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í grunndeild rafiðngreina sem og Birgir Örn Steinarsson sem einnig hlaut viðurkenningu fyrir jákvæðni, viljastyrk og þrautseigju í námi. Kristín Rut Eysteinsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir frábæran árangur í leiklist, Margrét Rún Guðjónsdóttir fékk viðurkenningu fyrir góðan árangur í grunndeild ferða- og matvælagreina, Dóróthea Ármann hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í námi á hestabraut og Magnús Vignir Árnason fyrir góðan árangur í námi á húsasmiðabraut.

Dagana 23. - 29. maí var farið í starfsmannaferð til Finnlands og Eistlands, þar sem Mannerheim stofnunin og nokkrir skólar voru heimsóttir. Nánari lýsing á ferðinni er í sérskýrslu.

1.2 Tölulegar upplýsingar

Þann 19. júní 2014 voru sendir út 976 greiðsluseðlar vegna dagskóla á haustönn. Margir þeirra nemenda sem fengu sendan greiðsluseðil skiluðu sér ekki til náms. Upplýsingar um aldur kyn, brautir og þess háttar miðast því við 930 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Nýinnritaðir í dagskóla á haustönn voru 332.

Þann 11. desember 2014 voru svo sendir greiðsluseðlar til 834 nemenda vegna dagskóla á vorönn. Þeir sem skiluðu sér til náms voru 823. Upplýsingar um aldur og kyn miðast því við 823 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Nýinnritaðir í dagskóla vorannar voru 71.

Í töflu 1 má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir haustið 2014


Tafla 1: Dreifing dagskólanemenda á brautir

Brautir	Karlar	Konur	Nemenda- fjöldi	Hlutfall af heild
AB	15	10	25	2,69%
AH	2	3	5	0,54%
AN1	0	2	2	0,22%
AN2	1	2	3	0,32%
AN4	24	17	41	4,41%
AU	35	12	47	5,05%
FÉ	62	112	174	18,71%
GB	31	1	32	3,44%
GBM	14	0	14	1,51%
GFM	7	3	10	1,08%
GR80	22	1	23	2,47%
HE	8	27	35	3,76%
HÚ	0	1	1	0,11%
HÚ8	13	0	13	1,40%
Íþ	33	6	39	4,19%
Íþ1	1	0	1	0,11%
LN1	10	28	38	4,09%
MB	10	33	43	4,62%
MG	11	1	12	1,29%
NÁ	108	116	224	24,09%
ÓTN	13	9	22	2,37%
SB	14	1	15	1,61%
SB1	17	8	25	2,69%
SJ	1	26	27	2,90%
VH	33	20	53	5,70%
VS8	1	0	1	0,11%
VSS-1	2	1	3	0,32%
VSS-2	2	0	2	0,22%
Samtals	490	440	930	100,00%

Tafla 2. Aldursdreifing nýinnritaðra skólaárið 2014-15


Aldur	Fjöldi H'14	Fjöldi V'15
yngri en 16 ára	2	1
16 ára (fæddir 1998)	202	10
17 ára (fæddir 1997)	17	10
Eldri en 17 ára	111	50
Samtals	332	71

Á mynd 1 má sjá kynjaskipta dreifingu nemenda innan stúdentsbrauta. Á haustönn 2014 voru konur fleiri en karlar á öllum stúdentsbrautum nema viðskipta- og hagfræðibraut.



Mynd 1: Dreifing nemenda innan stúdentsbrauta haustið 2014


Mynd 2 sýnir brautaskiptingu allra nemenda á haustönn 2014. Flestir nemendur eru á stúdentsbrautum.



Mynd 2: Brautaskipting á haustönn 2014


Góð mæting og ástundun eru lykill að góðum námsárangri, auk þess sem skólasóknareinkunn er oft hluti af loka-einkunn áfanga. Skólasóknareinkunnir veturinn 2014-15 eru svipaðar og síðustu ára. Til þess að fá einkunnina 10 þarf nemandi að hafa mætingarhlutfall 98,5%-100%. Þeir sem fá einkunnina 1 í skólasókn eru með mætingarhlutfall sem er undir 89,5%.

Mynd 3 sýnir dreifingu skólasóknareinkunnna veturinn 2014-15.




Mynd 3: Dreifing skólasóknareinkunnna, veturinn 2014-15

Þegar gengi nemenda er skoðað er vert að athuga hvað nemendur ætla sér í byrjun annar og hver verður síðan reyndin. Mynd 4 sýnir fjölda eininga sem nemendur velja að hausti 2014 og 5 sýnir fjölda staðinna eininga í haustannarlök.



Mynd 4: Fjöldi valinna eininga á haustönn 2014




Mynd 5: Fjöldi staðinna eininga á haustönn 2014


Á haustönn 2014 luku 58 einstaklingar 0 einingum en þar af höfðu 57 hætt á önninni. 1 nemandi þreytti próf en lauk engri einingu.

Á haustönn 2014 voru 930 nemendur í skólanum og 458 þeirra eða um 49% féllu í einum eða fleiri áföngum. Á haustönn 2013 var hlutfallið um 52% en haustannirnar tvær þar á undan var það um 54%.

Mynd 6 sýnir í hversu mörgum áföngum nemendur falla. Langflestir nemendur sem falla, gera það einungis í einum áfanga. Þar sem fjöldi nemenda er mismikill eftir önnur sýnir mynd 7 fall nemenda sem hlutfall af heildarfjölda nemenda skólans. Fjöldi þeirra sem falla í þremur eða fleiri áföngum er um 18%.




Mynd 6: Fjöldi áfanga sem nemendur féllu í veturinn 2014-15




Mynd 7: Fjöldi áfanga sem nemendur féllu í veturinn 2014-15 (hlutfall af heildarfjölda nemenda)

Einkunnadreifing gefur vísbendingu um stöðu nemenda og hvernig kennarar nota einkunnaskalann. Á mynd 8 má sjá einkunnadreifinguna yfir veturinn. S stendur fyrir staðið, L fyrir lokið, F fyrir fallið og H fyrir hætt. Dreifingin er mjög sambærileg einkunnadreifingu síðustu ára. Mynd 9 sýnir svo einkunnadreifingu sem hlutfall af nemendafjölda á viðkomandi önn.



Mynd 8: Einkunnadreifing veturinn 2014-15



Mynd 9: Einkunnadreifing veturinn 2014-15, hlutfall af nemendum annarinnar.

1.3 Fundir, námskeið og fyrirlestrar

Einn fundartími er fastur í töflu allra kennara. Sá tími var á haustönn alla miðvikudaga milli 10:10 og 11:00. Fundartímarnir eru nýttir með fjölbreytilegum hætti s.s. til fundahalda, námskeiða og fyrir fyrirlestra af ýmsum toga. Dagskrá fundanna er skipulögð á Áttufundum í upphafi hverrar annar og var hún, skólaárið 2014 til 2015, sem hér greinir.

Miðvikudagaról haust 2014

27.08. Samráð í fögum.
03.09. Kynning á námskrárvinnu íslenskukennara.
10.09. Sjálfsmat.
17.09. Kennarafundur.
24.09. Þjálfun borðstjóra vegna Skólafundar.
01.10. Kennarafélagið
08.10. Góðgerðarvika NFSu.
15.10. Valdagur.
22.10. Kennarafundur
29.10. Sjálfsmat.
05.11. Kennarafundur.
12.11. Námskrárvinna.
19.11. Samráð í fögum.
26.11. Kennarafundur.

Miðvikudagaról vor 2015

14.01. Námskrárvinna.
21.01. Námskrárvinna.
28.01. Kennarafundur.
04.02. Námskrárvinna.
11.02. Námskrárvinna.
18.02. Vinnumatskynning / Námskrárvinna.
25.02. Samráð í fögum / Námskrárvinna.
04.03. Kennarafundur.
11.03. Samráð í fögum.
18.03. Samtökin 78 / Samráð í fögum
25.03. Valdagur.
01.04. Páskafrí.
08.04. Kennarafundur.
15.04. Samráð í fögum.
22.04. Samráð í fögum.
29.04. Kennarafundur.

1.3.1 Stiklur úr skólastarfinu

Skólafundur

Miðvikudaginn 1. október var haldinn skólafundur í FSu. Þá var hefðbundið skólastarf lagt til hliðar eftir hádegi og fulltrúar nemenda, starfsfólks, fólk úr atvinnulífinu, starfsfólk frá öðrum skólastigum, foreldrar og margir fleiri settust niður til að ræða framtíðarsýn skólans. Notast var við þjóðfundarform við skipulagningu fundarins. Mikil ánægja var með umræðurnar sem sköpuðust, umræðan þótti málefnaleg, jákvæð og öflug.

Gulleplið

FSu hlaut Gulleplið fyrir skólaárið 2013/2014 sem heilsueflandi framhaldsskóli. Þema ársins var geðrækt. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, afhenti Gulleplið sem er árleg viðurkenning verkefnisins. Afhendingin fór fram á málþingi um um lífsstíl framhaldsskólanema sem haldið var í Þjóðmenningarhúsinu 26. september sl. á vegum Embættis landlæknis í tengslum við verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóla.

Góðgerðarvika

Í byrjun október stóð Nemendafélag skólans fyrir góðgerðarviku. Skólinn var skreyttur hátt og lágt og menn tóku hinum fjölbreytilegustu áskorunum auk áheita. Góðgerðarvikan heppnaðist vonum framar og rúm hálf milljón safnaðist til styrktar barnaþorpi SOS.

Bleikur dagur

Fimmtudagurinn 16. október var bleikur dagur í FSu. Þá mætti starfsfólks skólans í bleiku sem tákni um samstöðu í baráttunni gegn krabbameini hjá konum. Sumir bökuðu dýrðlegar bleikar bollakökur sem voru til sölu á Bollastöðum, kaffistofu kennara sem var skreytt bleikum slaufum. Kökurnar voru seldar og rann ágóðinn til styrktar rannsóknum á krabbameini hjá konum.

Maraðon í franskri þýðingu

Nemendur í frönsku 403 hjá Hrefnu Clausen efndu til frönskuþýðingar-maraðons í nóvember í Ungmennahúsinu. Þeir þýddu smásögu sem þeir höfðu verið að lesa úr frönsku yfir á íslensku. Söfnuðu nemendur áheitum og rann ágóðinn til góðgerðarmála.

Pöndur í heimsókn

Skólinn fylltist af syngjandi, kung-fu spriklandi Pöndum föstudaginn 28. nóvember. Þar voru á ferð dimmitantar, nemendur sem stefna á að ljúka námi á haustönn. Pöndurnar stigu dans og sungu fyrir nemendur og starfsfólk. Því næst gæddu þær sér á kjötsúpu með starfsfólki og héldu svo út í óvissuferð.

Opið hús

Fimmtudaginn 22. janúar var Opið hús í FSu. Þá voru kennslustofur opnar fyrir gestum og gangandi og hægt að fylgjast því fjölbreytta og spennandi starfi sem fram fer í skólanum.

Gettu betur

Lið FSu tók þátt í Gettu betur en náði ekki inn í sjónvarpsútsendingu að þessu sinni. Liðið var skipað þeim Aðalbjörgu Ýr Sigurbergisdóttur, Jakobi Burgel og Ingibjörgu Hjörleifsdóttur. Liðsstjóri var sem fyrr Hannes Stefánsson.

Morfís

FSu tók þátt í Morfís og komst í átta liða úrslit. Fyrir FSu kepptu Dóróthea Ármann, Elsa Margrét Jónasdóttir, Ívar Máni Garðarsson og Ragnheiður Inga Sigurgeirsdóttir. Þjálfari liðsins var Símon Geir Geirsson.

Boxið

Nemendur frá FSu tóku þátt í Boxinu, framkvæmdakeppni framhaldsskólanna. Keppnin var haldin var í Háskólanum í Reykjavík í nóvember 2014 og var gerður sjónvarpsþáttur um hana sem sýndur var í RÚV miðvikudaginn 25.mars. Boxið er skemmtilegur vettvangur fyrir framhaldsskólanema til að reyna á hug- og verkvit af ýmsum toga. Liði FSu gekk vel í keppninni og hlaut m.a. tvenn verðlaun, annars vegar fyrir góða hönnun á pappabát í þraut á vegum Odda og hins vegar verðlaun frá Kjarnafæði fyrir frábæra liðsheild, samvinnu og jákvæðni. Lið FSu skipuðu þau Aðalbjörg Ýr Sigurbergsdóttir, Erlendur Ágúst Stefánsson, Halldóra Íris Magnúsdóttir, Magnús Ágúst Magnússon og Sverrir Heiðar Davíðsson. Umsjón með liðinu hafði Ágústa Ragnarsdóttir.

Árshátíð

Fimmtudaginn 5.febrúar héldu nemendur árshátíð sína í Hvíta Húsinu. Steindi og Auðunn Blöndal voru veislustjórar og plötusnúðurinn Klaas kom frá Danmörku til að sjá um danstónlistina.

Kátir dagar

Miðvikudaginn 25. febrúar hófust Kátir dagar í FSu. Þá var hefðbundið skólastarf brotið upp og nemendum gafst tækifæri til að kynna sér allskyns fróðleg og spennandi verkefni, þrautir og fyrirlestra. Að þessu sinni fengu nemendur vegabréf sem þeir þurftu að framvísa inn á viðburðina og fá stimpil til að fá mætingu gilda. Undirbúningur hefur verið á herðum Kátu daga nefndar sem skipuð er bæði nemendum og kennurum.

Flóafár

Liðið Minions (litlu gullu kallarnir úr teiknimyndinni Despicable Me) sigraði hið árvissa Flóafár sem fór fram föstudaginn 27.febrúar. Í Flóafári keppa lið undir stjórn nemenda í þrautum sem starfsmenn skólans útbúa. Keppt er um stig fyrir þrautarlausnir og að klára á góðum tíma. Skólinn allur er undirlagður, hver krókur og kimi notaður og mikill metnaður hjá öllum liðum að vera með flottan heildarsvip, útbúa sitt svæði, halda góðum liðsanda, semja skemmtiatriði og skipuleggja sig vel. Fimm lið tóku þátt að þessu sinni, hvert með sinn einstaka stíl, Minions, Soldiers, Rave, Skrímsli og Tomorrowland. Sem fyrr sagði sigraði lið Minions, en í 2. sæti varð liðið Soldiers. Veittar voru sérstakar viðurkenningar fyrir ákveðin atriði: Lið Minions sigraði í borðalagningu, viðurkenningar fyrir besta herópið, besta svæðið, bestu búningana og besta skemmtiatriðið fékk lið Soldiers.

Starfamessa í FSu

Starfamessa var haldin fimmtudaginn 19.mars í skólanum. Samband sunnlenskra sveitafélaga og Atorka, Félag atvinnugreina á Suðurlandi, ásamt grunn- og framhaldsskólum á Suðurlandi stóðu að kynningu á starfsgreinum og einstökum fyrirtækjum. Til kynningarinnar var boðið nemendum 9. og 10. bekkjar grunnskóla, auk nema FSu og annara framhaldsskóla svæðisins.

Háskóladagurinn í FSu

Háskóladagurinn var haldinn miðvikudaginn 18.mars. Þar kynntu sjö háskólar námsframboð sitt.

Vísnaðkvöld og tónleikar kórs FSu

Kór FSu hélt vísnaðkvöld í sal skólans fimmtudaginn 12.mars. Þá hélt kórinn einnig vortónleika í Selfosskirkju laugardaginn 28.mars.

Háskólalestin

Ari Ólafsson, dósent við Raunvísindadeild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði kom ásamt nemendum úr HÍ miðvikudaginn 15. apríl. Þau settu upp sýnitilraunir í eðlisfræði og gafst festum tækifæri á að prófa og undrast.

Syngjandi skjaldbökur

Fimmtudaginn 30. apríl fylltist skólinn af syngjandi grænum og gulum skjaldbököm. Þar voru á ferð dimmitantar vorannar. Skjaldbökörnar stigu dans og sungu fyrir nemendum og starfsfólk. Því næst gæddu þeir sér á kjötsúpu með starfsfólki áður en þeir héldu út í óvissuferð.

Þakkir fyrir vel unnin störf

Á brautskráningu á haustönn voru tveir starfsmenn kvaddir og heiðraðir. Kristín Sigurmarsdóttir og Ingi Stefán Ingason. Skólameistari og aðstoðarskólameistari afhentu þeim bókagjöf við þetta tækifæri. Kristín var textílkennari við skólann frá árinu 1989, en hafði áður kennt frá árinu 1972. Ingi hóf störf við skólann skömmu áður en hann var settur í fyrsta sinn, haustið 1981. Hann kenndi aðallega þýsku ásamt því að vera kennslustjóri á Litla-Hrauni, og síðar á Bitru og Sogni, frá árinu 1986.

Á brautskráningu í vor voru óvenju margir starfsmenn kvaddir og heiðraðir við starfslok. Frumkvöðlar sem starfað hafa við skólann nánast frá stofnun hans hafa látið nú af störfum. Þessir starfsmenn hafa mótað skólann, menningu hans og hefðir. Skólameistari og aðstoðarskólameistari afhentu starfsmönnum bókagjöf við þetta tækifæri. Þeir sem heiðraðir voru eru: Erlingur Brynjólfsson, kennari í sögu, hann hefur starfað við skólann í 30 ár. Eyvindur Bjarnason, kennari í stærðfræði og náms- og starfsráðgjafi hér áður, hann hefur starfað við skólann í 19 ár. Guðrún Þorsteinsdóttir matráður og ræstitæknir, hún hefur starfað við skólann í 31 ár. Hulda Finnlaugsdóttir, sérkennari á starfsbraut, sem hefur starfað við skólann í 9 ár. Hörður Ásgeirsson, sérkennari og kennslustjóri á starfsbraut, en hann hefur starfað við skólann í 22 ár. Margrét Stefánsdóttir, hússtjórnarkennari sem hefur starfað við skólann í 16 ár. Ragnheiður Ísaksdóttir, námsferilstjóri, sem hefur 32 ára starfsferil að baki við skólann. Vera Valgarðsdóttir, kennari í frönsku og lífsleikni sem starfaði við skólann í 29 ár. Þorvaldur Guðmundsson, vélstjóri og kennari í málmiðngreinum, hann hefur starfað við skólann frá upphafi eða í 34 ár.

Fjölbrautaskóli Suðurlands óskar þeim öllum alls hins besta í framtíðinni með þökkum fyrir frábært starf.

2 Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra

2.1 Svið: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni

Sviðsstjóri: Sigursveinn Már Sigurðsson

2.1.1 Enska

Kennslustjóri: Kristjana Hrund Bárðardóttir

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Guðfinna Gunnarsdóttir	ens s-hópur	ens s-hópur
	ens403	ens403
	ens333	
Helgi Þorvaldsson	ens102	ens102
	ens303	ens303
	Sogn	Sogn
Kristín Runólfsdóttir	Námsleyfi	Námsleyfi
Kristjana Hrund Bárðardóttir	ens s-hópur	ens s-hópur
	ensU93	ens202
	ens102	ens212
	ens202	ens403
Paola Daziani	ens212	ens212
	ens303	ens303
		ens423

Sveinn E Magnússon	ens103	ens202
	ens203	ens203
	Litla-Hraun	Litla-Hraun
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	ens303	
Ægir Pétur Ellertsson	ens103 dagsk. og grunnsk.	ens203 dagsk. og grunnsk.
	ens503	ens503

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Það var eitthvað um nýjungar í kennsluháttum í enskudeildinni þetta skólaárið. Við fengum kanadíska kennaranema sem komu inn í kennslu í flestum hópum enskunnar. Það var mjög upplýfgandi og fróðlegt. Gott fyrir nemendur sem voru mjög ánægðir með þessa tilbreytingu. Kennaranemarnir voru líka mjög ánægðir og brydduðu upp á allskonar nýjungum sem skemmtilegt var að fylgjast með. Í ENS212 voru kennslubækur lagðar á hilluna og gerðar tilraunir með að leyfa nemendum að læra í gegnum sín áhugamál. Þetta gekk vel og þarf að halda áfram að þróa. Á vorönn gerði Paola tilraun í ENS303 sem gerði nemendum kleift að skipuleggja námið sitt sjálfir, þau þurftu að mæta 1x í viku en fengu dreifnám í hina tvo tímana. Þetta kom vel út hjá þeim sem eru ábyrgir og hjá nemendum sem þurfa meiri aðstoð og „týna sér“ í hópi.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Lokapróf var í öllum enskuáföngum upp að 403, fyrir utan U93 og 202. Í 403 áföngum og þar fyrir ofan, ásamt ens333, var símat alla önnina. Í flestum tilfellum gildi lokaprófið 50% á móti 50% annareinkunn, sem saman stendur af símati annarinnar. Símatið gengur ágætlega upp svo framarlega sem nemendur sinna sínu.

Bent er á að halda lokaprófum í nýju kerfi, þar sem það er áreiðanlegasti mælikvarði á raunverulega getu nemenda, sérstaklega ef fleiri en einn kennari eru með áfangann. (ekki eru allir enskukennarar sammála þarna 😊) Blanda af símati og lokaprófum hefur gefist vel.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Guðfinna sótti leiklistarnámskeið. Kristín lærði fullt í námsleyfinu. Kristjana sótti námskeið hjá STÍL um mat á munnlegum prófum í tengslum við evrópsku tungumálamöppuna. Paola sótti fyrirlestur um vendinám hjá Keili.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Helstu breytingar á námsgögnum voru að Total English, í 102, 202, 103 og 203, var lögð á hilluna og New Headway 4th edition tekin í notkun í staðinn. Ekki eru allir kennarar deildarinnar sammála um notkun kennslubóka og þá hvaða kennslubóka, en allar breytingar eru gerðar í samráði og góðri sátt ☺ Í 403 komu inn kvikmyndir og ný skáldsaga (The Breakfastclub, The Perks of Being a Wallflower og Rita Hayworth and Shawshank Redemption) Einnig voru einhverjar tilfærslur á skáldsögum í öðrum áföngum ásamt alveg nýju námsefni í 212 (sem var að mestu leyti búið til af kennurum eða af netinu) Gáfust þessar breytingar vel og þeim haldið áfram næsta skólaár.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Lagt er til að nýju þemaáfangarnir á 3. þrepi sem kenndir verða á næstu haustönn verði saman í stokkum í töflu svo nemendur geti á fyrstu tveimur vikunum skipt um áfanga eftir áhugasviði. Ástæðan er sú að ekki lá ljóst fyrir hvaða efnistök yrðu í þessum áföngum þegar val stóð yfir nú í vor.

Hugmynd: að kennarar haldi leiðarþók um starfið sitt og kennsluna sína á næsta ári sem hægt væri að búa til samantekt úr og skoða í ljósi þess hversu miklar breytingar munu eiga sér stað í kennslunni á næstunni.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Við bíðum enn eftir að skólinn fjárfesti í hugbúnaði sem skoðar hvort um ritstuld sé að ræða í verkefnum nemenda.

Annað

Þökkum samstarfið á líðandi skólaári og vonum að það verði farsælt á komandi skólaári ☺

Kristjana Hrund Bárðardóttir.

2.1.2 Íslenska

Kennslustjóri: Gísli Skúlason

Inngangur

Hér fer á eftir skýrsla íslenskudeildar FSu skólaárið 2014-2015. Í heildina má segja að ekki hafi orðið stórar breytingar nú frá fyrri árum, en á móti kemur að í vetur voru lögð drög að róttækri uppstokkun í deildinni, svo róttækri að vakið hefur athygli, undrun og jafnvel óttablandna virðingu utan veggja skólans. Meira um það síðar.

Kennsluskipting skólaárið 2014-2015

Nafn kennara:	Áfangar	Áfangar
	Hautönn	Vorönn
Bryndís Guðjónsdóttir	202	202
	503	503
Elín Una Jónsdóttir	ÍSA	ÍSA
	S-hópur	S-hópur
	212	
Gísli Skúlason	103	202
	503	343
Guðbjörg Grímsdóttir	U93	S-hópur
	102	202
	103	303
	303	
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir	203	203
	212	
	102	102
	303	303
Gylfi Þorkelsson	303	403
	403	

Katrín Tryggvadóttir	102	102
	403	212
	663	403
Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir		403
Rósa Marta Guðnadóttir	303	503
	S-hópur	S-hópur

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Brýndís: Ísl 503 – vor - Ég bauð nemendum upp á að skila túlkun sinni og upplifunum, á ljóðum og bókmenntatextum, í myndrænu formi. Þetta „nýja í kennsluháttum“ tókst þokkalega en mér fannst vera svolítill þreyta hjá sumum nemendum. Þeir töldu að svona stuttmyndagerð og vinna við kvikmyndir tæki orðið of mikinn tíma í mörgum fögum frá því sem að máli skipti í náminu. Mér fannst athyglivert ef það er raunin, að ef við bjóðum upp á það sem við teljum eitthvað nýtt sé það ofnotað á kostnað innihaldsins.

Elín Una: Ég kenndi einn hóp í ÍSL212. Áfanginn var kenndur með svipuðu sniði og undanfarin misseri. Þá var dregið úr vægi hljóðbreytinga og málsögu í áfanganum en meiri áhersla lögð á Snorra-Eddu. Ekki var mikið um nýbreytni. Áfanginn gekk vel.

Gísli: Á vorönn reyndi ég að vekja áhuga nemenda í 202 með því að láta þá skrifa um áhugamál sín í ritunarlotum í byrjun og lok áfangans. Þetta gerði ég vegna þess að í byrjun virtist áhugi á námi vera afar takmarkaður. Í stuttu máli tókst þetta heldur illa í heildina en einstakir nemendur tóku ágætlega við sér. Árangur í áfanganum varð þó slakur og fall mikið. Þessi nálgun er þrátt fyrir það ekki endilega dauðadæmd, en þarf líklega meiri stýringu en beitt var á liðinni önn þar sem reynt var að höfða til ábyrgðar nemenda. Í 103 lét ég nemendur stofna bloggsíður fyrir ritunarverkefni sín og gefst það vel að mínu mati. Þetta form og opinber birting veitir töluvert aðhald og hvetur börnin til að vanda sig. Er ætlunin að nota þessa aðferð í öðrum áfanga á næstu önn.

Guðbjörg Gríms: Hef haft í vetur sem markmið að láta nemendur tjá sig meira munnlega en áður. Hef brotið upp verkefni meira en áður með það í huga. Hef þá haft sem markmið að vera ekki með svona „ræðumennsku“ í púlti þó hún sé góð og gild heldur víkka huga nemenda í umræðum og venjast því að tjá sig um einföldustu atriði. Finnst þetta vera jákvætt. Bæði það að margir nemendur hafa tekið framförum, en líka það að þetta finnst nemendum jákvætt og oft á tíðum hreinlega skemmtilegt. Mun halda þessari þróun áfram.

Guðbjörg Dóra: Lítið var um nýjungar í kennsluháttum á haustönn en á vorönn var ég með nokkrar nýjungar.

Hjá hópnum í ísl 102 ákvað ég að taka viðtöl við nemendur og ræða við þá um námið, gang námsins, vinnubrögð og einkunnir. Þá settu nemendur sér viðmiðunartölu sem þeir töldu að þeir gætu haldið út önnina. Ekki eru neinar vísindalegar mælingar á því hvort þetta hafði mikil áhrif en eitt er víst að ég kynntist nemendum mun betur en ég hefði annars gert. Af þeim nemendum sem ekki hættu fljótlega í byrjun annar náðu allir nema einn nemandi sem hætti að mæta áður en önnin var liðin.

Í íslensku 203 jók ég vægi heimildaritunar, sérstaklega á vorönninni. Nemendur skrifuðu tvær styttri ritanir og eina ritgerð. Þetta var keyrt áfram nokkuð hratt og þegar komið var að ritgerðinni höfðu nemendur lært það vel hugtök sem notuð eru um heimildaritanir að umræðan varð með öðru sniði en áður.

Í ísl 303 gerðum við Guðbjörg Grímsdóttir verkefni og hugleiðingar fyrir nemendur sem mörgum þótti gott að nýta sér. Í þessum áfanga fengu þeir nemendur að sleppa prófi sem náðu 8,5 í annareinkunn.

Gylfi: Engar sérstakar nýjungar. Megináhersla á verkefnamiðað nám, hóp- og einstaklingsverkefni.

Tveir áfangar, fjórir hópar. Samtals 97 nemendur voru á skrá í Innu til loka annanna. Árangurinn var upp og niður, fallið rúm 20%, í samræmi við brottfallstölur í framhaldsskólakerfinu, en minna hjá þeim sem mættu í próf. Miðað við upphaflega skráningu í áfangana er brottfallið þó eitthvað hærra, því nokkrir nemendur hættu og voru skráðir úr hópnum í Innu einhvers staðar „á leiðinni“. Eftirfarandi tafla gefur hugmyndir um námsárangur:

Áfangi	ÍSL303-1:H	ÍSL303-4:H	ÍSL403-1:H	ÍSL403-4:V
Nemendur	25	22	24	26
Próftakar	23 (92%)	21 (95%)	23 (96%)	22 (80%)
Fallnir	5 (20%)	5 (23%)	5(21%)	7 (27%)
Fallnir próft.	3 (13%)	4 (19%)	4 (17%)	3 (14%)
Annareink.	5,97	5,53	5,87	5,1
Prófseink.	5,49	5,37	5,19	4,6
Lokaeink.	5,73	5,4	5,55	4,8

Ragnhildur: Íslenska 403 – einstaklingsviðtöl þegar prófúrlausnum var skilað. Reyndist vel og var gott að geta farið yfir úrlausnir prófa maður á mann. Hins vegar var þetta tímafrekt og ekki náðist að fara yfir öll próf annarinnar á þennan hátt, því miður.

Rósa Marta: Ég hef lagt mikla áherslu á sjálfstæð vinnubrögð hjá nemendum þessa önn. Við höfum fjallað um námsefnið með samræðum og ýmsum skapandi verkefnum.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat hefur alfarið verið notað í neðri áföngum, 102, 103 og 202, svo og í valáföngum, en lokapróf í 203, 212, 303, 403 og 503 þó í þeim áföngum sé algengt að verkefni vegi allt að 50% af lokaeinkunn. Í 203, 212 og 503 hafa nemendur sloppið við lokapróf ef þeir náðu 8 í vetrareinkunn, sem hefur yfirleitt virkað sem ágætis hvatning fyrir þá sem átt hafa möguleika á slíku.

Námsmatsaðferðir er valdar eftir því sem best þykir henta viðfangsefnum í hverjum áfanga. Ekki verður séð að kröfur séu minni þar sem símatið er ráðandi, því allmikið fall er í þeim áföngum og ekki minna en í áföngum með lokapróf.

Með nýrri námskrá verða miklar breytingar á áföngum í íslensku. Þar virðist stefna í aukið símat og færri lokapróf, með þeim kostum og göllum sem því kunna að fylgja. Þar sem áður tekur námsmatið mið af innihaldi og áherslum áfanganna.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Bryndís: Haustönn – Námskeið hjá Endurmenntun -þrjú kvöld – Glæpasögur og glæpasagnagerð. Katrín Jakobsdóttir kenndi. Vorönn- Námskeið hjá Endurmenntun – þrjú kvöld - konur í bókmenntum – Katrín Jakobsdóttir kenndi.

Gísli: Sótti námskeið um fjármálalæsi 14.-15. ágúst á vegum Félags lífsleiknikennara og Endurmenntunar HÍ. Ég skráði mig á námskeið hjá Úlfi Björnssyni hér innanhúss um Moodle en það féll því miður niður vegna veikinda. Einnig sótti ég ráðstefnu á vegum PERL-samtakanna um sjálfbærni og ábyrgan lífsstíl 10.-11. mars í höfuðstöðvum UNESCO í París. Þá sit ég í valnefnd fyrir Barnabókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og sótti fund í Helsinki þar sem norska sagan Brune varð fyrir valinu sem besta barnabókin á Norðurlöndunum. Allt það valferli er á við gott námskeið í barnabókmenntum.

Guðbjörg Gríms: Fór á námskeið í Helsinki í september. Námskeiðið fjallaði um hvernig hægt væri að vera með skapandi kennsluaðferðir í öllum greinum.

Guðbjörg Dóra: Ég fór á námskeið í ritun sem kallaðist 6 víddir ritunar. Námskeiðið var haldið á vegum kennara sem kenna íslensku fyrir útlendinga. Námskeiðið var þó fyrir alla kennara frá grunnskóla til framhaldsskóla. Einnig sótti ég stutt námskeið hjá Úlfi í skólanum okkar um Moodle og leiðir sem kennari getur nýtt sér þar.

Rósa Marta: Sótti námskeið í skapandi skólastarfi á vegum Nordspåk í Helsingi sept. 2014. Sótti ráðstefnu DKG á Ísafirði vor 2014 um tækninotkun í skólastarfi.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Í íslensku 102 voru sett saman ný hefti. Heftið sem notað var á haustönninni var betur úr garði gert enda meiri tími á vorin til vinnu fyrir næstu önn. Heftin eru mjög skipulögð og ef nemendur vilja vinna sjálfstætt þá geta þeir gert það.

Í íslensku 202 var Harðskafi eftir Arnald lesinn í fyrsta sinn. Gafst bókin nokkuð vel, en náði þó ekki að vekja áhuga þeirra sem ekki voru komnir á áfangann til náms.

Í íslensku 403 er alltaf skipt um skáldverk og helst aldrei kennd sömu skáldverkin önn eftir önn. Á haustönninni voru það Piltur og stúlka og Tilhugalíf en á vorönninni Upp við fossa og Skugga-Sveinn. Eins er með ljóðin, önnur ljóð eru lesin á haustönn en vorönn.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Guðbjörg Gríms: Hér er nú kannski erfitt að skrifa þar sem svo margar breytingar liggja í loftinu. Líst vel á að prófa annað stokkakerfi. Margir kostir við að hafa tímann 55 mínútur eins og síðasta tillaga gerði ráð fyrir. Allavega gott að prófa eitthvað nýtt.

Finnst mikilvægt að kenna áfanga á mismunandi þrepum. Hef verið lánsöm að fá að kenna áfanga með ólíkum númerum og finnst það afar gefandi. Óska þess að fá áfram ólíka samsetningu áfanga. Finnst það vera styrkur að kenna helst á öllum þrepum.

Katrín: Næsta skólaár verður erfitt. Kennsluskipting liggur ekki fyrir og komið fram í miðjan maí. Það er erfitt að undirbúa áfanga og vita ekkert hver kennir hann. Það sem einn kennari setur á blað og finnst góð áætlun og ágætt skipulag finnst öðrum kennara kannski ekki henta sér. Undirbúningur er því í lausu lofti.

Ragnhildur: Vinna að þróun áfangans 403 inn í nýjan. Slíta skipulagið úr samhengi bókmenntasögunnar og velja heldur einstaka „þræði“ bókmenntasögunnar og vinna með; t.d. Eggert Ólafsson, upplýsingin, skáldskapur hans, örlög hans og atgeir Gunnars og ljóð Matthíasar Jochumssonar um dauða hans og þá er hægt að halda áfram og kynna sér Matthías. Vinna með skáld, skáldskap, stefnur og strauma hvers tíma og tengja á þennan hátt hin ólíku tímabil, skáld og verk. Vel er hægt að úbúa allmarga spennandi þræði, keðjur eða hvað sem við köllum þetta.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Gísli: Margir nýir áfangar verða kenndir í íslensku næsta vetur. Sumir eru þess eðlis að engar námsbækur eru fáanlegar. Skipuleggja þarf áfangana og kennsluna, finna lesefni, semja verkefni og koma öllu í vinnuham. Ekki virðist vera gert ráð fyrir miklum tíma til að undirbúa þessar breytingar í starfsáætlun skólans. Kennarar munu því þurfa að leggja á sig ómælda

vinnu sem ekki verður metin né borguð sérstaklega. Ef skólayfirvöld geta liðkað fyrir þeirri vinnu á einhvern hátt væri það vel þegið. Þetta mætti til dæmis gera með því að halda í lágmarki þeim störfum sem hlaðið er á kennara utan kennslunnar eða til hliðar við hana, og gefa sem mest svigrúm fyrir samráð í deildum næsta vetur.

Guðbjörg Gríms: Úff, mér dettur bara ekkert í hug. Jú, eitt sem mér þætti gaman. Það er að vera með vinnusvæði sem yrði opnara (en básarnir). Stórt borð (eða nokkur minni) þar sem hægt væri að vinna saman. Það er nóg að eiga smá hillupláss einhvers staðar fyrir dótið sitt. Bara pæling.

Guðbjörg Dóra: Nauðsynlegt er að fá námskeið í að nýta sér moodle ennþá betur en nú er. Einnig væri mjög gott að fá námskeið í ýmsum nýjungum sem kennarar gætu nýtt sér í kennslu og námsmati

Katrín: Skipulag er ekki nóg ljóst. Það kerfi sem kennarar fara eftir núna riðlast. Áfangar verða jafngildir en byggja ekki hver á öðrum. Nemendur geta valið áfanga á ákveðnu þrepi en taka ekki áfanga í ákveðinni röð. Það er því ekki hægt nema að litlu leyti að byggja á því sem áður er komið.

„Gamlir hraðferðarnemendur“ fara inn á annað þrep og taka flestir tvo áfanga. „Gamlir hægferðarnemendur“ fara inn á fyrsta þrep og sumir taka þar aðeins einn áfanga, ef þeir ná 6,5 og eru hækkaðir upp í 7. Er það nóg? Eru nemendurnir orðnir það færir að þeir eigi erindi upp á annað þrep eftir eina önn? Standa þeir jafnfætis þeim nemendum sem luku grunnskóla með 7 í einkunn? Hvernig verður útkoman hjá þeim? Verða annars þreps áfangar sniðnir að þörfum þeirra? Þarf ekki nemandi sem hefði farið inn í „gömlu hægferðina“ að dvelja lengur á fyrsta þrepi til að ná upp færni til að vinna á öðru þrepi? Í „gamla kerfinu“ tóku „gamlir hægferðarnemendur“ þrjá áfanga (102-202-212) áður en þeir náðu „gömlum hraðferðarnemendum“. Verða fyrsta þreps nemendur að hausti svona mikið færari en þeir sem komu inn í fjölbraut síðasta haust?

Ég hef áhyggjur af „hægferðarnemendum“. Hver deild í skólanum er með sína útgáfu að nýrri áfangaskipan. Ekkert samræmi er innan skólans. Það vantar heildarsýnina.

Ragnhildur: Hvatt til námsferða af ýmsu tagi.

Rósa Marta: Gott væri að fá mismunandi ílát á Bollastaði til að flokka sorp á skynsamlegan hátt. Nú ægir öllu saman í þessu litla fyrirbæri sem þar er.

Gott væri að **allir** ynnu saman að því að bæta skólastarfið og skólabraginn.

Það þarf að vinna að því að bæta starfsandann, hann hefur mikið breyst undanfarið til verri vegar.

Annað

Gísli: Mikil orka fór í námskrárvinnu í íslenskudeildinni á liðnum vetri og fyrirsjáanlegt að vinnuálag verður óvenjumikið næsta vetur þegar móta þarf og frumvinna marga áfanga. En þetta eru að ýmsu leyti spennandi tímar og fróðlegt að sjá hvort breytt námsskipan hefur bætandi áhrif á nám og skólastarf.

Guðbjörg Dóra: Mikið álag var á mér í vetur þar sem á báðum önnum var ég með 5 hópa og á haustönninni einnig nýtt fag. Þá var álag vegna þess að ótrúlega margir nemendur mættu illa og sinntu náminu illa, bæði vegna veikinda, utanlandsferða, ýmissa ferðalaga á vegum skóla, sjúkraþjálfunar, bílatíma og ýmissa annarra atriða. Sérstaklega var þetta áberandi í ísl 303 en sást þó í öllum fögum. Algengt var líka að sjá vottorð, opin jafnt sem önnur. Þegar nemendur mæta svona illa getur verið erfitt að sýna nemendum próf sem þeir hafa tekið nema að semja sífellt ný fyrir þá sem skila sér of seint í próf. Margir nemendur voru með greiningar og þurftu að fá ýmis sér úrræði, s.s. að fá að taka próf annars staðar, sérstaka meðhöndlun vegna kvíðaraskana og fleiri atriða og bréfaskriftir í netpósti um ýmis atriði svo eitthvað sé nefnt. b) Í vetur var mikil vinna lögð í að búa til nýja áfanga og hugsa upp nýtt kerfi. Það er eitthvað sem ekki er hrist fram úr erminni. Við unnum þetta í sjálfböðavinnu sem er ekki sjálfgefið að við gerum. En áhugi minn á að endurskoða kerfið er mikill og ég tel að við munum græða á vinnunni. Ég útbjó t.d. málarsáfangar á 2. þrepi og heilmikið námsefni honum tengt. Einnig kom ég að vinnu við að skipuleggja fleiri áfanga.

Þær breytingar sem verða á skólastarfi við tilkomu nýrrar námskrár finnst mér spennandi og jafnframt ögrandi. Ég tel að þær muni leiða til þess að við skoðum betur ýmislegt í kennslu og kennsluháttum. Tölvubreytingar í skólanum tel ég ágætar. Ég tel enga eftirsjá í að sleppa tölvuvögnunum enda hafa tölvurnar í þeim verið afar lélegar lengi og ég löngu búin að gefast upp á að nota þær. Flestir nemendur segjast eiga tölvur sem þeir geta komið með ef við viljum að þeir noti þær í tímum

Katrín: Ég hef áhyggjur af tölvumálum. Mér finnst afturför í því að tölvuþjónusta sé skert. Það þarf að vera öflug og góð þjónusta sem kennarar og nemendur geta nýtt sér. Tölvukunnáttu þarf að efla. Nokkrar tölvur inni á bókasafni duga ekki. Ef á að nota tölvur í kennslu þá þurfa að vera tölvuvagnar sem hægt er að nota til að fylla í skörðin þannig að allir nemendur hafi vinnutæki. Sálfræðiaðstoð þarf einnig að efla.

Rósa Marta: Leggja áherslu á **sjálfbærni** og **lýðræði** svo og aðra grunnþætti í nýrri námskrá á öllum sviðum innan skólans. Gera þarf skýr mörk varðandi námið þannig að nemendur viti til hvers er ætlast af þeim, það er allur gangur á því sem hefur í för með sér að sumir nemendur telja að þeir geti tekið próf og skilað verkefnum þegar þeim sýnist.

Selfossi 26. maí 2015,

Gísli Skúlason.

2.1.3 Íslenska sem annað mál (ÍSA)

Fagstjóri: Elín Una Jónsdóttir

Nafn kennara:	Áfangi/ar
	haustönn og vorönn
Elín Una Jónsdóttir	ÍSA-A-B924/103-503
Hrefna Clausen	ÍSA-A-B924/103-503
Hannes Stefánsson	ÍSA-A-B924/103-503

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

-Allir nemendur í ÍSU þ.m.t. ÍSUA og ÍSUB (skiptinemar og styttra komnir) voru saman í kennslustundum. Ókostirnir voru þeir að breiddin í getu nemenda jókst og því í raun kennslan oftast tvískipt, þ.e. Hannes kenndi ÍSUA og ÍSUB inni í stofunni. Þó þarf að nefna að sumir nemendur í byrjunarhópunum stóðu sig svo vel að þeir gátu tekið þátt í námi með lengra komnum og nutu því góðs af því að vera staðsettir í sömu stofu.

-Ísland í gamla daga (landnám, goðafræði, þjóðsögur, híbýli) var þema haustannar. Nemendur lásu texta sem tengdust efninu og unnu verkefni. Þá var Gamli bærinn í Austur-Meðalholtum heimsóttur á haustönn. Þar fengu nemendur ítarlega og góða fræðslu. Nemendur voru mjög ánægðir með ferðina og virtist hún auka samheldni innan hópsins.

-Landafræði Íslands var þema vorannarinnar. Flest verkefni sem lögð voru fyrir tengdust þemanu. Þemavinnan gekk vel, sérstaklega verkefni um hringferð í kringum landið. Þar áttu nemendur að semja ferðasögu og ímynda sér að þeir væru á ferðalagi hringinn í kringum landið. Nemendur heimsóttu upplýsingamiðstöð Árborgar með kennurum, fengu stutta fræðslu frá starfsfólki miðstöðvarinnar og studdust við handbækur og bæklinga sem þeir fengu þar.

-Þar sem ferðin í Austur-Meðalholt gekk svo vel var ákveðið að fara í aðra ferð á vorönn. Nemendur fóru ásamt kennurum og heimsóttu Elínu Unu í Hruna í Hrunamannahreppi. Þar fengu nemendur kynningu á kirkjustaðnum, lásu þjóðsöguna um dansinn í Hruna, skoðuðu kirkjuna með sóknarpresti, litu á útihús og bústofn og stungu hendinni í Hrunalaug. Nemendur mættu ekki nógu vel í ferðina en þeir sem mættu nutu hennar.

-Á haustönn var sú nýjung viðhöfð að bregða á leik í föstudagstímunum. Farið var t.d. í orðaleiki, ýmiskonar námsspil og spurningakeppni. Þessir tímar gengu mjög vel og myndaðist góð stemning í hópnum. Á vorönn gafst minni tími fyrir leiki sem var miður.

-Í skýrslu fyrra árs var lagt til að taka málfræðikennsluna fastari tökum. Það var gert og mæltist vel fyrir hjá nemendum.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Miðannarpróf voru lögð fyrir á báðum önnum. Nemendur skiluðu ekki möppum á vorönn en kennarar fóru yfir verkefni þeirra jafnt og þétt og gáfu einkunnir. Þetta námsmat hefur þann kost að utanumhaldið er þéttara en með möppufyrirkomulagi. Lokapróf gildi 50% á móti annareinkunn. Annareinkunn nemenda byggðist á miðannarprófi, verkefnavinnu, vinnu og flutningi á lokaverkefni og samtölum við nemendur. Kennarar eru sammála um að þessi hlutföll í námsmati eigi vel við áfangana og sé góð aðferð til að meta vinnu og árangur nemenda.

Þar sem kennslan er einstaklingsmiðuð í ÍSU og kennsluhættir og verkefni eins fjölbreytt og raun ber vitni er ákveðin hættu á að námsmat geti orðið ónákvæmt og of huglægt. Því er nauðsynlegt að halda vel utan um námsmat nemenda, gera ríkar kröfur um vinnu og framfarir og leggja metnaðarfullt próf fyrir í lokin. Kennarar meta stöðuna þannig að nokkuð vel hafi tekist til í þeim efnum á þessu skólaári en þó má alltaf gera betur.

Kennarar voru þó ekki nógu ánægðir með vinnu og nám allra nemenda við vorannarlök. Nemendur flosnuðu nokkuð upp frá náminu en fjórir nemendur hættu á önninni (einn hefur skráð sig ítrekað og hætt á fyrstu vikum undanfarin misseri, annar flosnaði upp eftir að hafa verið í starfsnámi og misst af nokkrum vikum í íslenskunni vegna þess, sá þriðji einfaldlega flosnaði upp frá náminu og sá fjórði flutti af svæðinu). Þá voru kennarar ekki nógu ánægðir með vinnu og metnað nemenda við lokaverkefnið.

Nemendur virðast hafa tileinkað sér þá hugsun að ÍSU-námið eigi að vera „létt“. Það er umhugsunarefni og þörf á að skoða það mál vel á næstu önn.

Skiptinemarnir sem voru tveir í vetur stóðu sig afskaplega vel í náminu. Eftir einn vetur má segja að þeir hafi staðið jafnfætis mörgum sem búið hafa hér á landi í mörg ár. Hér voru á ferðinni hörkunámsmenn. Þessi metnaður smitaðist í hópinn og hafði mjög góð áhrif á aðra nemendur.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Sjá skýrslur annarra deilda þar sem námskeið eru tíunduð fyrir einstaka kennara.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Engar „sérstakar“ kennslubækur eru lagðar til grundvallar í ÍSU 193-503. Frumsamið efni frá kennurum og ýmsir textar er grunnurinn en auk þess var stuðst við eftirfarandi:

Íslenska fyrir alla (tungumalatorg.is)

Learning Icelandic

Helgi skoðar heiminn

Grein um þrekraun Guðlaugs Þórs úr bókinni Ísland í aldanna rás

Fjölbreytt efni af netinu/bókasafni um landið

Bæklingar og handbækur um Ísland

Kjörbók á haustönn

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Það myndi auðvelda starfið ef kennarar hefðu tíma til að „búa til“ og undirbúa áfangana fyrirfram, annað hvort að vori eða hausti. Þannig að þema, efni, kennsluáætlun og verkefni lægju fyrir í upphafi annar þó svo að alltaf sé hægt að breyta og bæta á leiðinni. Þessa vinnu er nauðsynlegt að vinna fyrir upphaf næsta veturs.

Lagt er til að taka málfræðina enn fastari tökum og hafa meiri samfellu í málfræðikennslunni. Í þeim tilgangi þyrfti að athuga vel hvaða bækur nemendur þurfa að kaupa í byrjun annar til þess að halda utan um málfræðináms sitt á markvissari hátt.

-Í skýrslu fyrra árs var lagt til að taka málfræðikennsluna fastari tökum. Það var gert að einhverju leyti og mæltist vel fyrir hjá nemendum.

Lagt er til að fjölga stuttum ritunarverkefnum hjá nemendum. T.d. skrifa út frá myndum eða myndasögum o.s.frv. Kennari þyrfti að gefa góða endurgjöf jafnóðum. Útdrættir úr textum eru líka góð námsaðferð.

Kennarar eru sammála um að nemendur eigi margir erfitt með að vinna sjálfstætt og kasta ítrekað til höndum. Þeir virðast einnig kjósa að fá efnið í formi eyðufyllinga. Þetta er miður og stuðlar ekki að sjálfstæðri og skapandi hugsun. Þó er lagt til að reyna að koma til móts við nemendur að þessu leyti og að lögð verði fleiri og styttri verkefni fyrir næsta vetur. Nauðsynlegt er að endurskoða og minnka umfang lokaverkefnis.

Í síðustu skýrslu var lagt til að lögð yrði fyrir nemendur könnun á mati þeirra á áfanganum. Það var gert á haustönn og kom könnunin afar vel út. Lagt er til að slík könnun verði lögð fyrir á vorönn næsta vetur og á hverju vori eftirleiðis.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Fyrir tvo kennara með 15-20 nemendur í 6 áföngum og nemendur sem eru á jafn mörgum getustigum og þeir eru margir, verður utnumhald og kennsla viðamikil starf. Kennslumagn í íslensku fyrir útlendinga hefur verið skorið niður sem hefur komið niður á gæðum kennslunnar. Byrjendahópur (ÍSAA og ÍSAB) var sameinaður hinum hópunum og um leið var skorið niður í kennarahópnum. Þessi sameining gekk ágætlega af því byrjendahópurinn var mjög fámennur og jafnframt duglegur. Ef fjölgar í hópunum er hins vegar nauðsynlegt að fá aftur meira kennslumagn.

Annað

Komið hefur verið á sambandi milli kennslustjóra ísunnar annars vegar og námsráðgjafa og námsferilstjóra hins vegar hvað varðar mat á getu nemenda sem innritast í ísuna við upphaf skólagöngu. Kennari úr ísunni mun taka þátt í innritunarferlinu eins og áður.

Kennarar eru sammála um að góður andi hafi skapast í ÍSU-hópnum í vetur. Ferðirnar sem farnar voru stuðluðu að því.

Þegar áfanginn er útfærður og skipulagður er nauðsynlegt að taka tillit til getu hópsins sem er mjög breytilegur frá ári til árs. Lagt hefur verið upp með í nýrri námsskrá að ÍSA fari upp á þriðja stig en e.t.v. þarf að endurskoða það. Þetta er niðurstaða kennara eftir að árangur nemenda í vor kom í ljós.

2.1.4 Lífsleikni

Þessu skýrslukorni er ætlað að gefa upplýsingar um þá starfsemi sem fram hefur farið undir merkjum lífsleikni á skólaárinu, auk þess að innihalda nokkrar vangaveltur starfsmanna sem tengjast þessu viðfangsefni.

Kennsluskipting á árinu

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Ágústa Ragnarsdóttir	106	106
Bryndís Guðjónsdóttir	106	106
Gísli Skúlason	106	106
Guðbjörg Grímsdóttir		106
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir		106
Guðfinna Gunnarsdóttir		106
Kjartan Ólason	106	106
Málfríður Garðarsdóttir	106	
Ragnheiður Eiríksdóttir	106	106

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Nokkrir „nýr“ kennarar hafa kennt lífsleikni á skólaárinu og hafa komið með nokkrar nýjungar inn í starfið. Til dæmis hefur Ágústa Ragnarsdóttir kennt plakatagerð, Guðbjörg Helga nýtt Excel á nýjan hátt í fjármálaverkefnum og að í sumum hópum hefur Facebook verið notuð til samskipta og deilingar. Því miður hafa þessar nýjungar lítið runnið á milli hópanna. Í grunninn er lífsleiknin með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Meðal nýjunga sem reyndar voru má nefna að í sumum hópum voru viðtöl við nemendur í byrjun og lok annar. Þótti þessi aðferð gefast vel til að ná sambandi við nemendur, gera þá ábyrga og jafnframt að gefa þeim gott færi á að koma viðhorfum sínum á framfæri við kennarana.

Annað dæmi um nýjung var þegar fenginn var utanaðkomandi sérfræðingur til að meta verkefni sem flutt voru og tengdust skólamálum. Þá vildi svo til að ónefnd íþróttakademía við skólann hafði ákveðið námsferð án þess að láta vita af því svo nokkrir af starfshópunum voru óstarfhæfir. Því má segja að þessi tilraun hafi mistekist vegna utanaðkomandi ástæðna.

Námsþættir sem smám saman eru að fá aukið vægi eru sjálfbærni, jafnréttismál og fjármálalæsi. Eru kennarar að þreifa sig áfram með árangursrík verkefni og kennsluaðferðir í þessum efnum.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat hefur verið í lífsleikni frá upphafi og ekki útlit fyrir breytingar þar á. Námsmat mætti þó vera fjölbreyttara, svo og verkefnin sem lögð eru fyrir. Á næsta skólaári verða allmiklar breytingar fyrirsjáanlegar og þá gefst færi á að breyta og bæta í þessum efnum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Sjá skýrslur annarra deilda þar sem námskeið eru tíunduð fyrir einstaka kennara.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Engar eiginlegar kennslubækur eru í áfanganum en textar nýttir úr ýmsum áttum. Til dæmis um nýjungar var Kynungabók notuð í fyrsta sinn á árinu í jafnréttisfræðslu og gafst ágætlega. Þetta er efni á netinu sem inniheldur gagnlegar upplýsingar um stöðu jafnréttismála á Íslandi og vekur fólk til umhugsunar um eðli og ástæður kynjamisréttis.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Miklar breytingar eru fyrirsjáanlegar á lífsleikni sem öðrum greinum. Við þurfum tíma til að vinna að þeim, og ekki ljóst hvaðan sá tími á að koma.

Námstækni mun færast að hluta til í hinn nýja áfanga Braga svo þar munum við breyta áherslum. Mappan er minnkandi þáttur í áfanganum með aukinni tölvunotkun og færist líklega að mestu á tölvuform næsta vetur. Dagbókin hefur líka breyst, mismikið hjá einstökum kennurum þó, en flestir eru sammála um að einhvers konar aðhald þurfi svo viðfangsefnið festist eitthvað í minni barnanna. Sömuleiðis þurfum við að skoða og velja leiðir til að deila skjölum, bæði milli nemenda og kennara.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Nokkuð bar á því á þessu skólaári að kynjaskekkja væri á nemendahópum, þ.e. mun fleiri nemendur af öðru kyninu í hópum. Þetta er ekki æskilegt í lífsleikni þar sem afleiðingin er oft sú að þar sem strákar eru mun fleiri fá stúlkurnar ekki að njóta sín sem skyldi. Væri æskilegt ef töflugerðarfólk gæti haft þetta í huga framvegis.

Minnkandi aðgengi að skólatölvum gæti komið sér illa fyrir okkur í LKN þar sem við höfum nýtt tölvuvagnana töluvert. Þetta á reyndar við um ýmsar greinar í skólanum og nokkur óvissa um afleiðingarnar. Ef ekki tekst að fá nemendur í stórauðnum mæli til að koma með eigin tölvur í skólann verða kennarar að snúa til baka af þeirri braut sem þeir voru hvattir til að feta þegar skólinn var gerður að þróunarskóla í upplýsingatækni fyrir síðustu aldamót.

Annað

Nokkur óvissa er um framtíð lífsleikni í FSu. Margt bendir þó til að hún hafi haft mikil og jákvæð áhrif í skólanum allar götur síðan 1989 er hún var fyrst tekin upp undir heitinu SAM. Vonandi berum við gæfu til að fórna ekki þeirri góðu reynslu þegar framtíðarskipan náms fyrir nema á fyrsta ári í FSu verður ákveðin.

25. maí 2015,

Gísli Skúlason.

2.1.5 Samfélagsgreinar

Kennslustjóri: Eyrún Björn Magnúsdóttir

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Árni Blandon	Sál203	Sál103
	Sál213	Sál203
	Lim113	Sál303
	Kvk103	Kvk203
Eyrún Björg Magnúsdóttir	Fél103	Fél103
	Fél203	Fél203
	Fél313	Fél303
	Fél343	
Helgi Hermannsson	Fél403	Fél403
Ingibjörg Ólöf Sigurðardóttir	Sál103	Upp103
		Sál103
Lárus Bragason	Sag103	Sag103
	Sag203	Sag203
	Sag343	Sag313
Ragnheiður Eiríksdóttir	Hsp103	Hsp103
	Hsp303	Hsp203

Tómas Davíð Ibsen Tómasson	Sag103	Sag103
	Sag203	Sag203
	Sag303	Sag303

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim.

SÁL: Á haustönn var fylgt hefðbundnum kennsluháttum í sálfræði en á vorönn var gerð tilraun með að stytta fyrirlestra sem gerði það að verkum að yfirferð varð fljótari, en það virtist ekki bitna á námsárangri.

HSP: Áfangarnir í heimspeki eru þrír og í þeim voru samtals 73 nemendur á kennsluárinu. Kennsluhættir eru í stöðugri mótun og stýrast alltaf að einhverju leyti af nemendum en kennari hefur sett sér það markmið að auka þátttöku og virkni þeirra í hverri kennslustund. Hefur það gengið nokkuð vel þó enn megi auka hana. En almennt hefur kennslan gengið vel.

FÉL: Í félagsfræði er á hverri önn verið að þróa meira sjálfstæðni í námi. Í 103 er nokkurs konar vendikennsla þar sem nemendur eiga að vera búnir að skoða efni og glærur fyrir tíma og vinna verkefni í tímum. Einnig er stöðugt verið að reyna að finna leiðir til að virkja nemendur meira í tímum í samræður, spurningar og svör um efnið.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum.

SÁL, LIM, KVK: Hið margreynda símat var notað áfram og gafst vel eins og alltaf, enda námsmatsaðferð framtíðarinnar.

HSP: Námsmat í HSP103 og HSP303 er símat, í HSP203 er lokapróf. Kennari hyggst breyta innihaldi símatsins töluvert en lokaprófið í HSP203 virkar vel.

FÉL: Námsmat í öllum félagsfræðiáföngum er símat. Það gefst vel. EBM og HH eru í samtali um þróun/breytingar á símati.

Námskeið sem kennarar hafa sótt.

Árni Blandon - Haustnámskeið: Ferð til Þýskalands, farið til Bayreuth að sjá og hlusta á óperur Wagners; farið á listasöfn í London. Hvort tveggja skilaði sér í fallegum myndum sem skreyta stofu 210 (sem í framtíðinni verður: STOF3SÁ05). Þýska (303) numin í FSu á vorönn.

Ragnheiður Eiríksdóttir - Kennari sótti námskeið í verkefnastjórnun fyrir Erasmus verkefni í ágúst og námskeið í jafnlaunavottun núna í apríl.

Eyrún B. Magnúsóttir - Sótti námskeið í verkefnastjórnun fyrir Erasmus verkefni í ágúst í Portúgal, tók þátt í vef- og staðar námskeiði Samspil – Útspil um upplýsingatækni í kennslu á vorönn.

Helgi Hermannsson – Sótti námskeið um menningu og stjórnerfi Skotlands fyrir upphaf haustannar.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim.

SÁL – LIM: Á haustönn 2015 verður farið varlega í það að byrja að kenna sálfræði á ensku. Von er á kennslubókinni núna í apríl. Þetta er sama bók og kennd er í MH og Háskólanum í Reykjavík. Köflum úr bókinni verður dreift á sálfræðiáfangana. Í framtíðinni munu nemendur svo fá einingar í ensku þegar þeir læra sálfræði á ensku. Ljósrit úr enskum bókum verða einnig notuð í áföngum í Listum og menningu.

HSP: Kennari er stöðugt að viðá að sér nýju aukaefni til að dýpka kennsluna þó svo kennslubókin sé sú sama.

FÉL: Engar nýjar kennslubækur en stöðugt leitað að fræðiefni og upplýsingum á netinu. Kynnt fyrir nemendum og þeir hvattir til að leita að efni sem tengist efninu og deila með hópnum.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs.

ÁB: Á skólaárinu fór mikil naflaskoðun á öllum áföngum með nýjum áfanga- og innihaldslýsingum og áherslu á nemendavænna námsefni. Spennandi að vita hvernig það mun reynast. Sjá einnig næsta lið hér á undan.

RE: Töluverðar breytingar verða á næsta kennsluári þar sem ný námskrá verður tekin í gildi. Áföngum í heimspeki hefur ekki verið breytt mikið en eitthvað þó en kennari ákvað að sjá aðeins hvernig hið nýja kerfi muni virka áður en farið væri í miklar breytingar.

EBM, HH: Farið verður enn meira frá því að notast við bækur en í stað notað meira af fræðiefni af neti og á bókasafni auk þess að nota efni í samtímanum sem tengist efninu hverju sinni.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Kaupa stærra sýningartjald í salinn.

HSP203 var skertur í fyrsta sinn á vorönn 2015 og þótti kennara það koma niður á gæðum þess náms sem nemendur fengu. Óskar kennari því eftir því að áfanginn verði ekki skertur aftur.

Halda áfram að styrkja net- og tæknilega þjónustu. Nauðsynlegt með tilliti til þeirrar kröfu að nemendur nýti eigin tæki sem verkfæri og kunni að nota sér tæknina sem verkfæri frekar en

eingöngu afþreyingu. Einnig mikilvægt að hafa góðan aðbúnað til að styðja við fjölbreytni í kennsluáttum. Skyldu námskeið í mikilvægi upplýsingatækninnar væri sniðugt, t.d. til að sýna fram á mikilvægi þess að nemendur hafi aðgang að efni á moodle eða öðru vefsvæði.

Annað:

Kennarar eru allir búnir að vinna töluverða vinnu vegna yfirfærslu áfanga skv. nýrri námskrá á önninni. Búast má við töluverðri þróunarvinnu næstu annir vegna þess.

2.1.6 Starfsbraut

Kenntustjóri: Hörður Ásgeirsson

Kenningar deildarinnar, stundafjöldi

Tuttugasta og þriðja starfsári starfsbrautar lýkur nú á þessu vori. Kennt var í tíu hópum og voru skráðir nemendur haustannar 67 talsins en 58 á vorönn.

Sérkenningar á starfsbraut voru:

Guðmundur Björgvin Gylfason,
Hulda Finnlaugsdóttir,
Hörður Ásgeirsson,
Jóhanna Guðjónsdóttir,
Jóna Ingvarsdóttir
Linda Rut Larsen
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir.

Stuðningsfulltrúar voru:

Alma Sigurjónsdóttir
Brynhildur Geirsdóttir
Ingvaldur Jónsdóttir

Kenntu í verklegum greinum skólaárið 2014 – 2015 sinntu eftirtaldir:

Ágústa Ragnarsdóttir – myndlist

Elínborg Arna Árnadóttir - hárgreiðsla

Elísabet H Harðardóttir - myndlist

Grímur Lúðvíksson - rafmagnsfræði

Guðfinna Gunnarsdóttir – enska

Helga Jóhannesdóttir – hannyrðir

Jón S Gunnarsson – trésmíði

Lárus Bragason - skák

Magnús Tryggvason – íþróttir

Magnús Tryggvason - málsmíði

Margrét J Stefánsdóttir – heimilisfræði

Á atvinnulífsbraut voru í upphafi skólaárs 23 nemendur og kenndu eftirtaldir kennarar bóklegar greinar.

Elín Una Jónsdóttir – íslenska	6 kest á önn.
Eyvindur Bjarnason – stærðfræði	6 kest á önn.
Guðbjörg Grímsdóttir	6 kest á önn.
Guðfinna Gunnarsdóttir – enska	6 kest á önn.
Kristjana Hrund Bárðardóttir – enska	6 kest á önn.
Kristjana Sigríður Skúladóttir – stærðfræði	6 kest á önn.
Málfríður Garðarsdóttir – danska	12 kest á önn.
Pelle Damby Carøe	6 kest á önn.
Rósa Marta Guðnadóttir – íslenska	6 kest á önn.

Kennslumagn í sérkennslu var að meðaltali um 339 kennarastundir eða um fjórtán stöðugildi á önn á starfsbraut og atvinnulífsbraut. Þar að auki voru stuðningsfulltrúar í sem svarar 280% stöðuhlutfalli.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu.

Kennslan á starfsbraut hefur tekið nokkrum breytingum að undanfögnu og tengist það einkum hugmyndum sem kviknað hafa í tengslum við ritun nýrrar námskrár. Nýir áfangar hafa komið inn eða eldri áföngum verið breytt og þeir aðlagðir að breyttum aðstæðum. Helstu breytingarnar tengjast lífsleiknináminu sem nú er fjölbreyttara og fleiri þættir teknir fyrir þar. Má þar nefna áfanga um, átthagafræði, félagsfræði landafræði og mannréttindi.

Nýjar kennslubækur og kennslugögn á árinu

Enn eykst notkun kennsluefnis á interneti og hefur undirritaður haldið áskrift að “skólavefurinn.is”, en þar er töluvert af nýtilegu efni til sérkennslu. Kennarar starfsbrautar nýttu sér áfram þennan möguleika eins og verið hefur undanfarin ár. Kennarar starfsbrautar hafa verið iðnir við að sérútbúa og sérsníða námsefni sem hentar þessum breiða hóp nemenda okkar og því mikilvægt að hafa ætíð aðgang að góðu safni kennslubóka og öðru kennsluefni sem fyrst og fremst hentar grunnskólastiginu því það er þar sem leitað er fanga og fyrirmynda að kennsluefni á brautinni. Vefur Námsgagnastofnunar með útgefnu námsefni á PDF formi hefur einnig verið gagnlegur við námsefnisgerðina. Töluvert var keypt inn af nýju námsefni á haustönninni sem nýttist vel til námsefnisgerðar. Einn kennari starfsbrautar fór námsgagnasýninguna BETT sem haldin var í London.

Námskeið og fyrirlestrar sem kennarar deildarinnar hafa sótt.

Kennarar starfsbrautar hafa sótt ýmsar ráðstefnur og námskeið t.d. á vegum Þroskahjálpar um skóla fyrir alla. Flestir kennarar brautarinnar sóttu vorráðstefnu Greiningarstöðvar ríkisins sem bar yfirskriftina „Fötluð börn verða fullorðin – Hvað bíður þeirra?“

Fimm kennarar sóttu námskeið endurmenntunar HÍ um einhverfu. Allir sérkennarar skólans fóru í einstaklega áhugaverða náms og kynnisferð til Eistlands og Finnlands nú í maí.

Úrbætur í þágu Starfsbrautar sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Eins og ég hef getið um hér áður er mikilvægt að fylgjast vel með þróun í sérkennslu á öllum sviðum og ekki síst þar sem tölvutæknin kemur við sögu. Miklar breytingar eru trúlega framundan í þeim efnum og ástæða til að fylgjast vel með í þeim efnum. Til er ein spjaldtölva sem sérstaklega er ætluð starfsbrautinni og er ástæða til að fjölga þeim umtalsvert en einnig hafa fartölvurnar sem ætlaðar eru starfsbrautinni nýst vel, eru mikið notaðar og ástæða til að fjölga þeim nokkuð. Árviss námsgagnakaup eru okkur kennurum nauðsynleg til að móða úr við námsgagnagerðina og því þarf áfram að ætla nokkru fé til þeirra hluta.

Tillögur að starfsáætlun fyrir næsta skólaár.

Starfsáætlun brautarinnar er í vinnslu þegar þetta er skrifað og því ekki endanlega ljóst hversu margir hópar verða á starfsbraut á næsta skólaári. 20 nemendur hafa þegar innritast á starfsbraut þannig að áfram verður hún fyrirferðamikil í starfsemi skólans og um tíu nemendur sem hafa sótt um aðrar brautir en eru með stjörnumerktar einkunnir í grunnskólanum og er unnið að því þessa dagana að kalla foreldra og nemendur í viðtöl til þess að fara yfir möguleikana í stöðunni. Nokkur hópur þessara nemenda kemur væntanlega á starfsbraut eða atvinnulífsbraut.

Kennslufyrirkomulag verður væntanlega með svipuðu sniði og verið hefur en undanfarið höfum við þó verið að máta okkur lítillega við fyrirhugaða námskrá sem nú er í smíðum. Stuðst verður í megindráttum við leiðbeiningar námskrár um þrískiptingu hópsins í starfsbr. 1 – 2 og 3 eftir fötlunarstigi.

Sértækir námsörðugleikar.

Greining og ráðgjöf.

Leit að nemendum með lestrarhömlur fór fram með líkum hætti og verið hefur mörg undanfarin ár. Allir nýnemar í íslensku þreyta lesskilningspróf sem notað er sem nokkurs konar skimunarpróf. Þeir nemendur sem ekki standast lágmarkskröfur á þessu prófi koma til frekari skoðunar hjá sérkennara. Alls komu milli 30-40 nemendur í viðtöl og greiningu á þessu skólaári og greindist um helmingur þeirra með mismunandi alvarlegan lestrarvanda. Auk þess er nokkuð um það að nemendur sem hafa verið greindir áður, komi í stuðningsviðtöl. Einnig leita foreldrar nýnema eftir ráðgjöf í framhaldi af greiningu.

Gott samstarf var við námsráðgjafa vegna greiningarinnar en umtalsverðan tíma hefur tekið að fara yfir önnur greiningargögn með námsráðgjöfum vegna nemenda með sértæka námserfiðleika á almennum brautum, viðtöl við foreldra þeirra og ráðgjöf um áframhaldandi nám eða mat á undanþágubeiðnum vegna námserfiðleika í einstökum greinum.

Nemendur sem greinast með leshömlur eiga rétt á þjónustu frá Blindrabókasafni Íslands (hljóðbækur) en eiga einnig rétt á ýmiss konar tilhliðrun varðandi próftöku, s.s. lengri próftíma, stækkað letur á prófum eða munnleg próf. Mikið hefur verið um það að próf hafa verið sett á PDF snið og nemendur tekið prófið beint í tölvu. Möguleikinn að lesa prófspurningarnar beint inn á skjalið hefur notið vaxandi vinsælda nú á síðustu önnum.

Nemendur með lestrarörðugleika gefst eins og kunnugt er kostur á að fá til notkunar fullkominn talgerfil sem nýtist mörgum afar vel. Talgerfillinn fæst hjá Blindrafélagi Íslands og geta einungis nemendur sem greindir hafa verið með lestrarörðugleika fengið aðgang að honum.

Gert á Selfossi þann 3. júní 2015.

Hörður Ásgeirsson,
kennslustjóri í sérkennslu F.Su.

2.1.7 Tungumál önnur en enska

Kennslustjóri: Brynja Ingadóttir

Fagstjóri dönsku: Ida Løn

Nafn kennara:	Haustönn	Vorönn
DANSKA		
Pelle Carøe (PC)	DAN212	DAN202
	S-hópar	DAN212
	DANU93	S-hópar
Brynja Ingadóttir (BI)	DAN102	DAN102
	DAN202	DAN202
Ingibjörg Ó. Sigurðardóttir (IÓS)	DAN102	S-hópar
Ida Løn (IL)	DAN103	DAN103
	DAN203	DAN203
	DAN303	DAN403
	Grunnsk. nem. í DAN 103 á haustönn.	
	Grunnsk. nem. í 103 og 203 á vorönn.	
Málfriður Garðarsdóttir (MG)	S-hópar	Ekki á vorönn
	DAN103	
Franska		
Hrefna Clausen (HC)	Fra103	Fra103
	Fra203	Fra203
	Fra303	Fra303
	Fra403	Fra403
Spænska		
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir (GKS)	Spæ203	Spæ303
	Spæ303	Spæ403
	Spæ403	Spæ503
Sigursveinn Már Sigurðsson (SMS)	Spæ103	Spæ103
	Spæ203	Spæ203
	Spæ303	

Þýska

Brynja Ingadóttir (BI)	Þýs203	Þýs303
Hannes Stefánsson (HS)	Þýs103	Þýs103
	Þýs303	Þýs203
	Þýs403	Þýs403

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Dönskudeild: Við höfum látið fleiri nemendur vinna á sínum hraða en oft áður, þ.e.a.s. þeir taka próf þegar þeir eru búnir að vinna ákveðin verkefni. Þessi einstaklingsmiðun kemur ekki í veg fyrir að nemendur vinni sameiginleg verkefni eða að kennari sé með innlögð fyrir hópinn. Með þessu vinnulagi fæst meiri tími til að hjálpa þeim sem þurfa og vilja hjálp.

Nemendur í DAN303 fóru í ferð til Kaupmannahafnar, ferðin var að öllu leyti skipulögð af nemendum og tókst afar vel, verkefnin sem unnin voru í kjölfar ferðarinnar þóttu verulega skemmtileg.

Frönskudeild: Skólaárið 2014-15 kenndi HC ein í frönskudeild. Vera Valgarðsdóttir frönskukennari sem starfað hefur við skólann allt frá 1986 er nú horfin til annarra starfa á nýjum vettvangi. Má segja að það sé helsta nýjungin innan frönskudeildarinnar þetta árið!

Fra 103: Helsta nýbreytni í kennsluháttum fra103 var sú að fyrstu vikurnar voru allar kennslustundir bókalausar. Kennslan byggðist þá aðallega á leikjum og hópefli. Nemendur, sérstaklega á vorönn, voru mjög áhugasamir og samvinnufúsir að leika sér með málið og náðu fljótt tökum á einföldum setningum og virtust jafnvel koma sjálfum sér á óvart. Eftir því sem kennslubókin fékk aukið vægi með tilheyrandi orðaforða- og málfræðireglum, varð strembnara að viðhalda sama léttleika í kennslustundum jafnframt því sem kapp nemenda við málanámið fór dvínandi. Verkefni kennarans er auðvitað að finna jafnvægi milli nýrra kennsluhátta annars vegar þar sem tungumálið er þjálfað í gegnum leik og hefðbundnari kennsluhátta hins vegar þar sem áherslan er á kennslubókinni og reglum málsins.

Fra 403 : Áfanginn er símatsáfangi í stöðugri þróun og það gefur færi á að prófa nýja kennsluhætti og nálgun viðfangsefna frá önn til annar í tengslum við atburði líðandi stundar. Í upphafi vorannar unnu nemendur stórt verkefni í tengslum við mannskæða árás á franskt skopmyndablað í París í janúarbyrjun. Afraksturinn birtist á vönduðum veggspjöldum sem sýndu sköpun og gagnrýna hugsun í nemendahópnum. Í framhaldi kynntu nemendur sér frönskumælandi teiknimyndasögur.

Fra 403 fór í menningarferð til Reykjavíkur í mars, heimsótti fransk-íslenska menningarsetrið Alliance Française, hlustaði á stuttan fyrirlestur (á frönsku) og horfði á bíómyndina Ryð og bein. Dagsferðir út fyrir skólaumhverfið mælast vel fyrir meðal nemenda og styrkja tengsl þeirra við tungumálið.

Fra 403 var einnig með frönskumaraþon á haustönn. Það fór fram á haustönn 2014, 4.nóv í húsnæði Pakkhússins á Selfossi. Tókst vel til og nemendur töldu þetta skemmtilegt uppbrot á kennslunni og voru flest mjög virk í vinnu og undirbúningi. Þau söfnuðu áheitum fyrir barnaþorp í Nígeríu sem fleiri nemendur FSu styrktu í vetur og Halldóra Íris nemendaráðsformaður stjórnaði.

Tveir kanadískir kennaranemar störfuðu í skólanum í 5 vikur á vorönn og voru með innlegg í fra 103, 203 og 403. Þetta var góð tilbreyting fyrir nemendur sem fengu meiri fjölbreytni í kennsluna og tækifæri til að heyra það frá fleirum en kennaranum.

Spænskudeild: SMS hefur fengið nemendur sína til að nota símana sína í tímum, meðal annars til að nota spænsku orðabækurnar á snara.is. Greinir verulegar framfarir nemenda í notkun þeirra, og þeir virðast ekki nota google translate eins mikið og áður, sem er jákvæð þróun. BI merkir einnig aukna notkun nemenda á „alvöru“ orðabókum í gegnum símana.

Þýskudeild: Í tengslum við Starfamessu í Fsu. þann 19. mars vann BI með nemendum í dönsku og þýsku með orðaforða tengdan störfum og menntun á Selfossi / Suðurlandi og spunnust í tengslum við það efni skemmtilegar umræður um fjölbreytileg menntunar- og atvinnutækifæri á svæðinu og opnuðust augu margra nemenda fyrir nánasta atvinnuumhverfi.

Vettvangsheimsóknir / jafningjamat fór fram á vorönn meðal kennara skólans og gafst vel. Þriðjatungumálskennarar hlakka til fagfundanna á næsta skólaári.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Dönskudeild:

DAN102 - símat

DAN103 - símat ásamt lokaprófi í lok annar

DAN202 - símat ásamt lokaprófi í próftöflu

DAN203 - símat

DAN212 - símat

DAN403 - símat, 80% verkefnaskil hið minnsta

S-hópar - símat ásamt lokaprófi í próftöflu

Í DAN103 voru nemendur sem féllu á lokaprófi fyrir jól, nokkrir þeirra áttu það sameiginlegt að vera með góða annareinkunn, en aukið álag í sambandi við lokaprófið gerði það að verkum að þeir féllu. Eftir samræður var ákveðið að lokaprófið yrði í kennslustund í lok annar í stað þess að hafa það í próftöflu.

Á fundi þann 7. janúar var ákveðið að prófa í öllum fjórum færniþáttunum í lokaprófunum. Þegar við sáum fram á að breyta námsmatinu H15, var ákveðið að halda sig við hefðbundið lokaprófsform.

Við erum að þjálfra og meta hlustun og tal í minna mæli en lestur og skrift þrátt fyrir að vera meðvituð um að það eigi að vinna jafnt með alla færniþætti.

Frönskudeild: Skriflegt lokapróf er í 103, 203 og 303 og undanfarnar annir hafa nemendur ekki átt kost á því að sleppa við lokapróf þrátt fyrir 9 í vetrareinkunn. Ástæðan er sú að námsmat yfir önnina hefur ekki gefið nógu nákvæma mynd af kunnáttu og getu nemenda. Til þess þurfi að koma til fleiri og stærri kannanir jafnt og þétt yfir önnina. Fyrir því eru ekki forsendur, þar sem lengri tíma tekur að komast inn í námsefnið sem liggja skal til grundvallar vetrareinkunn og lítið svigrúm gefst fyrir skriflegar kannanir framan af önn sérstaklega ekki í skertum áfanga eins og 303. Fra403 er símatsáfangi en síðasta próf annarinnar hefur verið inni í próftöflu undanfarið og gefist vel. Á vorönn var Fra303 kenndur skertur þannig að kennari hitti nemendur einungis tvisvar sinnum í viku. Það fyrirkomulag er mjög bagalegt fyrir nemendur sem ekki hafa þróað með sér ákveðna hæfni til sjálfstæðra vinnubragða. Því reyndist mjög erfitt að halda áætlun í yfirferð námsefnis enda litlar framfarir í námi þegar nemandi ætlar sér ekki nema tvær klst. á viku til námsins. Ákveðið los komst á áfangann enda nýttu nemendur lítið sem ekkert stoðtíma þrátt fyrir hvatningu frá kennara.

Spænskudeild: Námsmat í neðri áföngum var með hefðbundnum hætti. Lokaeinkunn áfanga skiptist jafnt milli annareinkunnar og lokaprófs. Í 403 og 503 unnu nemendur fleiri verkefni og viðameiri en í byrjunaráföngunum, kaflapróf voru tekin í 403. Í 503 var einnig mikið unnið í sambandi við Spáunarferðina sem farin var á vorönninni, þá bæði fyrir og eftir ferðina.

Eins og síðustu ár tóku nemendur með 9 í annareinkunn ekki lokapróf í neðstu áföngunum. Á vorönn var þó oft nokkur munur á annareinkunn og lokaprófseinkunn í SPÆ103, og var annareinkunn frekar hærri en lokaprófseinkunn. Bendir það til þess að endurskoða þurfi námsmat á önninni, það er að segja samsetningu annareinkunnar áfangans til að lokaeinkunn nemenda endurspegli raunverulega frammistöðu þeirra í áfanganum.

Það væri sniðugt að taka upp sama kerfi og er í enskudeildinni varðandi einkunnagjöf í símatsáföngum, þ.e.a.s. að prósentu verkefna dragist frá fenginni einkunn ef skil eiga sér ekki stað. T.d. ef nemandi er með 6 í einkunn en hefur ekki skilað tveimur verkefnum sem gilda 5%, þá dragist 1 heill frá heildareinkunninni. GKS leggur þó til að nemendur verði að taka öll próf í símatsáföngunum, það sé ekki val um að sleppa þeim.

Þýskudeild: Námsmat í öllum áföngum byggist eins og undanfarnar annir á öllum færniþáttum og er hlustun og munnleg færni og í efri áföngum einnig ritun metið í síðustu kennsluviku annar. Skriflega prófið í próftöflu gildir 50% í öllum áföngum. Allir þýskunemendur taka lokapróf, líka þeir sem fá 9 í annareinkunn. Fleiri nemendur ná settu marki þegar námsmatið er fjölbreytt. Summa allra færniþátta í lokamati, með mismikið vægi hver, ræður því hvort nemandi nær áfanga eður ei. Nokkrir nemendur sem fá undir 4,5 í

skriflegu lokaprófi ná áfanganum vegna góðrar frammistöðu í öðrum færnipáttum. Þetta er jákvæð þróun til réttlátara námsmats.

Kaflapróf annarinnar eru nauðsynleg, góð einkunn í þeim getur vegið upp hrösun í lokaprófi.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Dönskudeild: IL sótti námskeið á vegum HÍ undir nafninu „Kommunikation, samarbejde og arbejdsglæde i sprogundervisningen“, námskeiðið var haldið í húsakynnum HÍ að Stakkahlíð í desember.

IÓS og IL fóru á BETT í janúar.

PC er í mastersnámi í dönskukennslu.

Frönskudeild: HC og Vera Valgarðsdóttir sóttu endurmenntunarnámskeið á vegum Félags frönskukennara á Íslandi í byrjun júní 2014. Þar voru kynntar aðferðir sem miða að því að efla munnlega færni í tungumálanámi. Í hausttölublaði *Málfríðar* (Tímariti Samtaka tungumálakennara) birtist grein eftir HC og VV þar sem þær fjölluðu um námskeiðið.

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pagelid=6089403

Spænskudeild: GKS, VV og BI fóru á tveggja daga námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands í júní 2014, í samstarfi við STÍL (Félag frönskukennara var tengiliður), um mat á munnlegri færni. Námskeiðið var 24 kennslustundir.

GKS fór í ágúst 2014 á vikulangt námskeið í Porto, Portúgal. Megináhersla námskeiðsins var að læra á umsóknarferli Erasmus+ styrkja, hvernig búa eigi til (góðar) umsóknir og einnig voru kenndar ýmsar aðferðir varðandi hópefli.

SMS fór á skólaráðstefnu Nýherja og Microsoft í ágúst 2014, þar sem kynntir voru hinir ýmsu möguleikar til að nota Office 365 pakka Microsoft við nám og kennslu. Nýttist það vel í vinnu vetrarins.

Þýskudeild: BI sótti tvö námskeið á vegum PASCH og Félags þýzkukennara á skólaárinu. Hið fyrra í september 2014 í notkun smáforrita og spjaldtölva í þýskukennslu og hið síðara í janúar 2015 og þar var viðfangsefnið notkun tónlistar, stuttmynda og kvikmynda í þýskukennslu.

BI sótti einnig ásamt Paolu og Guðbjörgu Helgu alþjóðlega ráðstefnu um vendinám sem haldin var á vegum Keilis að Ásbrú í Reykjanesbæ þann 14. apríl 2015, (www.keilir.net/is/keilir/vendinam/radstefna-um-vendinam). Þá sótti BI aðalfund Félags þýzkukennara þar sem væntanlegt módelpróf í þriðja tungumáli var kynnt, en STÍL Samtök tungumálakennara á Íslandi vinnur að gerð viðurkennds námsmats í þriðja / fjórða tungumáli skv. evrópska tungumálarammanum.

Á sl. sumri dvaldi HS í eina viku í Realschule (5. – 10. Bekkur) í bænum Rehau í Þýskalandi. Hann fylgdist með kennslu og skólastarfi, tók einnig þátt í kennslu. Þessi skólaheimsókn er skipulögð af endurmenntunarstofnun norrænna þýskukennara í Lübeck.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Dönskudeild: IL notaði rafbók í dönsku 203, bæði fyrir nemendur í dagsskóla og í fjarnámi. Nemendur fóru sjálfir á netið og keyptu bókina, það gekk ágætlega en tók þó hátt í mánuð. Í lokin var kannað á meðal nemenda hvernig þeim hefði fundist takast til. Bróðurpartinum fannst skemmtilegt og þægilegt að lesa rafbók, því hún var alltaf við hendina og margir notuðu hinar ýmsu tæknibrellur, sem formið býður upp á. Flestir vilja frekar borga lítið fyrir nýútkomna rafbók en að notast við gamlar, ódýrar pappírsbækur. Sumir vildu frekar hafa kost á að kaupa pappírsbók, þó hún myndi kosta meira.

Frönskudeild: Kennslubókin *Scénario* er nú kennd í öllum áföngum. Hún mælist þó misjafnlega fyrir meðal nemenda sem sumir telja ekki nægilega skipulagða né markvissa í framsetningu og kennslu námsefnis. HC hefur unnið og aðlagð ýmis ný verkefni og kennslugögn sem lögð hafa verið fyrir. Í 403 var lesin smásagan *Mystère sur le Vieux-port* og verkefni og próf unnin úr henni. Nauðsynlegt er fyrir nemendur í efsta áfanga að þjálfa málið með lestri lengri og samfelldari texta en þeirra sem finnast í kennslubókinni. Vera má þó að ljósritað smásagnahefti sé e.t.v. ekki það textaform sem hentar nemendum best heldur séu rafrænar bækur vænlegri kostur.

Spænskudeild: Engar nýjar kennslubækur voru teknar í notkun á skólaárinu. Hugur er þó kominn í spænskukennara að finna nýjar kennslubækur fyrir fyrstu 3-4 áfangana.

Í ferðaáfangnum væri sniðugt að búa til Spánarferðarvinnubók/handbók, þar sem tekin eru saman helstu atriði sem þarf að hafa í huga fyrir Spánarferðir framtíðarinnar, hvaða verkefni þarf að vinna, hvaða reglur gilda í áfanganum/ferðinni osfrv.

GKS og SMS unnu áfram að gerð nýrra verkefna og kennslugagna.

Þýskudeild: Sömu kennslubækur og verið hafa frá 2011. Auk þess eru léttlestrarbækur í 203 og 303. Nemendur segja frá efni þeirra í munnlegu prófi. Í 403 lásu nemendur bæði á haust- og vorönn efni tengt ferðamennsku og leiðsögn á Íslandi. Lokaritunarverkefni og munnlegt próf byggðust á þessu efni. Þetta er viðleitni í þá átt að nemandinn verði fær um að fjalla um sitt heimalandi á nýju tungumáli. Reynslan var þokkaleg.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Dönskudeild: Við stefnum á að taka lokaprófið út úr öllum áföngum í dönsku. Í ljósi þess að prófatímabilið styttest frá og með H15, erum við búin að skoða matið undanfarið kennsluár. Við erum að jafnaði með 16-20 einkunnir á hvern hóp og þannig hefur raunverulega verið um símat ásamt lokaprófi að ræða. Við teljum vel hægt að meta og prófa eins og hefur verið gert en sleppa lokaprófum, og samt fá út mat sem endurspeglar getu nemendahópsins.

Við ætlum að notast við rafbækur í því skyni að geta boðið nemendum upp á að lesa nýjar skáldsögur og samt halda kostnaðinum niðri.

Frönskudeild: Mikil ánægja með breytta eyktaskipan þar sem tímarnir verða 4 x 55 mín. í stað 3 x 75 frá hausti 2015.

Spænskudeild: Tungumálakennarar þriðja tungumáls hafa miklar væntingar til fagfunda sem verða vikulegir á næsta skólaári. Við teljum að þeir geti nýst vel til samráðs og þróunarvinnu, jafnt innan kennarahóps þriðja máls og með öðrum kennurum.

Þróa þarf ferðaáfangana betur, þ.e.a.s. „500“ áfangann/áfangana. Hafa skýrari markmið, reglur, meiri tíma í undirbúning, jafnvel að nemendur myndu vita einni önn áður hverjir væru hugsanlega að fara með, þar sem ansi knappt er að áætla einungis 5-6 vikur í undirbúning og söfnunartíma fyrir nemendur.

Þá er einnig ljóst að töluverð vinna mun fara í að aðlaga áfanga og breyta þeim í nýrri námskrá FSu.

Þýskudeild: Breytt eyktaskipan, ný námsskrá og fjölgun kennsludaga frá og með hausti 2015 gerir okkur vonandi kleift að komast yfir meira efni í hverjum áfanga og áætlað er að ljúka einni námsbók í hverjum áfanga sem ekki hefur tekist fram til þessa. Stefnt er að Berlínarferð með nemendur í 303 og 403 á haustönn 2015.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Dönskudeild: Góða nettengingu í öllum kennslustofum.

Frönskudeild leggur til að skólayfirvöld standi fyrir námskeiði í útfærslu á vendikennslu (e. flipped classroom) sem verið hefur í umræðunni síðustu mánuði. Slík kennsla virðist vera gott dæmi um bættu kennsluhætti sem gæti án efa nýst mörgum vel og ekki síst í skertri kennslu sem fámennir áfangar þurfa oft að búa við.

Spænskudeildin leggur til að skólinn setji reglur um nemendaferðir á vegum FSu. Við teljum að það myndi hjálpa þeim kennurum sem fara með stærri hópa í námsferðir að geta vísað til reglna ef upp koma vandamál. Þessi tillaga kemur frá okkur í framhaldinu af tveimur ferðum sem spænskudeildin hefur farið til Spánar.

Þýskudeild: BI - Hugmyndir varðandi væntanlega fagfundi kennara: kennsluaðferðir, vendináms, heimanám, samskipti nemenda og kennara, samskipti og samvinna kennara, skemmri og lengri markmiðasetning, „motivering“, fjölbreytilegt námsmat, prófagerð, þverfagleg kennsla, hópavinna, bókalaus kennsla, verkefnaþætti nám í stað mætingamiðaðs, betri nýting moodle og svo klassísku vandamálin: samskiptamiðlar, skrap, mæting og verkefnaskil.

Í tengslum við faglegt þróunarstarf tel ég mikilvægt að kennarahópurinn fari í vettvangsferðir til annara skóla, ekki síst þeirra sem rutt hafa braut í notkun nýrra og óhefðbundinna kennsluhátta. BI leggur til að unnin verði þarfagreining og / eða gátlisti fyrir utanlandsferðir

kennara og einnig mætti semja vinnureglur varðandi þessar ferðir. Gott væri þá að vinna m.a. út frá skýrslu fráfarandi ferðanefndar. Það sama mætti gera fyrir móttöku kennara- og nemendahópa í okkar skóla, kannski út frá spurningunum: Hvernig viljum við taka á móti gestum? - Hverjir og hversu margir vinna saman að undirbúningi og móttöku gesta? Þá mætti virkja og þjálfar mentora í því að sýna og kynna gestum skólann og vinna mætti kynningarefni um starf og sögu skólans.

Vinna þarf að því að nemendur noti ekki símana nema sem námstæki. Síminn er hjá nokkrum nemendum orðin fíkn. Nemendur þurfa aga, einnig varðandi notkun tækja.

HC notaði svokallaðar „símamínútur“ í sinni kennslu þar sem nemendur fengu nokkrar mínútur um miðbik kennslustundar til að leika sér í símanum gegn því að hann væri ekki sýnilegur þess utan í kennslustofunni. Það fyrirkomulag gafst ágætlega og nefndu sumir nemendur að þessar reglur mætti taka upp í öðrum fögum.

Þi finnst of marga nemendur skorta yfirsýn yfir eigið nám og framfarir, þeir spyrja gjarnan „Er ég fallinn?“ Oft hafa nemendur ranghugmyndir um eigin getu og framfarir í náminu. Oft sjá þeir einungis það sem miður fer og ekki styrkleika sína. Vinna mætti markvissar með námsmat, t.d. í Braga-tímum með því að nemendur haldi excelskrár í hverjum áfanga og læri þá um leið að stærðfræðinámi þeirra nýtist.

Óþarfa bruðl á pappir: Óþarfi að safna lokaprófum í möppu á skrifstofu, þar sem þau eru aðgengileg á vef skólans. Margir nemendur sleppa við lokapróf og því eru allt of mörg eintök af prófum ljósrituð og fara beint í ruslið.

Æskilegt væri að hafa einn merktan tiltektardag á hverju vori, t.d. daginn eftir prófsýningu og væri þá tekið til í skúffum og skápum kennslustofa og á skrifstofum kennara.

Óskað er eftir því að skólinn festi kaup á taflborði fyrir kennara sem gæti verið staðsett á kaffistofu þeirra. Þá er einnig óskað eftir því að bókasafn skólans hafi 1-2 taflborð fyrir nemendur.

Annað

Dönskudeild: Þess má geta að mikið álag hefur fylgt því að kenna 102 og 212 undanfarið kennsluár vegna afar slæmrar mætingar nemenda.

Frönskudeild ítrekar áhyggjur sínar varðandi vaxandi hjarðhegðun nemenda þar sem straumurinn liggur í eitt og sama þriðja tungumálið. Af því leiðir sífellt minni aðsókn nemenda í frönsku og þýsku sem verður að teljast dapurleg staðreynd og alls ekki í anda einkunnarorða FSu : Fjölbreytni – Sköpun – Upplýsing.

Spænskudeildin er mjög ánægð með opinn aðgang nemenda og starfsfólks að orðabókum á snara.is og telur nauðsynlegt að halda þeim aðgangi áfram.

GKS fór með SPÆ503 í námsferð til Salamanca á Spáni um mánaðamótin febrúar/mars. Alls voru 18 nemendur í ferðinni og 2 kennarar.

Þýskudeild: Mikið álag var á kennurum á skólaárinu vegna vinnu við nýja námsskrá, vinnumats, vegna kjarasamninga og væntanlegrar styttingar framhaldsskólans. Þessi vinna og álagið sem henni fylgdi bitnaði á faglegu starfi og gæðum kennslu.

Kennarar í þriðja tungumáli unnu saman að smíði hæfnisviðmiða nýrrar námsskrár og byggir hún á evrópska tungumálarammanum. Hæfnisviðmið eru því þau sömu í öllum tungumálunum og mikill samhljómur í áfangalýsingum. Einnig var unnin hugmyndavinna að ferðaáfangi í öllum þremur tungumálunum og gerum við ráð fyrir að aðeins fari hópur frá einu tungumáli erlendis hverju sinni.

BI og HC hafa orðið varar við áberandi slakari málvitund / málkennd í móðurmálinu en áður meðal nemenda. Nemendur spyrja oft en áður um merkingu íslenskra orða og málfræðihugtaka og oft en áður þekkja þeir orð frekar á ensku en íslensku. Íslenskukennsla gegnum textaþýðingar úr erlendum tungumálum þar sem innihaldið er tengt ákveðnu fagi eða áhugamáli er leið sem nýta mætti betur til kennslu í íslensku. Þannig gætu nemendur j.v. fengið sama verkefnið metið í 2 - 3 áföngum.

HS – Hverfandi heimanám leiðir af sér minni kunnáttu og minni yfirferð námsefnis. Áróður gegn heimanámi er stórskaðlegur.

Fjölbrautaskóla Suðurlands, maí 2015

Brynja Ingadóttir, kennslustjóri þriðja tungumáls og Ida Løn, fagstjóri dönsku.

2.2 Svið: Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir

Sviðsstjóri: Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

2.2.1 Hestamennska

Fagstjóri: Sigríður Pjetursdóttir

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Sigurður Torfi Sigurðsson	JÁR201	JÁR101 JÁR301
Sigríður Pjetursdóttir	HEM 302 HEM 103 HFE 173	HEM402 HEM202 HEM 111 HEM 211 VIN 116 VIN 216
Sissel Tveten og Freyja Hilmarsdóttir	REM 103 REM 303	REM203 REM403

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Það voru litlar nýjungar á árinu en vegna þess að Freyja slasaðist á haustönn fengum við Bjarna Sveinsson til þess að leysa hana af og stóð hann sig með þryði.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í HEM áföngunum er sá hátturinn á að vetrareinkunn gildir 40% og lokapróf 60%

Í REM er notast við símat.

Í JÁR og starfsnámsáföngum eru gefnar einkunnir S eða F – mæting og ástundun gildir.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Við sóttum öll endurmenntunarnámskeið í greinunum okkar.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Engin ný kennslugögn á árinu.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Í haust verða miklar breytingar – en nú verður í fyrsta skipti keyrð 3 ára braut – þ.e. Hestalína á Stúdentsbraut. Þriðja árið verður með öðru sniði en þau fyrri en þá þurfa nemendur að nota eigin hross og kennt verður á Brávöllum – félagssvæði Sleipnis á Selfossi. Fyrri 2 árin verða með svipuðu sniði og fyrr.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Mikilvægt er að endurnýja búnað, s.s. hjálma, reiðtygi og járningabúnað og til þess að það geti orðið þyrfti að leita eftir styrkjum.

Eins þyrftu að vera meiri tengls á milli Votmúla og skólans, þar sem flestir kennarar á brautinni eru verktakar – þyrfti að vera með skipulagða fundi í skólanum þar sem að þeir mæta.

2.2.2 Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir

Kennslustjóri: Guðríður Egilsdóttir

Sálfræði, Kvikmyndasaga, Listir og menning

Nafn kennara	Áfangar	Áfangar
	haustönn	vorönn
Árni Blandon	Sál203	Sál103
	Sál213	Sál203
	Lim113	Sál303
	Kvk103	Kvk203

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Á haustönn var fylgt hefðbundnum kennsluháttum í sálfræði en á vorönn var gerð tilraun með að stytta fyrirlestra sem gerði það að verkum að yfirferð varð fljótari, en það virtist ekki bitna á námsárangri.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Hið margreynda símat var notað áfram og gafst vel eins og alltaf, enda námsmatsaðferð framtíðarinnar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Haustnámskeið: Ferð til Þýskalands, farið til Bayreuth að sjá og hlusta á óperur Wagners; farið á listasöfn í London. Hvort tveggja skilaði sér í fallegum myndum sem skreyta stofu 210. Þýska (303) numin í FSu á vorönn.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Á haustönn 2015 verður farið varlega í það að byrja að kenna sálfræði á ensku. Von er á kennslubókinni núna í apríl. Þetta er sama bók og kennd er í MH og Háskólanum í Reykjavík. Köflum úr bókinni verður dreift á sálfræðiáfangana. Í framtíðinni munu nemendur svo fá einingar í ensku þegar þeir læra sálfræði á ensku. Ljósrit úr enskum bókum verða einnig notuð í áföngum í Listum og menningu.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Á skólaárinu fór mikil naflaskoðun á öllum áföngum með nýjum áfanga- og innihaldslýsingum og áherslu á nemendavænna námsefni. Spannandi verður að vita hvernig það mun reynast. Sjá einnig næsta lið hér á undan.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:

Kaupa stærra sýningartjald í salinn

Skýrsla íþróttadeildar

Nafn kennara:	Haustönn	Vorönn
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	HBF 103	ÍþR 102
	ÍþR 102	ÍþR 202
	ÍþR 201	ÍþR 301
	ÍþR 301	ÍþR 381
	ÍþR 371	ÍþR 3F1
	ÍþR 3F1	
Magnús Tryggvason	ÍþR 102	ÍþR 202
	ÍþR 202	ÍþR 331
	ÍþR 371	ÍþF 111
	ÍþR Starfsbraut	ÍþR Starfsbraut
Ragnheiður Eiríksdóttir	ÍþR 3J1	ÍþR 3J1
	ÍþR 4J1	ÍþR 4J1
Sverrir Ingibjartsson	ÍþF 102	ÍþF 222
	ÍþF 303	ÍþR 102
	ÍþG 162	ÍþR 202
	ÍþR 102	ÍþR 3F1
	ÍþR 321	ÍþR 381
	ÍþR 371	ÍþS 112/122
	ÍþR 3Ú1	ÍþR Litla Hraun
	ÍþR 3F1	
	ÍþS 102/112	
	ÍþR Litla Hraun	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Ásdís tók upp þá nýbreytni að færa hluta af kennslu í ÍPR 301 út fyrir húsnæði skólans. Farið var í trampólín fitness í Danssport, Spinning í Sportstöðinni og vatnsleikfimi í Sundhöll Selfoss. Einnig fengu nemendur kynningu í blönduðum bardagalistum.

Nýr áfangi var reynslukeyrður á þessu skólaári. Sá áfangi fékk nafnið 3F1 (fjallamennska). Aðalverkefni þess áfanga er löng fjallganga. Á haustönn var gengið yfir Fimmvörðuháls með gistingu í Básum en á vorönn var gengið upp á topp Eyjafjallajökuls. Matreiðsludeildin undir stjórn Guðríðar Egilsdóttur sá um undirbúning á sameiginlegri kvöldmáltíð í Básum.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í verklegum íþróttum er eingöngu um símat að ræða. Þar gildir mæting frá 40-70%. Kröfur voru auknar í ÍPR 4J1 og stóðu nemendur vel undir því.

Í bóklegu íþróttunum er einnig um símat að ræða nema að þar er endað á litlu lokaprófi í síðasta kennslutíma annarinnar. Lokaprófið gildir 30% af lokaeinkunn.

Lokapróf, í próftöflu, var í ÍPF222 sem vóg 50% af lokaeinkunn.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ásdís fór á alþjóðlega vatnsleikfimi ráðstefnu sem haldin var í Florida og Ragnheiður sótti námskeiðið Yoga as Medicine.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar nýjar kennslubækur voru teknar í notkun á skólaárinu. Hinsvegar eru kennarar íþróttadeildar sífellt að bæta við efni inn á moodle. Sumt er tekið af vefnum en annað er heimatilbúið.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Halda áfram á sömu braut. Kennarar íþróttadeildar eru þó uggandi yfir yfirvofandi niðurskurði á íþróttakennslu sem er fyrirhuguð með nýrri námskrá.

Skýrsla Textildeildar vor 2015

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Helga Jóhannesdóttir	THL103	THL103
	THL143	THL136
	FATáfangar	FATáfangar
Kristín Sigurmarsdóttir	THL173	THL136

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Haut 2014: Fatahönnunarnemendur tóku þátt í samvinnu með Nytjamarkaðnum, þar sem hannað og saumað var úr notuðum flíkum. Þemað var nefnilega „Vintage“, sem þýtt var sem „gamalt og gott“. Sýning var haldin í Nytjamarkaðnum við Eyrarveg í annarlok og þótti takast vel.

Vorönn 2015: Nú var þema annarinnar hugtakið Pixel. Fatahönnunarnemendur héldu „sýningarpartý“ fyrir boðsgesti framan við salinn í Odda, síðasta vetrardag eftir hefðbundinn skólatíma. Einnig góð stemning og allir ánægðir með útkomuna.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Engar breytingar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Sumarið 2014: Helga sótti Fablab námskeið fyrir textílkennara á vegum Fatex í júní.

Vorið 2015: Helga sótti tvö EHÍ námskeið í hóbýlahönnun og bókaútgáfu, þar sem hún undirbýr nú framtíð sem námsbókahöfundur.

Einnig fór hún í tveggja vikna ritskjól til DK. Kristín leysti hana af í kennslu að hluta til á meðan.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Nei. Nema e.t.v. aukin nýting á notuðu hráefni, öllum til sparnaðar.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Þá tekur við ný námskrá og nægir það til að kennarinn, eini sanni sem eftir verður á svæðinu á sviði fata- og textílkennslu, geri sitt besta til að halda lífi í deildinni, án þess að fara yfir um. Einföldun verður í fyrirrúmi. Haldið verður áfram með kröfur um verkefnaskil, virðingu fyrir faginu sem slíku og að allir séu sáttir, nemendur sem og kennari.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Ráðið nýjan kennara í stað Kristínar Sigurmarsdóttur, sem lætur nú af störfum við FSu eftir áratuga gott starf!

Annað

Hætt er við að deild þessi verði niðurskurðarhnífnum að bráð, ef honum verður ekki ætlaður stærri sess, en sem nemur hálfri kennarastöðu.

Er það synd og skömm, ekki síst í ljósi þess að allt mannfólk gengur í fötum og notar textíl allt sitt líf, alla daga og allar nætur.

Ætla má að sú staðreynd eigi eftir að hafa augljósara vægi í framtíð okkar allra, ef þróun samfélagsins verður í þá veru að allir taki þátt, allir séu virkir, háir og lágir.

Skýrsla Kórstjóra

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir	KÓR101-501, 701	KÓR101-501, 801
Örlygur Atli Guðmundsson	KÓR101-501, 701	KÓR101-501, 801

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Svipaðir kennsluhættir og áður hafa tíðkast.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Nemendur þurfa að mæta á útskrift og til að fá einingu fyrir áfangann. Fá aukaeyningu fyrir að mæta á tónleika kórsins

Námskeið sem kennarar hafa sótt

GKS sótti tvö námskeið á síðastliðnu skólaári sem tengdust þó ekki kórstarfi.

ÖAG Stundaði framhaldsnám í kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar í vetur og lauk því nú vor, hluti af Kantorsnámi.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Ýmis ný lög æfð, t.d. lög sem sungin voru með ítalska kórnum sem við heimsóttum í apríl. Disneyþema var fyrir áramót.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Virkja mætti betur þá nemendur sem eru ekki sérstaklega virkir í starfi kórsins, GKS fannst meira og minna alltaf sama fólkið vera að bjóða sig fram þegar eitthvað var um að vera, betri skráningar o.þ.h. gætu hjálpað til við utanumhald.

GKS og ÖAG setjist saman í byrjun annar og útbúi dagatal fyrir komandi önn/annir og setji einnig skýrari skilyrði varðandi áfangann í kennsluáætlun.

Inntökupróf – ÖAG Leggur til að inntökupróf í kórinn verði hert, kemur í veg fyrir vandamál er kunna að birtast þegar lagt er af stað í kennslu og getur verið erfitt að vinda ofan af.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Erum sátt við áherslur skólayfirvalda.

Annað

GKS leggur til fyrir næstu utanlandsferð verði betur haldið utan um skráningar kórmeðlima í ferðina og haldinn fundur strax með foreldrum þegar ákveðið hefur hvert verður farið. Kórmeðlimir voru ekki að fara eftir tilmælum kórstjórnenda sem orsakaði fjárhagstap fyrir kórinn.

Álag á umsjónarmann, þegar farið er með kórinn til útlanda, er mun meira en gefur til að kynna í starfslýsingunni. Það mætti skipa sérstakar nefndir innan kórsins sem skipta með sér verkum og sér um, eða aðstoðar, umsjónarmann við ákveðin atriði. T.d. gæti verið sérstök söfnunarnefnd, vöflunefnd (að selja vöflur og kókómjól í fundargati o.þ.h.), styrkjanefnd (að safna styrkjum og vörum til sölu). Oft sagðist fólk vera tilbúið að taka eitthvað að sér en stóð síðan ekki við það. Þarf betra utanumhald á þessu.

Nauðsynlegt reyndist að vera með aðstoðarmanneskju utan kórstjóra og umsjónarmanns í ferðinni til Ítalíu. Það þurfti að sinna mörgum og var þetta ekki fyrir 2 aðila að vera með tæplega 40 manns. Við mælum eindregið með að reiknað sé með aðstoðarmanneskju fari fjöldinn yfir 30 manns.

Skýrsla matvæladeildar veturinn 2014-2015

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Anna Valgerður Sigurðadóttir	ÞJSK1ÞA02 – 1 hópur	ÞJSK1ÞB02- 1 hópur
Guðríður Egilsdóttir	MAT1732 -2 hópar VFFM1VA10– 1 hópur FÖFM1FB04 – 1 hópur VÞVS1VB001 – 1 hópur	MAT173-2 hópar VFFM1VB10- 1 hópur FÖM1FA04- 1 hópur VÞVS1VA01-1 hópur
Margrét Stefánsdóttir	MAT173-1 hópur MAT1S3-2 hópar	MAT173-1 hópur MAT1S3-2 hópar

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

GFM eða grunnnám ferða-og matvælagreina var kennt í fyrsta sinn í vetur og gekk vel en verður á næstu önn GMF eða grunnnám matvæla-og ferðagreina sem er réttarar heiti á brautina vegna meira námsefnis á matvælasviði.

Í GFM eru fjórir kjörsviðsáfangar VFFM1VA10 og VFFM1VB10 þar sem nemendur kynnst störfum iðngreina á matvælasviði. Í FÖFM1FB04 og FÖM1FA04 er kennd fag- og örverufræði sömu iðngreina. Í vinnustaða áfanganum VÞVS1VB001 og VÞVS1VA01 fóru nemendur á vinnustaði þar sem að þau fengu að vinna með fagmönnum í matreiðslu, framreiðslu, bakstri og kjötið. Staðirnir sem nemendur fóru á voru Hótel Selfoss, Hótel Geysir, Hótel Rangá, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Hótel Örk, Tryggvaskáli, SS Hvolsvelli, Krás og Guðnabakarí. Þá heimsóttu okkur fulltrúar frá MAST og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands en auk þess fórum við þangað í heimsókn og fræddumst um starfsemi þessara stofnana. Gestakennarar voru Guðmundur Björgvin Gylfason sem talaði um skyldur starfsmanna og fyrirtækja við starfsmenn, Hannes Stefánsson sem fræddi nemendur um starf leiðsögumanna.

Bjarki Hilmarsson yfirkokkur á Hótel Geysi kom og talaði um starf yfirmanns, Oddur Árnason frá SS talaði um kjötið, Óskar Guðnason frá Guðnabakarí talaði um bakarið og Sigurlaug Jóhannesdóttir frá Kaffitár ræddi við okkur um fyrirtæki og starfsmenn á kaffihúsum. Í þjónustuáfanganum komu bæði Dakri frá Hótel Örk og Ásbjörn frá Tryggvaskála og héldu fyrirlestur um þjónustu. Í þjónustuáfanganum var einnig farið í heimsókn í Eldhesta þar sem öll aðstaða ferðaþjónustu fyrirtækisins var skoðuð. Farin var ferð í uppsveitir Árnessýslu þar sem skoðuð var frumframreiðsla fyrirtækja á matvælasviði. Þá fór GFM ásamt kennurum í heimsókn í VMA á Akureyri. Viðburðir sem nemendur í GFM tóku þátt í á vegum FSu voru eftirfarandi: Nesti var útbúið fyrir 40 nemendur og kennara sem fóru í fjallgöngu inn í Þórsmörk. Á regnbogadögum FSu bökuðu nemendur regnbogakökur og seldu í ferðasjóð.

Nemendur tóku þátt í að útbúa morgunverð á vegum nemendafélagsins en þar bjuggu þau til ávaxtasalat í glös fyrir 500 nemendur. Þessi verkefni voru mjög góð fyrir nemendur og ekki síður skólann því ekki þurfti að kaupa hráefni í þessi verkefni.

Nemendur héldu tvö matarboð. Í fyrra boðinu notuðu þau lambafilé í aðalrétt sem þau höfðu úrbeinað og kryddað í kjötvinnslu SS á Hvolsvelli. Seinna boðið var fjáröflunarkvöldverður fyrir Akureyraferð, en þar var borinn fram hægeldaður lambaskanki og þjónað með 3 rétta matseðli fyrir 50 manns. SS gaf nemendum kjöt í báða þessa kvöldverði. Þau þökkðu fyrir sig með aðstoð á starfameissu og fengu mjög góða kveðju frá SS fyrir góða vinnu ☺

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat eftir hvern tíma, einstaklings- og hópverkefni bæði bókleg og verkleg, ferilmöppur, kynningar, leiðsagnarmat og jafningjamat.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Guðríður: Vann við að taka í raunfærnimat í matartækni, félags leikskólaliða og þroskaliða hjá Fræðslunet Suðurlands. Margrét var prófdómari hjá GFM í haust.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Þrjár nýjar kennslubækur voru kenndar í vetur. Kennslubók í matreiðslu og bakstri fyrir grunnnám matvælagreina eftir Hjördísi Stefánsdóttur og Marínu Sigurgeirsdóttur. 50 uppskriftir að góðri þjónustu, þjóðerni og þjónusta og þjónusta-fjöregg viðskipta eftir Margréti Reynisdóttur.

Ásamt öðru efni af veraldavefnum.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Kenna aftur GMF, nærumhverfi FSu þarf á þessum nemendum að halda. Allir nemendur sem útskrifuðust eru komnir með vinnu á þessu sviði og gátu þau valið um vinnu.

Þjónustuáfangarnir ÞJSK1ÞA02 og ÞJSK1ÞB02 geta nýst nemendum á öðrum brautum en GMF brautinni td. Hestabraut. Það er reyndar spurning um að setja eitthvað af þessu efni inn í Braga ?

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Áfram þarf að passa upp á að verklegt nám sé fjölbreytt í FSu. Við á Suðurlandi þurfum á fjölbreyttu námsúrvali að halda fyrir unga fólkið okkar. Það er skylda okkar að næra nærumhverfið á starfsmönnum í fjölbreytt störf.

Þegar kemur að aðstöðu matvælabrautar þá er hún löngu úr sér gengin. Núna er mikil þörf á að endurnýja tæki og áhöld í eldhúsi eins og hrærivélar, mixara og eldavélar, fjórar af fimm eldavélum og ofnum eru yfir 20 ára gamlar. Í öllum stærri eldhúsum er eldað á gasi og væri

frábært að fá inn gaseldavél. Ísskápur er allt of lítill, möguleiki er á að búa til kæliklefa úr helmingnum af geymslu og stækka frystir í iðnaðarskáp. Borðsalur/kennslustofa er með ónýt borð og mjög þreytta stóla og ef vel ætti að vera þá væri borðstofan með veitingahúsa húsgögnum. Þá þarf að koma upp fjölbreyttara úrvali af hnífapörum og borbúnaði fyrir um 50 manns. Þá vantar dúka og servíettur. Eitthvað af þessu væri hægt að fá hjá samstarfsaðilum okkar á brautinni en það þarf tíma til að vinna í.

Annað: Við í GFM erum mjög þakklát þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem að tóku á móti okkur í kynningu, vinnustaðanám og heimsóttu okkur með fyrirlestra gerði námið faglegra og áhugaverðara. Öll fyrirtækin eru tilbúin að taka á móti okkur næsta vetur. Það er þó eitt fyrirtæki sem að stendur upp úr það er SS á Selfossi og Hvolsvelli.

Með sól í hjarta ☺

Anna Valgerður Sigurðadóttir

Guðríður Egilsdóttir

Margét Stefánsdóttir

Skólaskýrsla myndlistardeildar skólaveturinn 2014 til 2015

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Ágústa Ragnarsdóttir	MYL163	MYL173
	MYL263	MYL273
	MYN1S3	MYN1S1
	MYN3S3	MYN1S3
	LER1S1	MYN2S1
		MYN2S3
		MYN3S1
		MYN3S3
		MYN4S3

Elísabet H. Harðardóttir	MYL103	MYL173
	MYN1S3	MYL203
	MYN3S3	MYL273
	SJL103	MYN2S3
		MYN4s3
		SJL103

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Í MYL173 var farið alveg nýjar leiðir, nemendum var stýrt hvað varðar verkefni og nálgun. Var það gert til þess að freysta þess að ná fram skilvirkari vinnubrögðum og meira námi. Það er niðurstaða okkar að það hafi gefist mun betur en það frjálsræði sem hefur einkennt áfangann hingað til þó ef til vill hefðu sum verkefnanna mátt vera einfaldri með hliðsjón af því að þarna voru nemendur ekki með neinn grunn í myndlist.

MYL273 var kenndur í fyrsta sinn. Þar hefðu nemendur í raun geta unnið að sömu verkefnum og nemendur í MYL173 þar sem um allt aðra nálgun var að ræða í þeim áfanga en fyrr (eins og lýst er að ofan) en ákveðið var að hafa nýtt þema þar líka svo þau upplifðu framhaldsáfanga og aðra nálgun en þó stýrð verkefni og nálgun og meiri sérhæfingu og rýni.

MYL173 og MYL273 voru kenndir samhliða en voru báðir nokkuð krefjandi hvað varðaði kennslu og aðstoð í tímum þannig ef til vill hentuðu þeir ekki nógu vel saman nema þá með að nýta sér þessa reynslu til frekari þróunar.

MYL263, framhaldsáfangi í endurvinnslu, var boðinn í fyrsta sinn og kenndur samhliða MYL163. Þar gafst samkenndan afar vel þó verkefnin væru ólík, en þeir lengra komnu unnu nokkuð sjálfstætt og voru auk þess dugleg að hjálpa, aðstoða og koma með hugmyndir handa þeim í MYL163. Það var virkilegur sjáandi munur á þeim nemendum sem komu í annað sinn í þetta þema, hvað þeir voru búin að kveikja á perunni í þessari endurvinnsluhugsun. Þannig að framhaldsáfangi í þessu á erindi en líklega með einhverra anna fresti. Helsti galli þessarar samkennslu var nefnilega sá að þeir lengra komnu mynduðu orðið sterkan kjarna (sem er reyndar mjög gaman) sem þekktust fyrir sem ef til vill gerði þá styttra komnu feimnari við að blandast saman.

MYL 103, módelteikningaráfanginn var kenndur með svipuðu sniði og áður. Nemendur skiptust á um að vera módel annars var stuðst við teikningar og ljósmyndir Farið var í mannamyndir í gegnum listasöguna og nemendur prófuðu blindteikningar. Ekki tókst að fá aðkeypt módel í þetta skipti.

SJL 103 var kenndur með breytingunum frá árinu áður og reyndist vel.

Í MYL 203 var farið út í meiri nálgun við listasöguna. Aðaláherslan lögð á myndbyggingu út frá hinum ýmsu stílum. Viðfansefnin ýmis konar og aðferðir.

Reyndist frekar flókið fyrir marga nemendur. Þarna þarf að gera nokkrar breytingar á. T.d. vinna verkefni í ákveðnu myndefni og láta það síðan þróast í ólíka stíla í vinnuferlinu.

Í MYNáföngum á starfsbraut má einkum nefna endurvinnsluverkefni og myndvefnað.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í öllum áföngum er notast við símat, þ.e. kennari skráir árangur jafnóðum að verkefnum loknum inn í Moodle þar sem nemendur hafa strax aðgang að einkunnum sínum eða afhendir nemendum einkunnir beint. Nemendur vita frá upphafi fjölda, vægi og tímaramma verkefna. Ekki er bara endanlegt verk sem liggur til mats, heldur einnig vegferðin. Ekkert hefðbundið próf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ágútsta sótti engin skipulögð námskeið í vetur en sífellt er verið að þróa áfanga og prufukeyra og felst heilmikið nám í því.

Elísabet var í námsleyfi veturinn 2013-2014 og kom fersk inn með nýjar áherslu sem settu svip sinn á breytingar í áföngum.

Að auki var mikil vinna og nám sem fólst í vinnu við fyrirbyggjandi námskrárbreytingu n.k. haust en þá verður hægt að útskrifast sem stúdent af listalínu í fyrsta sinn.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar kennslubækur, en nýjar glærur og kennslublöð í MYL173, MYL273, MYL263 og MYL203 útbúið af kennurum.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Viðhalda enn frekar sýnileika myndlistardeildar í skólanum með áframhaldandi sýningarhaldi og innsetningum sem og áherslu á þann möguleika sem hin nýja námskrá býður upp hvað varðar listnám til framtíðar.

Vinna enn frekar í þróun hinnar nýju listalínu, með því að skoða fleiri áfanga, ferli og leiðir í myndlistinni svo það nám nýtist að fullu fyrir frekara framhaldsnám í myndlist og hönnun.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

1. Bæta lýsingu fyrir ofan hátt borð í forstofu myndlistarstofunnar svo þar sé hægt að vinna svo vel sé (einnig nefnt í fyrra).
2. Stækka vaskaaðstöðu inni í myndlistarstofu, fá stóran og djúpan álvask (einnig nefnt í fyrra).
3. Fá stórt og gott ljósaborð í myndlistarstofuna (gæti verið búið til í Hamri sem samstarfsverkefni milli deilda (nefnt í fyrra)
4. Bæta við fleiri myndahillum fyrir framan myndlistardeildina að textíildeildinni (einnig nefnt í fyrra).
5. Fá nokkar „gamlar og notaðar“ hillur í forstofu myndlistardeildar (hefur verið nefnt við húsvörð, sem ætlar að hafa augun opin).

Ágústa Ragnarsdóttir og Elísabet Helga Harðardóttir

2.2.3 Raungreinar

Kennslustjóri: Ronald B. Guðnason

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Ronald Björn Guðnason	EÐL103	EÐL103
	EÐL313	EÐL203
	EÐL102	JAR113
	NÁT123	NÁT123
Aníta Ólöf Jónsdóttir	NÁT 113	NÁT 113
	JAR 103	JAR 103
Ólafur Einarsson	NÁT103	NÁT103
	LÍF103	LÍF103
Jón Grétar Hafsteinsson	EFN103	EFN103
	EFN203	NÆR103
	NÁT123	NÁT123
Katrín Guðjónsdóttir		EFN303
Úlfur Björnsson	LAN103	LAN103
	LAN203	LAN303
	EÐL102	JAR203
	STÆ262	
Örn Óskarsson	LÍF243	LÍF203
	NÁT103	NÁT103
	NÁT113	NÁT113
	JAR213	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Í lífeðlisfræði í vetur var notuð rafbók og er það í fyrsta skiptið sem Ronald hefur notað slíkt. Það er ávallt mikil vinna að byrja með nýja kennslubók og töluvert meira átak að venjast rafbók bæði fyrir nemendur og kennara. Það eru kostir og gallar sem fylgja því að vera með rafbók. Helstu kostir eru að nemendur eru fljótir að leita af upplýsingum í rafbókum. Mjög þægilegt er að lesa rafbókina í lífeðlisfræði en einungis ef menn eru með lesbretti eða spjaldtölvur. Það er líklega umhverfisvænna að nota rafbækur, sjá t.d.

<http://www.theguardian.com/books/booksblog/2010/mar/09/ecological-ebooks>. Helstu ókostir voru að þeir nemendur voru í vandræðum sem ekki voru með eigin tölvu og höfðu þá ekki aðgang að bókinni á skólatíma. Kennslubókin var ekki til á rafrænu formi fyrir áramót og það var mjög slæmt. Nokkur dæmi voru um vandræði vegna niðurhals á bókinni en þau leystust á endanum. Sumar myndir í kennslubókinni komu illa fram í fartölvum og myndatexti var of lítill og ekki hægt að stækka myndir upp eins og í lesbrettum og spjaldtölvum.

Aníta prófaði að vera ekki með glærur, bara fyrirlestur og skrifa punkta uppá töflu. Það reyndist ágætlega, nemendur voru virkari í tímum og glósuðu. Þessi aðferð tók þó mun lengri tíma. Hún er enn ekki búin að ákveða hvort hún noti sömu aðferð næst eða hvort hún finni nýja aðferð.

Úlfur kenndi með „hefðbundnu“ sniði en hann hafði stuttar vikulegar innlagnir og verkefnavinnu nemenda. Hann endurgerði innihald áfangans LAN 203 og breytti áherslum í áfanganum JAR 203.

Á vorönn 2015 skiluðu nemendur Arnar ákveðnum verkefnum í stílabók sem síðan var skilað í lok annar í stað þess að skila beint á Moodle. Hann tékkaði á verkefnavinnunni tvisvar á önninni. Þetta var gert í öllum hans áföngum og var gert til að minnka það vandamál að nemendur séu að afrita og skila verkefnum hver frá öðrum. Stílabókar fyrirkomulagið gekk nokkuð vel en erfiðlega gekk að innheimta stílabækur frá sumum nemendum í lokin. Líklega verður að innkalla allar stílabækurnar líka á miðri önn og ekki bara í lokin, til að halda nemendum við efnið.

Ronald hélt áfram með vendikennslu í EDL103 sem gekk vel, a.m.k. fyrir þá nemendur sem nenntu að horfa á fyrirlestrana heima.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Lokapróf í EDL103, EDL203 og EDL303, einnig í öllum LÍF og NÆR áföngum en símat í EDL102 og öllum NÁT, JAR, EFN, LAN og LÍF áföngum. Símat gekk óvenju illa hjá sumum á vorönn og að halda nemendum við efnið á önninni þannig að margir þurftu að taka skrap-próf í maí. Þetta kallar á endurskoðun þessa fyrirkomulags

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ólafur var á ráðstefnu um sjóendur International Seaduck Conference sem haldin var 8.-12. september 2014 í Reykjavík.

Ronald fór til Bandaríkjanna á haustönn til að skoða eðlisfræðikennslu og heimsækja College.

Aníta fór á hluta úr námskeiði sem heitir Náttúruvísindi á 21. öldinni um vistheimt sem var mjög áhugavert og langar hana að byrja með áfanga sem fjallar um það viðfangsefni.

Úlfur sótti námskeið um stærðfræðikennslu í framhaldsskólum dagana 28. og 29. maí haldið af Endurmenntun HÍ. Sótti nokkra fyrirlestra á vegum Náttúrufræðifélags Íslands um rannsóknir í náttúrufræðum.

Örn er skráður í erfðafræðinámskeið á vegum Samlífs í júní 2014.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Ný kennslubók í lífeðlisfræði.

Úlfur bætti við myndefni af Youtube og DVD ásamt talnaefni úr gagnagrunnum á alnetinu sem ýtarefni og stoðefni við núverandi kennslubækur. Hann bjó til samfelldan texta úr dreyfðu netefni fyrir JAR203 og setti á kennsluvef.

Örn notaði nýjar bækur í NÁT103 (Líffræði eftir Örnólf Thorlacius) og LÍF203 (Erfðafræði eftir Örnólf Thorlacius).

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Á næstu önn mun verða talsverð breyting, líklega hverfur Örn frá símati, bæði vegna nýja vinnumatsins (ekki gert ráð fyrir tíma í verklegar æfingar og úrvinnslu úr þeim) og vegna sívaxandi fjölda nemenda sem ekki standa sig á önninni og þurfa að taka skrap í lok annar. Þannig að næsta vetur verður hann með lokapróf í öllum hans áföngum.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Mjög erfitt er að hafa marga nemendur í verklegum tímum í líffræði og það er út í hött að miða við að hópastærð sé 25 í greinum þar sem er verkleg kennsla. Í verklegum tímum ætti nemenda fjöldi ekki að fara yfir 15. Nú er hópunum skipt upp í verklegu í líffræði þannig að helmingur er í verklegu og hinn hlutinn í verkefnum. Við þannig aðstæður næst alls ekki að sinna þeim sem eru í verkefnum þar sem einungis er hægt að aðstoða og leiðbeina þeim sem eru í verklegu og hinir nemendur eru afskiptir. Í þessu sambandi má benda á nýlega ályktun Samlífs sem send var menntamála-ráðherra, sjá: <http://www.lifkennari.is/alyktun-um-stodu-raungreina-i-stytttri-framhaldsskolum-nidurskurd-og-vinnumat>.

Auka mætti vettvangsvinnu í NÁT103 ef fjárhagur leyfir.

Það gæti verið spennandi fyrir FSu að verða Græn Fána skóli, margir nemendur koma úr þannig grunnskólum og gott væri að viðhalda góðum siðum sem þar eru þegar þeir koma í framhaldsskóla.

Þau gætu tekið tillit til álags og tíma sem fylgir kennslu í raungreinum.

Annað

Úlfur kenndi STÆU93, 102, 122, 202 og 243 að Sogni haustönn og vorönn ásamt að leiðbeina nemendum í LAN103 og 203 svo sem sjá má í skýrslu kennslustjóra í fangelsum. Hann tók þátt í alþjóðlegu verkefni um grjót og steindir ásamt 6 öðrum erlendum skólum. Verkefnið er hluti af Comeniusaráætlun EU. Einnig skipulagði hann viku heimsókn skólanna til Íslands í lok september 2014. Síðan fór hann með 6 íslenska nemendur í LAN 303 og JAR 203 í heimsókn til Frakklands seint í apríl 2015.

Næsti vetur verður sá síðasti fyrir Örn við þessa stofnun.

Þetta var mjög fínt ár og starfsandinn alltaf góður, yndislegt samstarfsfólk og þakka ég kærlega fyrir þetta skólaár. ☺

Ronald Guðnason

2.2.4 Starfsnám (viðskipta-, sjúkraliða- og upplýsingagreinar.)

Kennslustjóri: Íris Þórðardóttir

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Elínborg Arna Árnadóttir		HÁR 1S2
		HÁR 2S2
		HÁR 3S2
		HÁR 4S2
		HÁR 1724AB
Helgi Hermansson	UTN-103	UTN-203
Þórey Hilmarsdóttir	Bók213	Bók203
Ragnar Geir Brynjólfsson	TÖL103	TÖL103
	TÖL203	TÖL203
	TÖL303	TÖL303
Íris Þórðardóttir	LOL 203	LOL 103
	HJV103	VIN105
	HJÚ103	HJÚ203
	SAM103	SJÚ103
Ingibjörg Guðmundsdóttir	HAG103	HAG113
	VIÐ143	VIÐ123
Ingunn Helgadóttir	STÆ U93	STÆ U93
	BÓK 103	BÓK 103
	UTN 103	
	TÖL 1S1	TÖL 2S1

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Þórey segir að nemendur hafi lært á DK bókhaldskerfið og var í fyrsta sinn samið við DK um aðgang að kerfinu í gegnum DK vistun. Það reyndist ekki vel, enda netsamband ekki gott og ekki til að stóla á.

Engar nýjungar í kennsluháttum í Bók203.

Ingibjörg segist hafa sett VIÐ143 upp þannig að nemendur fengu áætlun yfir önnina og bar að skila vikulega til sín verkefnum. Var því ekki með fyrirlestra eða annað innlegg til kennslunar. Síðan var hún með próf á u.þ.b. mánaðar fresti. Þetta gekk mjög vel og náðu vel flestir að vinna sér inn frí í tíma, sem virkaði vel sem gulrót til að vinna að verkefnaskilum.

Í HAG113 bætti **Ingibjörg** við námsefnið bókinni *Ferð til fjár* sem er algjörlega sniðin að þeirra þörfum í sambandi við að vera þátttakandi í samfélaginu fjárhagslega. Tóku þau vel í þetta og fannst gaman að skoða hlutina út frá sjálfum sér. Þetta flokkast sem fjármálalæsi í námskrám í dag.

Ingunn segir að í UTN og TÖL áföngunum hafi verið nýjungar eins og heimasíðugerð, að búa til teiknimyndasögur og ratleikur í ákveðnu forriti. Eins kynnti hún fyrir þeim notkun Google forrita, Dropbox svo eitthvað sé nefnt og í TÖL áföngunum voru klippt til myndbönd.

Síðasta sumar endurraðaði **Ragnar** efninu í áföngunum TÖL103/TÖL203/TÖL303 með tilliti til nýrrar námsskrár sem tekur gildi næsta haust. Einnig voru nýjar kennsluáætlanir gerðar og undirbúið að skipta um heiti á áföngunum. TÖL103 verður TÖLV1FA05, TÖL203 verður TÖLV2FB05 og TÖL303 verður TÖLV2FC05. Dálítið af efni sem var í TÖL103 fer í TÖLV2FB05 og nokkuð efni úr TÖL203 fer í TÖLV2FC05 auk þess sem nýtt efni bætist í þann síðastnefnda en það er efni um fjölþráða vinnslu.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Hjá **Þórey** var námsmat í Bók213 staðið eða fallið. 100% verkefnaskil.

Námsmat í Bók203 á vorönn byggðist á þremur lotuprófum og verkefnabók. Í fyrsta sinn er ákvæði um að nemendur stæðust lágmarkskröfur í hverjum þætti námsmatsins fyrir sig.

Hjá **Örnu** er það

Einstaklingsmat og umsögn.

Mæting 60%

Virgni í tímum 10%

Samvinna/ samskipti 20%

Vinumappa með verkefnum annarinnar 10 %

Hjá **Írisi** eru HJV103 og VIN105 eru verklegir áfangar og er 105 unninn á öldrunardeildum um allt Suðurland. HJV103 er aftur á móti kenndur inn í skóla og er lokið með verklegu prófi með aðstoð prófdómara

SAM103 var símmatsáfangi – LOL103, LOL203, HJÚ203 og SJÚ203 voru prófáfangar þar sem var 30% vetrareinkunn og 70% lokapróf

Ingibjörg var með símat í öllum áföngum og finnst það virka vel á nemendur og voru þeir allir sáttir við það fyrirkomulag. Var reglulega með próf úr námsefninu og vinnubækur sem þurfti að skila ca mánaðarlega.

Hjá **Ragnari** var námsmati lítillega breytt frá síðustu önn. Áfangar eru þó áfram með 80% skriflegu lokaprófi. Vægi forritunar hefur verið aukið á skriflegu lokaprófi í áföngunum TÖL203 og TÖL303 úr 25% í 40%. Þetta er liður í undirbúningi fyrir innleiðingu nýrrar námsskrár og hugmyndin er að leggja meiri áherslu á færni í forrituninni sjálfri.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Þórey hefur stundað nám í Lýðheilsuvísundum – diplómanámi við HÍ á haustönn 2014 og vorönn 2015. Lauk 18 ECTS í grunnáföngum í lýðheilsuvísindum og faraldsfræði.

Íris hefur verið á námskeiðum hjá hjúkrunarfélögunum og á hádegisfræðslu í Háskóla Íslands á læknissviði.

Arna segist hafa sótt nokkur hárnámskeið á önninni til að fylgjast með því allra nýjasta.

Því miður hafa ekki verið endurmenntunarnámskeið hjá samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara sem hafa höfðað til mín segir **Ragnar**. Þau námskeið er helst að finna hjá tölvufyrirtækjum en þau eru yfirleitt dýr og hleypur verð gjarnan á hundruðum þúsunda. Hann hefur sótt nokkrar ráðstefnur í faginu og kynningar fyrirtækja í vetur eins og hann hefur gert undanfarin ár. Þar á meðal er t.d. UT-messan bæði 2014 og 2015 en í bæði skiptin var hann eini ráðstefnugesturinn frá FSu. Á UT-messunni 2015 voru t.d. 4 ráðstefnugestir frá Heilsustofnun Suðurlands. Hann hefur einnig farið þá leiðina að kaupa fræðibækur og er búinn að koma sér upp tölvubókasafni. Vinnuaðstaða hans batnaði til muna þegar hann fékk aðstöðu í lðu síðsumars 2013 og festi kaup á bókahillum og kom skipulagi á bækurnar.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Nei engar nýjar bækur segir **Íris** – en verið að læra og finna út hvernig megi nota hin ýmsu öpp til kennslu og sem kennslutæki.

Arna segir að þar sem áfangarnir eru frumsamdir og í þróun eru enn ekki til neinar kennslubækur. En þó nýti hún ýmislegt gamalt og nýtt efni á netinu.

Þórey í Bók213 (tölvubókhaldsáfangi) var þrouð áfram tilraun með að nota raunveruleg bókhaldsgögn sem kennslugögn. Bókhaldsgögn Mötuneytis nemenda FSu voru notuð.

Ingibjörg notaði nýja bók í HAG113 vegna aldurs fyrri bóka. Þessi bók var þannig sett upp að hlutirnir eru einfaldaðir til þess að auðvelda skilning á þjóðhagfræði og er ekki upptekin af kenningum gamalla hagfræðinga.

Bætti einnig við námsefnið í HAG113 bókina Ferð til fjárs sem er sjálfshjálparbók um fjármálalæsi.

Ragnar: Í sumarfríinu 2014 las ég yfir og kom með nýja útgáfu af kennslubók sem ég skrifaði 2005 og ber heitið „Forritun í C# - 1. Hluta“. Tími hefur ekki gefist til að halda áfram skrifum á minni fjórðu kennslubók, en það er bókin „Forritunarverkefni úr sögu dulritunar“. Eins og áður hefur komið fram þá sótti ég um námsleyfi 2013 til að vinna að bókinni en var synjað sem þýðir að þróun bókarinnar verður hægt. Í sumar stefni ég á að gera sama fyrir síðari hluta kennslubókarinnar frá 2005 en hún heitir „Forritun í C# - 2. Hluta“. Þessi hluti verður notaður í áföngunum TÖLV2FB05 og TÖLV2FC05.

Ingunn segir að ef hún kenni aftur BÓK103 þá muni hún skipta um bók

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Arna segist vera að þróa þessa áfanga, bæta og breyta og er með fullt af skemmtilegum og skapandi hugmyndum sem auka getið fjölbreytni valáfanga í skólanum.

Ingibjörg er fylgjandi símati og hvatningu til nemenda að reyna að vera sjálfstæðir í námi sínu og að þeir geti stýrt sínum hraða. Telur hún því vera meiri tími fyrir þá sem þurfa meiri aðstoð en hinn „venjulegi“ nemandi.

Ragnar telur að skólayfirvöld gætu skoðað þann möguleika að fella niður skyldumætingu í forritunaráfangana og bjóða upp á aðstoð í stoðtímum í staðinn. Þannig hefur forritunin verið kennd í MH síðan 2003.

Reyna að vekja áhuga starfsmanna á UT-messunni. Hafa TÖLV1FA05, TÖLV2FB05 og TÖLV2FC05 forritunarlínuna í boði á sem flestum námsbrautum.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Ingunn fékk ekki úthlutaða tölvustofu fyrir TÖL áfanga sem var mjög slæmt og fóru stundum heilu tímarnir í að láta fartölvurnar virka eða vinna rétt. Þessi nemendahópur á erfitt með að sætta sig við tölvur sem virka ekki sem skildi.

Bara þakkir fyrri betri aðstöðu fyrir verklega áfangan HJV103 hér inn í stofu. Hefur létt allt um helming bæði fyrir mig og nemendur segir **Íris**

Ragnar leggur til aðreynt verði að vekja áhuga starfsmanna á UT-messunni. Hafa TÖLV1FA05, TÖLV2FB05 og TÖLV2FC05 forritunarlínuna í boði á sem flestum námsbrautum.

Ég er nú ekki komin á þann stað að ég skynji það, segir **Arna**. Allt bara svo æðislegt.

2.2.5 Stærðfræði

Kennslustjóri: Ólafur Bjarnason

Kennsluskipting

Skólaárið 2014-2015 var skipting stærðfræðikennslunnar eins og taflan hér fyrir neðan sýnir. Ellefu kennarar kenndu stærðfræði á haustönn og tíu á vorönn. 3 af þessum kennurum voru í fullu starfi við stærðfræðikennslu á báðum önnum.

Nafn kennara:	Áfangi /ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Eyvindur Bjarnason	Stæ U93	
	Stæ 122	Stæ 102
	Stæ Shópur	Stæ Shópur
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir	Stæ 202	Stæ 203
	Stæ 213	
	Stæ Shópur	
Auk þess hafði Guðbjörg umsjón með fjarnámi grunnskólanema í Stæ 203 á vorönn.		
Ingunn Helgadóttir	Stæ U93	Stæ U93
Ingvar Bjarnason	Stæ 103	
	Stæ 203	Stæ 303
	Stæ	Stæ
	Ýmsir áfangar	Ýmsir áfangar
	á Litla-Hrauni	á Litla-Hrauni
Auk þess hafði Ingvar umsjón með fjarnámi grunnskólanema í Stæ 103 á haustönn.		
Kjartan Ólason	Stæ 102	Stæ 102
	Stæ 122	Stæ 122
		Stæ 202

Kristjana S. Skúladóttir	Stæ 103	Stæ 202
	Stæ Shópur	Stæ Shópur
Magnús Másson	Stæ 102	Stæ 122
	Stæ 122	Stæ 203
	Stæ 303	Stæ 303
Ólafur Bjarnason	Stæ 102	Stæ 102
	Stæ 103	Stæ 203
	Stæ 313	Stæ 262
		Stæ 313
Renata Lis	Stæ 403	Stæ 403
	Stæ 503	Stæ 503
	Stæ 703	Stæ 603
Skúli Halldórsson	Stæ 203	
	Stæ 303	
	Stæ 403	
Úlfur Björnsson	Stæ 262	
	Stæ	Stæ
	Ýmsir áfangar	Ýmsir áfangar
	á Sogni	á Sogni

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nokkrir kennarar deildarinnar héldu áfram að nota „Wolfram Alpha“ og „GeoGebra“ til stuðnings við hefðbundna kennslu. Þetta eru tölvuforrit sem hægt er að nálgast ókeypis á netinu og hafa reynst góð hjálpartæki við stærðfræðikennslu. Nú er að koma nokkur reynsla á notkun „GeoGebra“ og hefur Guðbjörg Helga verið þar í fararbroddi. Hefur hún kynnt notkunarmöguleikana fyrir öðrum starfsmönnum deildarinnar.

Áfram var notað Moodle kennslukerfið. Fleiri kennarar í deildinni hafa bæst við notendahóp þessa kerfis og láta vel af.

Þá hafa kennarar nýtt sér excel og ýmis smáforrit ásamt videomyndum af Internetinu til stuðnings við kennsluna.

Á haustönn hélt áfram kennsla í Stæ213 sem hannaður var af Ægi Sigurðssyni. Þessi áfangi er eingöngu kenndur í tölvustofu þar sem unnið er með töflureiknisforritið excel og fl.forrit. Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir tók við þessari kennslu af Ægi.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í stærðfræðiáfanganum U93 var námsmat byggt upp á ástundun og vandvirkni 20%, stöðupróf á önn 20% og lokaprófi 60%. Til að fylgja eftir þættinum um ástundun og vandvirkni skoðaði kennari vinnubækur nemenda með reglubundnum hætti. Þetta virtist vera hvetjandi fyrir nemendur og hefur vafalítið skilað einhverju í bættum námsárangri.

Sami háttur var hafður á í áfanganum STÆ102, nema að þar gildi lokapróf 70% á móti ástundun/vandvirkni 10% og stöðupróf/heimadæmi 20%.

Í áföngunum STÆU93, STÆ102 og STÆ122 var ákvæði í kennsluáætlun, þar sem gert var ráð fyrir að nemandi sem uppfyllti 75% námsmarkmiða annarinnar gæti ef hann vildi sleppt lokaprófi. Nokkrir nemendur tóku þessari áskorun í þessum áföngum. Þetta fyrirkomulag er þannig að virka mjög vel a.m.k. í sumum tilvikum.

Í áfanganum STÆ103 var haustönninni skipt upp í 5 námslotur. Hverri námslotu lauk með lotuprófi. Nemandi sem lauk öllum þremur lotunum með a.m.k. 65% árangri gat, ef hann vildi, sleppt lokaprófi að því tilskildu að hann hafi staðið skil á öðrum verkefnum s.s. heimadæmum og hafði verið vel virkur í námi alla önnina. Ef nemandi stóðst ekki námskröfur lotuprófanna þurfti hann að taka lokapróf sem gildi 70% á móti annareinkunn sem gildi 30%.

Í STÆ202 var hafður sami háttur á og í STÆ103, nema þar voru námsloturnar 3. Krafist var 75% námsárangurs í lotuprófum og lágmarkseinkunnar 6,0 í hverju einstöku lotuprófi.

Í stæ203 var hafður sami háttur á og í stæ103, nema þar voru námsloturnar 3. Krafist var 75% námsárangurs í lotuprófum og lágmarkseinkunnar 7,0 í hverju einstöku lotuprófi.

Í stæ213 byggðist námsmat á einstaklings- og hópverkefnum 70% og 3 stöðuprófum 30%.

Í stæ262 voru lögð fyrir 3 stöðupróf ásamt heimaverkefnum. Ef nemandi náði 75% námsmarkmiða annarinnar gat hann sleppt lokaprófi. Nokkrum nemendum tókst þetta.

Í öðrum áföngum voru haldin hefðbundin lokapróf þar sem vægi lokaprófs var yfirleitt 80% eða 60% á móti verkefnaskilum annarinnar sem voru þá 20% eða 40%.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Námstefna Flatar, félags stærðfræðikennara var haldin í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ laugardaginn 4. október 2014. Einn stærðfræðikennari úr skólanum Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir sótti námstefnuna þennan dag. Þar var fjallað um og kynnt svokallað Fab-lab, sem er stafræni smíðja meðal annars með þrívíddarhönnunartæki. Einnig var tekið fyrir

þennan dag, hvernig hægt er að nota tölvutæknina í stærðfræðikennslu svo sem i-pad og þess háttar. Fjallað var einnig um speglaða kennslu.

Guðbjörg Helga kynnti sér síðan nánar speglaða kennslu hjá Keili í apríl s.l.

Guðbjörg Helga tók einnig þátt í svokölluðu samspili, ásamt fleiri kennurum úr skólanum. Þetta er verkefni sem hófst í febrúar og mun standa fram í desember næst komandi. Samspil fjallar um tölvutækni í skólastarfi.

Guðbjörg Helga fór ásamt Ólafi Bjarnasyni á málstofu við Menntavísindadeild H.Í. 11. febrúar, þar sem kynntar voru niðurstöður úttektar á stærðfræðikennslu í framhaldsskólum. Þar kom fram að ýmsu er ábótavant, t.d. skortur á heppilegu kennsluefni, menntun kennara og sinnuleysi margra nemenda gagnvart náminu.

Þá má nefna að Guðbjörg Helga tók þátt í Kennarabingi Suðurlands 2. október. Þar kynnti hún fyrir grunnskólakennurum notkunarmöguleika GeoGebru í stærðfræðikennslu.

Í lok maí fóru Ingvar Bjarnason og Kristjana Sigríður Skúladóttir og Úlfur Björnsson á námskeið hjá Endurmenntun H.Í. Markmið námskeiðsins var að kanna leiðir til að auka þátttöku og áhuga nemenda í stærðfræði.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Á báðum önnum var notuð kennslubókin STÆ103(2012) eftir Jón Þorvarðarson í áföngunum STÆ102, STÆ 103 og STÆ 122. Að mati þeirra kennara sem kenndu þessa áfanga reynist þessi bók nokkuð vel.

Í áföngunum STÆ 202, STÆ 203 og STÆ 262 var notuð á báðum önnum bókin STÆ202 eftir Jón Þorvarðarson o. fl.

Á haustönn 2013 var gerð tilraun með breytt námsefni í stæ303. Notuð var bókin STÆR3AN sem er námsefni frá M.H. Þetta efni var einnig notað á báðum önnum skólaárið 2014-2015.

Fyrirhugað er að nota námsefni frá M.H. á næstu haustönn í STÆR2HV05(stæ303) en 4000 C frá Máli og Menningu í STÆR3FD05(stæ403).

Í STÆR3HD05(stæ503) verður notuð bókin Stærðfræðin okkar, Stærðfræði 503 Höf: Sigurbjörg Anna Guðnadóttir/Danielle Bisch.

Í STÆR4SG(stæ703) verður notað efni frá kennara.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Halda má á lofti í þessu sambandi skoðun stærðfræðikennara á núverandi eyktaskipan. En þeir telja sem kunnugt er að í stærðfræðikennslu væri mun heilladrýgra að vera með fjórar 55-60 mínútna kennslustundir á viku. Velta má fyrir sér hvort eitthvert samband er á milli lengd kennslustunda og brottfalls.

Nauðsynlegt er að ávallt séu aðstæður hvað varðar húsakost og búnað til stærðfræðikennslu sem bestar.

Tækjakostur

Á báðum önnum var séð til þess að lágmarksbúnaður væri til staðar í öllum kennslustofum þar sem stærðfræði er kennd skv. ábendingum í skýrslu fyrir skólaárið 2006-2007. Búnaður þessi var endurnýjaður á haustönn 2012. Lágmarksbúnaður er í öllum stofum þ.e. góð reglustika, hringfari og gráðubogi ásamt rúðustrikuðum töflum.

Annað

Þann 7. október 2014 fór fram Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema 2014-2015(forkeppni). Keppnin fór fram á tveimur stigum, neðra stigi fyrir nemendur á 1. og 2. ári framhaldsskóla og efra stigi fyrir nemendur á 3. og 4. ári. Við FSu tóku þátt 3 nemendur, tveir á efra stigi og einn á neðra stigi. Keppendur af öllu landinu voru í kringum 400 á báðum stigum. Enginn af þessum þremur nemendum náði þeim árangri að komast áfram í keppninni.

Á skólaárinu voru starfræktir stoðtímar á mánudögum til fimmtudaga ½ klst í senn frá kl. 15:30 til 16:00. Hver kennari í fullu starfi mætti í stoðtíma tvisvar í viku. Nemendur sumir hverjir nýttu þessa tíma og var notkun þeirra skráð á til þess gert eyðublað. Ljóst er að notkun stoðtímanna er nokkur, en þó mismunandi eftir áföngum.

En eigi að síður telja liðsmenn deildarinnar stoðtímana nauðsynlega.

Selfossi 18. maí 2015

Ólafur Bjarnason, kennslustj. í stærðfræði.

2.2.6 Verknám

Kennslustjóri: Svanur Ingvarsson

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Borgþór Helgason	MSM173	AVV102 1/2
	MSM1S3 ½	TTÖ102
	MSM2S2	HVM103
	RSU102	REN103
	STR302	PLV202
	PLV102	VFR102
	AVV202	EFM201
		TST101
		LH EFM102
		LH EFM201
Grímur Lúðvíksson		LH GÆF 101
		RTM 102
	RTM 202	RTM 302
	TNT 102	TNT 202
	TNT 303	TNT 403
	VGR 103	VGR 203
	VGR 302	VGR 402
	RAM303	RAF 1S3
		RAF 3S3
		RAF 4S3
Ingvar Bjarnason	TEH103-303	TEH103-303
Jón Sigursteinn Gunnarsson	VTG106	TIH10AK
	TRÉ1S3	ÚVH102
	TRÉ5S3	TRÉ1S3
	EFG103	TRÉ2S3
	GLU104	TRÉ3S3

Óskar G Jónsson	FRV103	SVH102
	GRT103	ÁGS102
	TRÉ173	VTS103
		LHÚ104
		INK102
Sigurður Grímsson		HÚB102
	REN202	REN103
	LSU102	HVM203
	PLV102	
	HSU102	HVM103
	LitlaHr	ÖRF101
	RSU102	LitlaHraun:
		HSU102
		LSU102
		PLV102
Svanur Ingvarsson	INR106	TRÉ109
	GRT103	GRT103
	GRT203	GRT203
		TRS102
		TST101
Þór Stefánsson	RAM 103	RAM 403
	STR 102	STR 203
	STR 302	STR 402
	RAL 102	RAL 202
	RAL 303	RAL 403
	RAT 102	RAM 203
	MRM 102	RAF 173
	VGR 103	
	RAM 303	

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat var í öllum verklegum áföngum og flestum fagbóklegum. Lokapróf voru í 4 áföngum í rafmagnsfræðum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

BH - Ég tók nokkra áfanga í rafvirkjun sem nýttist vel við kennslu í vélvirkjun.

ÓGJ - Námskeið hjá Iðnan fræðslusetur, raunkostnaður útseldrar þjónustu.

Námskeið hjá Promennt, verkefnastjórnun m/MindManager.

Ráðstefna á vegum Iðnmenntar um námsefni í verkgreinum.

Kynning hjá Iðnú, vegna útgáfu bókarinnar Vinnuvernd, vitund-varnir-viðbrögð, eftir Eypór Víðisson.

SI - Á haustönn, námsbókakynning (bækur og rafbækur) og umræður,- IÐNÚ

ÞS - Ég fór á BETT sýninguna í London í janúar.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

BH - Við tókum í notkun nýtt teikniforrit Inventor, það er það besta sem gerist á markaðnum í dag.

ÓGJ - Bókin Framkvæmdir og vinnuvernd er að hluta til úrelt, þar sem stór hluti bókarinnar er byggð á byggingareglugerð, reglugerð sem tekið hefur stórum breytingum frá útgáfu bókarinnar, bókin er ákveðin tilvísun í það sem þarf að kenna, en margar tilvísanir eru gjörbreyttar. Legg því til að hún verði tekin út af bókalista nemenda.

Varð verulega öfundsjúkur út í Rafbókina, sem kynnt var á ráðstefnunni hjá Iðnmennt í vetur. Held að margt megi læra af henni og hvet Samtök iðnaðarins til að taka þátt í mótun sambærilegrar bókar fyrir bygginga- og mannvirkjagreinar líkt og rafiðnaðarmenn hafa gert, veit að samtökin eiga mikið af efni sérstaklega hvað varðar gæðakerfi í byggingariðnaði, skoðunarhandbækur fyrir iðnmeistara og fleira, einnig má nefna margvísleg efni frá Iðan fræðslusetur. Vantar að leiða saman alla er vinna að iðnmenntun í landinu til að auka áhuga ungs fólks á iðnmenntun og gera námið áhugaverðara.

Hef verið að skoða bókina Vinnuvernd -vitund-varnir-viðbrögð, er að mörgu leiti áhugaverð bók og fræðandi og styrkir alla umfjöllun um vinnuvernd.

ÞS - Deildin fékk vilyrði fyrir gjöf í vetur sem á eftir að afhenda. LOGO stýrivélar frá Félagi rafiðnaðarmanna á Suðurlandi og Smith og Norland.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

ÓGJ - Er opinn fyrir jákvæðri uppbyggingu iðngreina við skólann.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

GL - Bættur andi í skólanum. Nýtt verknámshús takk!

ÓGJ - Held að það sé kominn tími á CNC-fræsara til kennslu í iðngreinum hjá FSu. Vel mætti hugsa sé lítinn CNC fræsara sem gæti nýst öllum þrem verkgreinum sem kenndar eru í Hamri, húsasmíði, vélvirkjun og rafiðn, einnig mætti hugsa sér að nýta möguleika fræsarans fyrir kennslu í listgreinum og hugsanlega fleiri greinum, gæti til að mynda verið áhugavert fyrir nýnema skólans og opnað nýnemum nýja sýn til iðnnáms. Nefni sem dæmi framleiðanda á slíku tæki, CNC Routers frá Boxford, en þeir hafa framleitt fræsara handa skólum í yfir 70 ár, bjóða uppá margar gerðir fræsara fyrir bæði 2D og 3D, hönnunarforrit, dæmapakka, kennslupakka, 3D prentara og fleira og fleira. Umboðsaðili hér á landi eru Iðnvélar. Til dæmis vél sem kallast A3HSRmi2. Vafalaust eru fleiri framleiðendur með álíka tæki.

Gera þarf skýra sýn stjórnenda á kröfum skólans t.d. varðandi umgengnismál og samræmda notkun öryggisbúnaðar við kennslu í Hamri svo dæmi sé tekið. Finnst eins og við þurfum að bæta okkur þarna, við eigum að vera fyrirmynd iðnaðarmanna framtíðarinnar.

SI - Vísu í væntanlega nýbyggingu og þær úrbætur sem henni fylgja.

Annað

GL - Ég var í veikindaleyfi mest alla haustönnina eða frá sept. til des. Vegna hjartaaðgerðar. Afleysingakennarar fengust loks í minn stað. Kom svo aftur til starfa í janúarbyrjun.

ÓGJ - List vel á fasta fagfundi, sannfærður um að þeir koma til með að auka samræmingu og gæði kennslu. Verulega gaman að taka þátt í kennslu í bygginga- og verkgreinum við skólann, reynslunni ríkari, hlakka til næsta vetrar. Takk fyrir samstarfið.

SI - Veturinn var litaður af mikilli vinnu og fundarhöldum við smíði nýrra námsbrauta og áfanga. Inn í það blönduðust kynningar og fundir vegna nýs vinnumats sem að lokum var samþykkt. Það er sem sagt mikil gerjun búin að eiga sér stað sem og mikil vinna utan hefðbundinnar kennslu og undirbúnings hennar. Næsta vetur hefst raunverulega innleiðing á þessum miklu breytingum, þegar farið verður að kenna nýjar brautir og áfanga í nýju vinnumati. Þá þurfa allir að standa saman, gefu þessu sinn tíma og sníða af vankanta sem kunna að finnast.

ÞS - Veikindi Gríms Lúðvíkssonar settu svip sinn á haustönnina. Ég hljóp í skarðið og kenndi fyrir hann VGR102 og RAM303. Jón Bragi Ólafsson kenndi VGR302 og Tómas Tómasson TNT 102 og 303. Grímur kom fullfrískur til kennslu á vorönn.

Farnar voru tvær ferðir í vetur með nemendur. Auk okkar voru nemendur og kennarar úr mál- og starfsdeild. Við skoðuðum Vatnsverksmiðju Water Holdings ehf í Ölfusi á haustönn.

Á vorönn heimsóttum við Marel og Reykjanesvirkjun.

Í áfanganum STR402, fengu nemendur það verkefni að útbúa ljós fyrir spurningakeppni í anda Gettu Betur, þannig að sá sem er fyrstur að ýta á hnappinn, fái svar réttinn og aðrir geti ekki svarað. Þetta gekk mjög vel og höfðu nemendur bæði gagn og gaman af.

Kennarar í Hamri þakka fyrir veturinn og senda sínar bestu kveðjur.

Svanur Ingvarsson

3 Aðrar skýrslur

3.1 Bókasafn

Starfsfólk:

Starfsmenn bókasafnsins eru tveir. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður og Sigrún Björk Hjálmarsdóttir, bókavörður. Stöðugildi við safnið eru tvö.

Opnunartími:

Bókasafnið er opið mánudaga til föstudaga kl. 8:00-16:00. Opnunartími er 40 klst. á viku. Kennsla hefst á morgnana kl. 8:15 og lýkur kl. 16:00 mánudaga til fimmtudaga, á föstudögum lýkur kennslu kl. 15:25.

Útlán:

Útlán eru færð á þrjá vegu: í útlánabátt Gegnis, í tvær bækur í afgreiðslu og skammtímalán innan skólans eru handskráð og talin eftir hvern dag. Í aðra bókina í afgreiðslunni eru skráð útlán á myndefni og öðru safnefni sem ennþá er í hliðargrunni Gegnis og í hina bókina geta lánþegar skráð útlán sín þegar starfsmenn eru fjarri. Tímarit eru venjulega ekki lánuð út nema til kennara eða í tengslum við verkefnavinnu nemenda.

Orðabækur og kennslubækur eru einungis lánaðar í eina kennslustund og allajafna eru nemendur mjög skilvísir. Ákveðið var að hefja sams konar útlán á plöntugreiningarbókum, þ.e. Íslenskri flóru með litmyndum eftir Ágúst H. Bjarnason og Plöntuhandbókinni eftir Hörð Kristinsson. Þessar bækur voru áður deildarskráðar í líffræðistofu en það vildi brenna við að nemendur skiluðu þeim ekki til kennara eftir notkun og því varð að ráði að færa þær inn á bókasafn og halda utan um útlán á þeim.

Útlán á fartölvum hófust í mars og urðu þau alls 55 talsins. Tvær tölvur eru lánaðar út í eina kennslustund og hafa nemendur fagnað þessari nýbreytni.

<u>ÚTLÁN:</u>	<u>HAUST 2014</u>	<u>VOR 2015</u>	<u>SAMTALS:</u>
Í GEGNI	1066	719	1785
Í BÓK	204	235	439
INNAN SKÓLANS	4059	3081	7140
FARTÖLVUÚTLÁN		55	55
<u>SAMTALS:</u>	5329	4090	9419

Samstarf við önnur söfn:

Samstarf er ágætt við önnur bókasöfn á svæðinu og samráð haft um ýmis mál. Töluvert safnefni er fengið að láni frá söfnum nær og fjær með millisafnalánum og eins lánar skólinn efni til annarra safna þegar þess er óskað.

Listar yfir kjörbækur í íslenskuáföngum við FSu eru sendir í upphafi hverrar annar til almennings- og skólasafna á Suðurlandi. Söfnin geta þá tekið frá bækur og sett þær á styttri útlánstíma.

Millisafnalán:

Samtals voru millisafnalán 38 á skólaárinu, þar af voru 27 safngögn fengin að láni frá Bókasafni Árborgar. Einnig er leitað til annarra safna, einkum bókasafna framhaldsskólanna.

<u>Millisafnalán frá:</u>	<u>Haustönn 2014</u>	<u>Vorönn 2015</u>	<u>SAMTALS:</u>
Bækur frá söfnum	3	16	19
Mynddiskar frá söfnum	5	6	11
<u>SAMTALS:</u>	<u>8</u>	<u>22</u>	<u>30</u>

<u>Millisafnalán til:</u>	<u>Haustönn 2014</u>	<u>Vorönn 2015</u>	<u>SAMTALS:</u>
Bækur til safna	4	3	7
Mynddiskar til safna		1	1
<u>SAMTALS:</u>	<u>4</u>	<u>4</u>	<u>8</u>

Gegnir:

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands er aðildarsafn að Gegni, samskrá íslenskra bókasafna. Vorið 2006 voru bókfræðifærslur úr Metrabók, gamla bókasafnskerfinu færðar yfir í Gegni. Alls voru 14.411 skráningarfærslur í Metrabók og tókst að færa yfir 6.467 skráningarfærslur og 7.944 skráningarfærslur höfnuðu í svonefndum hliðargrunni sem er lokaður öllum nema starfsfólki aðildarsafnanna. Nú eru 533 færslur frá bókasafni FSu eftir í hliðargrunninum og farið að sjá fyrir verklok.

Á liðnu skólaári var áhersla lögð á að skrá kvikmyndir á mynddiskum úr hliðargrunninum inn í Gegni. Mikið af þessu efni þurfti að frumskrá og sú vinna krefst nákvæmni og getur því verið seinleg.

Bókasafnskerfið Metrabók sem byrjað var að skrá safnkostinn í upp úr 1990 var tekið úr notkun sl. sumar þegar netþjónn sem það var keyrt af var aflagður. Ekki var talið svara kostnaði að setja kerfið upp á nýjan netþjón enda megnið af safnkostinum skráð í Gegni að undanskildum kvikmyndum og sumum tímaritum sem höfðu verið skráð eingöngu í Metrabók. Nánast allt efni sem berst á safnið er nú skráð og tengt í Gegni. Einstaka tímarit og fréttabréf sem berast stopult eru skráð í excel-skjal.

Kostnaður við þátttöku í Gegni var kr. 407.186 á árinu 2014 eða kr. 33.932 á mánuði. Skólinn greiðir fyrir alla mánuði ársins.

Gagnasöfn:

Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á vefnum hvar.is veitir öllum sem tengjast netinu um íslenskar netveitur aðgang að heildartexta tímaritsgreina úr um 20 þúsund tímaritum og þar af tæplega 4.900 tímaritum beint frá útgefendum. Ríflega 200 aðilar greiða fyrir aðganginn, þar á meðal eru almenningubókasöfn, bókasöfn framhaldsskóla, íslenskir háskólar, bókasöfn heilbrigðisstofnana, ráðuneyti, rannsóknar- og stjórnsýslustofnanir, opinber hlutafélög, fyrirtæki o.fl. Einnig er greitt til Landsaðgangsins með framlögum á fjárlögum. Heildarkostnaður við Landsaðgang á árinu 2014 var 239,1 milljónir, þar af 14,6 milljónir í rekstur en áskriftir kostuðu 222,4 milljónir.

Framhaldsskólarnir hafa frá upphafi tekið þátt í kostnaði við landsaðganginn og er greiðsluupphæð miðuð við fjölda nemenda í hverjum skóla. Á árinu 2014 greiddi FSu kr. 84.529. Greitt er fyrir hlutdeild að eftirtöldum gagnasöfnum: Britannica Online, Ebsco Host, Greinasafn Morgunblaðsins (nema síðustu þrjú ár hverju sinni), Oxford Music Online, ProQuest Central og Web of Science - ISI.

Á skólanetinu er opinn aðgangur að veforðabókum Snöru og eru þær mikið notaðar, bæði af nemendum og kennurum. Einnig var opnað fyrir aðgang að ordabok.is skv. ósk frá starfsbrautarkennurum og enskukennurum. Inná ordabok.is er að finna Ensk-íslensk og íslensk-enska orðabók, Dönsk-íslensk og íslensk-dönsk orðabók og Íslenska stafsetningarorðabók.

Greinasafn Morgunblaðsins er opið á skólanetinu á starfstíma skólans en lokað er fyrir aðgang yfir sumarmánuðina. Í kaupbæti fær skólinn frítt pappírseintak af blaðinu.

Safnfræðsla:

Nýnemadagur var haldinn í upphafi haustannar 20. ágúst. Alls komu sjö hópar nýnema á safnið í fylgd kennara og fengu þeir örstutta kynningu á þjónustu safnsins og hvað það hefur upp á að bjóða.

Nemendur í lífsleikni fá safnkynningu bæði á haustönn og vorönn. Safnkynningin tekur eina kennslustund (75 mín.) og er kynning á safninu, safnkosti og þeirri þjónustu sem í boði er. Mikil áhersla er lögð á að kenna nemendum að nota Leitir.is og hvernig hægt er að leita

eingöngu að safnefni sem er til hér í FSu. Einnig er nemendum kynnt heimasíða bókasafnsins, vefurinn timarit.is og alfræðiritið Britannica. Í lok tímans vinna nemendur tveir og tveir saman verkefni á bókasafni sem m.a. þjálfar þá í að leita að heimildum inn á Leitum.is. Eins fær hvert par það úrlausnarefni að finna út staðsetningu ákveðinna rita á safninu og afhenda annað hvort Elínu eða Sigrúnu Björk.

Kennarar sem kenna NÁT 123 óskuðu eftir safnkynningu fyrir sína nemendur, bæði á haustönn og vorönn. Rík áhersla er lögð á kenna nemendum að nýta sér ýmis gagnasöfn við heimildaleitir. Vefurinn Leitir.is fær ágæta kynningu en auk þess eru nemendum sýndar leitaradferðir á Google Scholar, Timarit.is og Vísindavefnum. Útbúinn var listi yfir helstu gagnagrunna og einnig vænleg leitarorð, bæði á íslensku og ensku. Nemendur vinna svo verkefni í heimildaöflun sem gildir til einkunnar og hluti þeirrar vinnu nýtist þeim sem upphafspunktur fyrir frekari leitir. Til að safnfræðsla skili sem bestum árangri er æskilegt að búa svo um hnútana að hún fari fram strax eða fljótlega eftir að kennari hefur kynnt fyrir nemendum fyrirhugaða verkefnavinnu.

Stuttar safnkynningar voru haldnar á haustönn fyrir nemendur í ÍSL 203 og ÍSL 212. Þeim var ætlað að fleyta nemendum af stað við öflun efnis fyrir heimildaritgerðir. Til að auðvelda enn frekar fyrstu skrefin er gjarnan sett á bundið lán efni sem gagnast og nemendur fá einnig mikla aðstoð við heimildaleitir á safninu. Það er þó alltaf ítrekað við þá að unnt sé að finna fullt af öðru efni ef leitað er betur inn á leitum.is og þeir hvattir til að nota almenningabókasöfnin hér allt í kring.

Nemendur í sögu 103 komu ásamt kennara á bókasafnið og fengu örstutta kynningu þar sem lögð var áhersla á að nota m.a. leitir.is við heimildaöflun. Leiðbeiningar um heimildaleitir voru gerðar fyrir nemendur í sögu 203.

Samstarf við kennara varðandi verkefnavinnu á safninu er almennt mjög gott. Flestir láta vita með fyrirvara áður en þeir leggja inn verkefni fyrir nemendur. Best er að fá smá tíma til undirbúnings áður en verkefni fara af stað, kanna hvaða heimildir eru til, í hvaða gagnasöfnum er best að leita, útbúa efnisorðalista sem auðveldar leit, kaupa efni ef með þarf og setja viðeigandi safnefni á bundið lán.

Viðburðir og sýningar:

Bókasafnsdagurinn 2014 var haldinn hátíðlegur víða á bókasöfnum landsins þann 8. sept. Markmið dagsins er tvíþætt; þ.e. að vekja athygli á mikilvægi bókasafna í samfélaginu og að vera dagur starfsmanna safnanna. Bókasafn FSu tók þátt í deginum að þessu sinni með því að setja upp sýningu á ungmennabókum í Stiga Jónasar. Ungmennabækur er nýtt hugtak og í raun þýðing á enska heitinu Young Adult sem er notað yfir skáldsögur og fantasíur fyrir ungt fólk (á öllum aldri!).

Skólinn tók þátt í landskeppninni „Lestu bara“ lestrarátaki sem stóð yfir frá 17. október – 16. nóvember. Stofnað var eitt lið skipað nemendum og kennurum og alls tóku 28 þátt. Keppnin fólst í því að skrá inn tíma sem varið er til lesturs en ekki kapp um að lesa sem

flestar bækur. Þátttakendur lásu samtals í 12 sólarhringa, 15 klukkustundir og 26 mínútur. Meðal lestími hvers og eins voru 10 klukkustundir og 50 mínútur og lentum við í 31. sæti yfir skóla með 10-29 manns í liði.

Í stiga Jónasar voru settar upp nokkrar sýningar. Auk sýningar á ungmennabókum á bókasafnsdeginum var útbúin sýning í aðdraganda jóla. Nemendur í HÁR 172 hjá Elínborgu Örne Árnadóttur settu upp sýningu á samkvæmisgreiðslum á gínuhöfuðum, bæði í lok haustannar og vorannar. Stýrihópur Skólans í okkar höndum útnefndi mars sem hamingjumánuð og var fjölbreytileikanum fagnað með Regnbogaviku sem stóð yfir dagana 18.-25. mars. Daglega var sett í stigann ýmislegt safnefni sem átti við þema og lit dagsins.

Skráning:

Skráning og skipulagning safnkosts er stór þáttur í daglegu starfi á bókasafninu. Reynt er að skrá nýtt safnefni eins fljótt og kostur er, eldra efni (t.d. bókagjafir) eru skráð eftir því sem tími vinnst til.

Hillupláss á safninu er af skörum skammti og er mikill höfuðverkur að koma safnefni haganlega fyrir. Til að rýmka fyrir var talsvert af eldri bókum geymsluskráðar á skólaárinu. Bækur í Dewey-flokkum 900-921 útgefnar fyrir árið 1980 voru geymsluskráðar, einnig enskar skáldsögur útgefnar fyrir árið 1985 og tvítök í íslenskum skáldsögum. Við leit kemur fram staðsetning bókana.

Nú í vor var útbúinn hillulisti yfir bækur frá 800-999 og hann borinn kerfisbundið við bækur í hillum safnsins. Að sjálfsögðu kemur margt í ljós við svona athugun, sumar bækur þarf að lagfæra, eldri bækur og tvítök eru gjarnan geymsluskráð og úrelt efni grisjað. Sl. vetur (2013-2014) var farið yfir bækur í Dewey-flokkum 000-799 og þessi vinna er þannig framhald af þeirri athugun.

Ársskýrslur skólans sem sviðsstjórar hafa haft veg og vanda af frá skólaárinu 2001-2002 voru færðar í læstan skjalaskáp í kjallara. Í þessum sama skáp eru geymdir ársreikningar skólans frá upphafi.

Tímarit:

Bókasafnið er áskrifandi að um 40 tímaritum, þ.m.t. fréttabréfum. Eldri tímarit eru geymd í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins. Á heimasíðu bókasafnsins er að finna lista yfir tímaritaeign safnsins.

Eldri árgöngum af Dagskránni, fréttablaði Suðurlands, Sunnlenska fréttablaðinu og Bændablaðinu var raðað saman í stærri kassa og komið fyrir uppá hillum í geymslunni í kjallaranum. Með þessu móti fæst meira hillupláss.

Talsvert var grisjað af gömlum íslenskum tímaritum. Helstu rökin fyrir þessari grisjun er að þau eru aðgengileg í rafrænu formi á vefnum timarit.is og því ekki eins brýnt að varðveita þau á pappír.

Gjafir:

Bókasafninu bárust ýmsar góðar gjafir á skólaárinu. Halla Aðalsteinsdóttir frá Kolsholti í Flóahreppi færði safninu góða bókagjöf og eru henni hér með færðar þakkir fyrir.

Alls voru skráðar 47 bækur og einn mynddiskur. Safnið áskilur sér rétt til að taka við gjöfum án kvaða og ráðstafa þeim eins og hentar best notendum og starfsemi.

Skráður safnkostur bókasafns FSu:

<u>Bækur og nýsigögn</u>	<u>Maí 2014</u>	<u>Afskrifað 2014-2015</u>	<u>Aðföng 2014-2015</u>	<u>Maí 2015</u>
<u>BÆKUR</u>	16.744	111	338	16.971
<u>MYNDBÖND</u>	376	3		373
<u>DVD</u>	430	1	29	458
<u>HLÍÓMPLÖTUR</u>	130			130
<u>GEISLADISKAR</u>	149			149
<u>HLÍÓÐBÆKUR</u>	159	1	5	163
<u>SNÆLDUR</u>	84	1		83
<u>MARGM.DISKAR</u>	53		6	59
<u>SKYGGNUR</u>	11			11
<u>FORRIT</u>	6			6
<u>GLÆRUR</u>	20			20
<u>LEIKJAK. / SPIL</u>	62		8	70
<u>GAGNASETT</u>	2		1	3
<u>KORT</u>	12			12
<u>SAMTALS</u>	<u>18.238</u>	<u>117</u>	<u>387</u>	<u>18.508</u>

Aðföng og skráning 2014-2015:

<u>Aðföng</u>	<u>Haustönn 2014</u>	<u>Vorönn 2015</u>	<u>Samtals</u>
Bækur	166	172	338
Mynddiskar (DVD)	23	6	29
Hljóðbækur	3	2	5
Margmiðl.diskar	6		6
Spil/leikjakassar	3	5	8
Gagnasett	1		1
<u>SAMTALS</u>	<u>202</u>	<u>185</u>	<u>387</u>

Rekstrarkostnaður 2014:

Bækur	831.748
Tímarit og blöð	163.005
Myndefni	59.090
Kostnaður vegna Gegnis, landskerfis bókasafna	407.186
Landsaðgangur að gagnasöfnum	84.529
Snara, veforðabækur	110.000
Ordabok.is, vefáskrift	25.466
Greinasafn Morgunblaðsins	61.030
Ráðstefnugjöld (landsfundur Upplýsingar)	56.000
Tölvuvörur (heyrnartól)	8.263
Blek í litaprentara	63.765
Ritföng, bréfabindi, umbúðir um safnefni	13.968
Bókaplast	55.525
Leturborðar fyrir merkivél	24.007
Bókastafíf & bókavinklar	29.870

Viðgerð á safnefni	1.329
Rafhlöður	1.047
Tollar og aðflutningsgjöld	<u>6.397</u>
	2.202.225
Tekjur vegna ljósritunarvélar og fl.	<u>10.740</u>
	1.991.485

Tæki og búnaður:

Á bókasafninu eru nú 12 tölvur, þrjár fartölvur, tveir skannar, skrifari, einn litaprentari (í afgreiðslu), einn laserprentari (nemendaprentari), tvöfalt segulbandstæki til afritunar, lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, DVD-spilari, ritvél, leturvél og sími. Ljósritunarvél er á safninu og greiða nemendur 15 kr. fyrir hvert ljósritað blað.

Í upphafi skólaárins var skipt um stýrikerfi í allflestum tölvum skólans. Windows XP var tekið úr notkun og í staðinn var sett upp Windows 8 á borðtölvum bókasafnsins. Nemendur voru nokkuð fljótir að tileinka sér notkun þess.

Nýr litaprentari af gerðinni HP Officejet 7110 var keyptur í ársbyrjun og leysti af hólmi gamlan litaprentara sömu gerðar frá árinu 2011 sem var orðinn slitinn og krafðist mikillar umsjónar.

Á haustönn var talsverð umræða um fartölvuútlán á bókasafninu. Forstöðumaður gerði óformlega könnun á því hvort önnur framhaldsskólasöfn væru að lána út tölvur og hvernig væri staðið að útlánum. Svör bárust frá 16 skólum. Á sex framhaldsskólasöfnum eru fartölvur til útláns en á tíu söfnum er þessi þjónusta ekki í boði. Í þremur af þessum sex skólum eru fartölvur einungis lánaðar til notkunar á bókasafni, einn skóli lánar fartölvur í kennslustundir eftir að kennari hefur sent beiðni í tölvupósti, einn skóli lánar út innanhúss og einn skóli lánar eingöngu í kennslustundir.

Að þessari athugun undangenginni var svo ákveðið var að hefja útlán á fartölvum. Tvær fartölvur af Acer Aspire ES1-311 voru keyptar eftir áramótin og fyrsta útlánið fór fram 11. mars. Tölvurnar eru ekki lánaðar út til nokunar á safninu sjálfu heldur í kennslustundir. Útlánstíminn er ein kennslustund og nemendur skrifa undir staðfestingu þess efnis að þeir beri ábyrgð á tölvunni ef eitthvert óhapp verður. Þessi útlán hafa gengið mjög vel og eru nemendur ánægðir með þessa nýbreytni.

Á bókasafninu eru hillur, lesbásar, skrifborð og afgreiðsluborð sem voru sérsníðuð á sínum tíma.

Vinnuaðstaða:

Vinnuaðstaða bókavarða samanstendur annars vegar af afgreiðslurými þar sem upplýsingaþjónusta og afgreiðsla fer fram og hins vegar af vinnurými inn af afgreiðslu. Í afgreiðslurýminu er staðsettur litaprentari sem nemendur og starfsmenn hafa aðgang að. Aðalprentari nemenda, laserprentari af gerðinni HP LaserJet P3015 er staðsettur við hringstigann.

Vinnuaðstaða forstöðumanns er inn af afgreiðslu, þar er aðstaða til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Þar er einnig úrklippusafn í skjálaskáp sem inniheldur aðallega bæklinga og ýmislegt fræðsluefni. Í þessu vinnurými eru einnig geymdar kvikmyndir safnsins og kennslubækur sem kenndar eru hverju sinni. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgreiðslu.

Vinnuaðstaða til plöstunar og viðgerða á safnefni er í minni geymslunni í kjallaranum. Þar er einnig sjónvarp, myndbandstæki og DVD spilari sem nýtist vel við yfirfærslu myndefnis af myndböndum yfir á mynddiska. Í kjallaranum er auk þess stærri geymsla fyrir eldri tímarit og bækur.

Fundir, námskeið og ráðstefnur:

Elín forstöðumaður safnsins sótti kennarafundi á skólaárinu og fundi með stýrihópi um upplýsingatækni.

Elín fór á námskeið hjá Landskerfum bókasafna 8. september. Námskeiðið nefndist „Leitir á faraldsfæti“ og er ítarnámskeið fyrir vana starfsmenn þar sem meginþema var aðgengi að upplýsingum í víðu samhengi og þá er sérstaklega horft til leitir.is. Sigrún Björk fór á samskonar námskeið þann 10. október.

Elín og Sigrún Björk fóru á Landsfund Upplýsingar sem haldinn var í Háskólanum á Akureyri dagana 2.-3. október. Yfirskrift fundarins var „Heimurinn í höndum þér“. Umfjöllunarefnið voru af ýfum toga: raðbókavæðing bókasafna, bókasöfn sem menningarstofnanir, samfélagsmiðlar og hvernig bókasöfnin geta notfært sér þá og loks framtíð bókasafna í breyttu starfsumhverfi. Það var einstaklega fróðlegt og skemmtilegt að hlýða á erindin og hitta starfsfélaga víðs vegar af landinu og bera saman bækur.

Árlegur fræðslufundur skrásetjara var haldinn 7. nóvember í Þjóðarbókhöðunni og fór Elín á hann. Þar voru kynnt áætlun innleiðingar á nýjum skráningarreglum RDA (Resource description and access) sem hafa verið í smíðum undirfarin ár og eru þróaðar af þjóðbókasöfnum í Bretlandi, Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu. Þeim er ætlað að koma í stað AACR2 (Anglo-American cataloguing rules) sem hafa verið í gildi í langan tíma en þykja úreltar. AACR2 reglurnar miðast fyrst og fremst við prentað efni en RDA reglurnar taka til alls efnis, áþreifanlegs sem rafræns. RDA reglurnar voru teknar upp í Library of Congress í mars 2013 og

síðan hafa söfn víða um heim innleitt þær. Á fræðslufundinum þann 7. nóv. var einnig stutt kynning á FRBR (Functional Requirements for Bibliographic Records) sem er nýtt hugtakalíkan sett fram af IFLA. Grunnurinn að FRBR er að bókfræðigögn skuli skipulögð með notendur í huga og auðveldara verði að raða efni saman.

Elín fór á notendaráðstefnu Aleflis þann 12. maí en Alefli er notendafélag Gegnis. Kynntar voru rannsóknir á leitarhegðun nemenda og fræðimanna í bókasafnskerfum (Gegni og Leitir.is). Einnig niðurstöður í tölfræðiúttekt á því hvað er mest lánað út á íslenskum bókasöfnum sem reyndust vera hinar sívinsælu Syrpu bækur með teiknimyndum Disney. Fjallað var um áðurnefndar RDA skráningarreglur og loks sagt frá Sarpi sem er menningarsögulegt gagnasafn yfir efni sem er til á íslenskum söfnum, þ.e. minjasöfnum, byggðasöfnum, skjalasöfnum, listasöfnum o.s.frv. Sarpur hefur nú bæst við þau gagnasöfn sem leitað er í inná Leitir.is. Hægt er t.d. að leita að munum, ljósmyndum, skjölum, listaverkum o.fl. inná Leitir.is og þetta eykur að sjálfsögðu notagildi og aðgengi að upplýsingum.

Fræðslufundur um RDA skráningarreglurnar var haldinn 21. maí og sóttu Elín og Sigrún Björk hann báðar.

Elín var fengin til að taka þátt í teymisvinnu við undirbúning fyrir ytri úttekt Menntamálaráðuneytisins á skólanum og fundaði hópurinn 17. mars og skilaði niðurstöðum. Tveir sérfræðingar sem ráðnir voru af Námsmatsstofnun til að annast úttekt á starfsemi FSu heimsóttu skólann um miðjan apríl. Elín og Ragnar Geir Brynjólfsson, kerfisstjóri voru boðuð í viðtal þann 13. apríl.

Samstarfshópur bókasafnafræðinga í framhaldsskólum fundar reglulega yfir vetrartímann. Elín mætti á fund með hópnum í Kvennaskólanum þann 29. september og var það eini fundurinn sem undirrituð komst á þetta skólaár. Tíðarfar og ófærð settu sitt mark á þennan undangenginn vetur og var Hellisheiðin illfær þann 17. des. þegar fundað var í Fjölbrautaskólanum í Ármúla og einnig 12. mars en þá hittist hópurinn í Borgarholtsskóla. Það er afleitt að missa af þessum fundum því þeir eru mikilvægur umræðuvettvangur faglegs starfs sem unnið er á bókasöfnum í framhaldsskólum.

Selfossi 1. júní 2015

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir,

forstöðumaður bókasafns Fjölbrautaskóla Suðurlands

3.2 Félagsmála- og forvarnafulltrúi

Skýrsla forvarnar- og félagsmálafulltrúa skólaárið 2014-2015.

Forvarnar- og félagslífsfulltrúi: Málfríður Garðarsdóttir (H14) og Guðbjörg Grímsdóttir (V15)

Áherslur skólaárið 2014-2015

Skólaárið 2014-2015 voru tveir kennarar sem sinntu embætti forvarnar- og félagslífsfulltrúa. Málfríður Garðarsdóttir á haustönn 2014 en Guðbjörg Grímsdóttir á vorönn 2015.

Nýtt nemendaráð hóf störf af miklum metnaði með starfsdögum í byrjun ágúst þar sem þau þrifu kjallarakompuna hátt og lágt, keyptu nýja stóla í kringum fundaborðið og skipulögðu starfsemi skólaársins. Stelpur ráðsins voru svo í fyrirfram skipulagðri utanlandsferð dagana sem skólastarf hófst og þannig lenti það á hinum helmingi ráðsins að taka á móti nýnemum, skipuleggja ratleik á Nýnemadag 20. ágúst, sjá um skemmtiatriði fyrir Gleðidag 26. ágúst, þar sem Kiriya Family spilaði og Þorsteinn Guðmundsson var með uppistand, og standa fyrir Nýnemakvöldvöku 28. ágúst. Allt gekk vel og fór þetta fram með þryði og við góðar undirtektir.

Í stjórn nemendaráðs sátu:

Halldóra Íris Magnúsdóttir, formaður
Arnar Helgi Magnússon, varaformaður
Karen María Gestsdóttir, gjaldkeri

Aðrir í nemendaráði:

Thelma Björk Einarsdóttir, vefstjóri
Ragnheiður Inga Sigurgeirsdóttir/Margrét Rún Guðjónsdóttir, formaður skemmtinefndar
Hergeir Grímsson, formaður íþróttaráðs
Hrafnhildur Hallgrímsdóttir, formaður ritráðs
Helgi Hjaltason, formaður leikráðs
Sverrir Ómar Victorsson, formaður tækjanefndar
Elsa Margrét Jónasdóttir, markaðsstjóri
Birta Þöll Tómasdóttir, fulltrúi nýnema
Ívar Máni Garðarsson/Margrét Rún Guðjónsdóttir formaður skemmtinefndar

Adam Smári Ólafsson, formaður málfundafélagsins
Íris Ósk Matthíasdóttir, jafnréttisfulltrúi

Eitt helsta einkenni nemendaráðsins var sérleg samstarfsfýsi og óvenju góður vilji - sérstaklega stjórnar - til að koma til móts við skólayfirvöld. Þannig voru skólaráðsfundir alltaf ánægjulegir og almmennt gekk samvinna við nemendur um að halda niðri ölvun og óæskilegri hegðun á skólaskemmtunum einstaklega vel. Nemendaráð tók þátt í endurskoðun á

gæslufyrirkomulagi við dansleiki og virkt samtal átti sér stað um hlutverk og hegðun aðkeyptrar gæslu. Möguleikar á að fá nýja aðila inn til þeirra starfa var ræddur þó nokkuð á haustönn, en niðurstaðan var að halda áfram samstarfi við "Másana", eftir fund með þeim. Eins var komið á samstarfi við Björgunarfélag Árborgar um að hafa tvo aðila í "dauða herberginu". Formaður nemendaráðs mætti á kynningarfund fyrir foreldra nýnema og skráði sig inn í Facebook-hópin fyrir foreldra þar sem hún kom reglulega á framfæri fréttum af starfi ráðsins. Eins var hún dugleg að mæta á uppákomur, kennarafundi og taka á móti gestum í skólanum og kynna starfsemina.

Viðburðir á vegum NFSu

Böll

Tvö böll voru haldin á haustönn. Nýnemaball 5. september og Halloweenball 16. október. Bæði böllin fóru ágætlega fram. Ölvun var þó nokkur, en engar alvarlegar uppákomur. Nokkrir aðilar voru í foreldragæslu á báðum böllum. Í bæði skipti þurfti að hringja út nokkra foreldra vegna ölvunar barna undir 18 ára. Eftirtektarvert var að í bæði skiptin var meirihluti þessara barna úr öðrum skólum og t.d. þurfti að ræsa foreldra frá Reykjavík bæði kvöldin. Einhverjar kenningar voru á sveimi um að FSu-böll hefðu á sér orð fyrir að vera fyllerisböll og gerðu nemendur annarsstaðar frá sér ef til vill sérstaka ferð á þau í þeim tilgangi að drekka áfengi, en það eru þó bara spekúlasjónir.

Árshátíðin tókst afar vel. Hún var haldin í Hvíta húsinu, veislustjórar voru þeir sömu og í fyrra, þeir Auddi og Steindi. Svo má ekki gleyma hinum þýska Dj Klaas sem mætti á svæðið. Mikill undirbúningur hafði verið fyrir þetta og spenningurinn í takti við það. Ballið fór vel fram, lítið fyrir gæslu að gera og allt til fyrirmyndar.

Gæsla. Böllin hafa farið vel fram og hefur gæsla verið aukin frá því sem áður var. Nemendafélagið fær fulltrúa frá Björgunarsveitinni til að koma og vera á böllum og er það afar jákvæð og nauðsynleg viðbót við aðra gæslu. Gæsla frá skemmtistaðnum hefur verið eflid (fleiri í gæslu) og gæslumenn af báðum kynjum leita á nemendum þegar þeir mæta á svæðið. Að auki hefur samstarf við foreldrarölt verið í gangi í samvinnu við foreldraráðið.

Reykingasvæðið hefur verið girt af með tvöfaldri girðingu. Lögreglan hefur látið sjá sig af og til og þannig hefur allt verið gert sem mögulegt er til að allt fari vel fram. Drykkja hefur verið töluverð á böllum en þó mest í upphafi. Síðan róast stemmingin og allt orðið nokkuð gott í lokin. Ekkert mál að tæma staðinn. Nemendum var boðið að blása í áfengismæli og komast í "edrupott" á öllum böllum, nema því síðasta. Þátttaka var sæmileg, um það bil 30-40 nemendur blésu í hvert skipti. Ástæða er til að gera edrupotti hærra undir höfði á næsta skólaári.

Lokaball var þetta skólaárið föstudagskvöldið 15. maí. Veruleg ástæða til að endurskoða tímasetningu og annað varðandi lokaball. Mælt með að hafa það í apríl á næsta skólaári. Þannig er það á kennslutíma og öll skipulagning, ábyrgð og fleira verður auðveldara fyrir alla

aðila. Forvarnar- og félagslífsfulltrúi getur þá fylgt málum vel eftir en það er ómögulegt þegar lokaballið er eftir próf og enginn lengur á svæðinu. Til umhugsunar.

Góðgerðardagar

Góðgerðarvika nemendafélagsins fór fram dagana 6. – 10. október. Virkni í áheitum var mikil og alls safnaðist rúm hálf milljón til styrktar barnþorpi SOS sem FSu mun styrkja hér með ár hvert. Þorpið er í Jos í Nígeríu og hugmyndin er að reyna að efla samstarf og gera „þorpið okkar“ sýnilegra nemendum skólans. Þannig verður styrktarstarfið vonandi nærtækara og nemendur geta betur tengt við góðgerðarhluta vikunnar. Gleðin er við völd þessa daga, blöðrur um allan skólann og áheitin mörg hver farin að nálgast velsæmismörk. Allt gott og blessað, en sjálfsagt að muna líka hver tilgangurinn er. Nemendur nýttu fjölbreyttar fjáröflunaraðferðir á góðgerðadögunum en áheitasöfnun þar sem nemendur mönuðu hvern annan til að takast á við ýmiss konar áskoranir gegn áheitum var ansi árangursrík. Sem dæmi má nefna að einn nemandi hljóp frá Reykjavík til Selfoss og skólameistari FSu tók þátt í ísfötuáskorun. Sérstaklega spannst umræða um eitt af áheitum þessa árs, þar sem fjórir strákar létu úða sig með táragsi. Stjórn nemendaráðs tók málið upp á fundi skólastjórnar og sagðist þegar hafa verið í sambandi við lögregluna, sem var tilbúin að koma og fremja gjörningin. Hann var því leyfður, eftir nokkrar umræður. Sitt sýndist líka hverjum eftir atburðinn og einhver fjölmiðlaumræða fór fram um málið, en nemendur stóðu nokkuð keikir og svöruðu gagnrýni skynsamlega. Ljóst er þó að fylgjast verður vel með þróun áheita og jafnvel má reyna að stýra skemmtuninni í átt að fjölbreyttari söfnun.

Söngkeppnin

Söngkeppni FSu var haldin 13. nóvember. Þemað var fengið úr teiknimyndinni Frozen og skipulag og heildarmynd til fyrirmyndar. Raunar alveg sérstaklega metnaðarfull! 12 atriði komust áfram í keppnina og sigurvegari varð Þórir Geir Guðmundsson, sem svo keppti fyrir hönd skólans í stóru keppninni á vorönn. Þar komst hann ekki í úrslit.

Leikrit

Leikráð setti upp sýninguna *Gengið á hælina*. Sýningin var sett upp í sal FSu. Það var mjög skemmtilegt að hafa sýninguna hér innanhús og er vilji til þess áfram. Kvartað var yfir umgengninni og voru allir sammála um að næst verði farið vel yfir reglur um umgegngni og fleira þannig að ekki skapist pirringur í kringum þetta sem skemmi óþarflega mikið fyrir þessu skemmtilega verkefni. Einnig mælt með að sá sem er formaður leikráðs sé ekki að leika því sá aðili hefur nóg að gera við utanumhald, upplýsingaflæði og að redda hinu og þessu.

Íþróttaupptákomur

Nokkrar íþróttaupptákomur voru skipulagðar á árinu. Hæst ber að nefna íþróttamót milli kennara og nemenda á góðgerðardögunum. Við skipulag þess lagði íþróttaráð sig fram um að skipuleggja keppnisgreinar og velja í lið þvert á áhugasvið og getu nemenda skólans. Virkni

ólíkra nemendahópa var áberandi meiri en verið hefur í slíkum keppnum og mikil almenn ánægja. Auk þess var tekið þátt í paintball-móti framhaldsskólanna og skólinn varð framhaldsskólameistari í lazertag'i.

Það sem betur má fara

Ritráð gaf ekki út neitt Nota Bene blað. Það er umhugsunarefni hvort eigi að gefa út blaðið, hafa það rafrænt ... eða hvað? Virðist sem mikill vilji sé fyrir útgáfu blaðs en ritráð var ekki virkt þetta skólaárið.

Heimasíðumál nemendafélagsins eru í ólestri. Vefstjóri hefur ekkert gert í málunum enn þrátt fyrir mikla hvatningu. Facebook var helsti miðill til að upplýsa um viðburði og auglýsa. Viðburðagruppa hélt ágætlega utanum þetta og auglýsingar voru nokkuð góðar. Hins vegar þarf að huga að koma upplýsingum á framfæri sem nemendur, starfsfólka og fleiri leita að, þ.e. hverjir eru í nemendafélaginu, hverjir eru í stjórn, hvar eru lög nemendafélagsins og fleira. Eins er nemendafélagið með snapchat og instagram. Vert er að hafa í huga hve mikilvægur liður í vinnu forvarnar- og félagsmálafulltrúa með nemendaráðinu er almennt eftirlit með og umræða um það sem fram fer á þessum miðlum.

Hugmynd kom upp í sambandi við uppsetningu á sjónvarpsskjá fyrir framan salinn. Búið er að kaupa skjáinn en ekki setja hann upp. Festingar og annað er komið og eitt af fyrstu verkefnum vefstjóra og formanns tækninefndar í haust verður að setja þennan skjá upp. Þarf ekki heimasíðu NFSu til að þetta verkefni geti hafist heldur einungis skjámynd (einhver vefsíða).

Lög nemendafélagsins þurfa að fara á vefinn eða á fb síðu félagsins þannig að þau séu sýnileg. Það verður forgangsverkefni nýrrar stjórnar.

Skólafundurinn

Stóri skólafundurinn var haldinn 1. október við fádæma góðar undirtektir og góða stemningu. Þar mættust foreldrar, kennarar, nemendur og aðilar úr skóla- og atvinnusamfélaginu í nágrenni skólans. Umræður fóru víða, en áhersla var lögð á uppbyggilegar umræður um það hvernig bæta mætti skólann, námið og stuðla að blómlegu félags- og atvinnulífi á svæðinu. Sérlega gleðilegt var hve stór hópur nemenda tók þátt á fundinum, en þáttaka þeirra var valfrjáls. Allir sem mættu voru jákvæðir og uppbyggilegir.

Morfís, Gettu betur og Boxið

Nemendaráð réð Símon Geir Geirsson þjálfara fyrir Morfís-liðið og hópurinn komst áfram í 8-liða úrslit, sem má teljast nokkuð góður árangur hjá reynslulitlu liði. Lið Morfís var þannig skipað: **liðsstjóri** Dóróthea Ármann, **frummælandi** Elsa Margrét Jónasdóttir, **meðmælandi** Ívar Máni Garðarsson og **stuðningsmaður** Ragnheiður Inga Sigurgeirsdóttir.

Gettu betur-liðið komst í 16-liða úrslit undir öruggri stjórn Hannesar Stefánssonar, en náðu þó ekki áfram í sjónvarpskeppnina. Nemendaráð gerði tilraunir til að auka stemningu í kringum þátttöku í þessum keppnum með beinum aðgerðum. Reynt var að skipuleggja klapplið og standa fyrir hópferðum til Reykjavíkur að fylgjast með okkar fólki. Það tókst sæmilega, en mál manna að betur má ef duga skal. Viðburðir sem þessir eru upplagt tækifæri til að efla samstöðu og skólastolt.

Eins hefði nemendaráð mátt koma meira að þátttöku skólans í framkvæmdakeppninni Boxinu. Þar gekk liði skólans sérlega vel, en lítið fór fyrir því meðal nemenda.

Kátir dagar og Flóafár voru í febrúar að vanda og gengu sérlega vel. Nánar um það í sérstökum skýrslum nefndanna, sem fylgja.

SKOH

FSu hlaut Gulleplið fyrir skólaárið 2013/2014 sem heilsueflandi framhaldsskóli. Þema ársins var geðrækt. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, afhenti Gulleplið á málþingi um lífsstíl framhaldsskólanema sem haldið var í Þjóðmenningarhúsinu 26. september sl. á vegum Embættis landlæknis í tengslum við verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóla. SKOH-hópurinn er auðvitað sérlega stoltur af þessum árangri, enda geðrækt einn öflugasti forvarnarliðurinn og sérstaklega mikilvægur í fjölbreyttum skóla eins og okkar.

Á þessu skólaári var sú nýjung að formaður NFSu var fenginn til að koma í SKOH hópinn. Þetta var ómetanleg viðbót, bæði til að upplýsingaflæði sé gott, auðveldara að virkja nemendur í starfi SKOH hópsins og síðast en ekki síst að fá hugmyndir frá nemendum og gera þá þannig virkari. Þátttaka verður óneitanlega betri og andinn jákvæðari með þessari breytingu. Nýr formaður NFSu mun taka við hlutverkinu í haust.

Flóafár

Inngangur

Flóafár var haldið föstudaginn 27. febrúar í kjölfar 2ja Kátra daga. Í Flóafársnefnd voru kennararnir: Linda Rut Larsen, Ronald Guðnason og Sigursveinn Már Sigurðsson. Nemendur íþróttaráðs í nefnd voru: Hergeir Grímsson, Erlendur Ágúst Stefánsson, Heiðrún Ósk Sævarsdóttir og Þór Sverrisson.

Í lokin voru liðin 5 talsins, Minions (liðsstjórar Alexander Már Egan og Jóhann Halldór Pálsson), Rave (liðsstjórar Assa Ágústsdóttir og Hrafnhildur Hauksdóttir), Skrímsli ehf. (liðsstjórar Ómar Þór A. Gunnarsson og Þórólfur Sigurðsson), Soldiers (liðsstjóri Arna Björg Gunnarsdóttir og aðstoðarmaður Haukur A. Grímsson), Tomorrowland (liðsstjórar Einar Jakob Jóhannsson og Árni Guðmundsson).

Nefndin klæddist læknasloppum að þessu sinni.

Verkefnið gengur út á að kennarar í pörum leggja þrautir fyrir nemendur sem keppa um að leysa þrautirnar bæði hratt og vel. Fyrir það fá liðin stig og það lið sem fær flest stigin vinnur

og hlýtur leirbikar. Aukalega eru veittar viðurkenningar fyrir búninga, heróp, borðlagningu, svæði, skemmtiatriði, auk þess sem bestu búningar kennara að mati nemenda (tískulögga) hljóta verðlaun.

Kostir Flóafárs sem verkefni:

Verkefnið er heildstætt, raunverulegt, þematengt þar sem nemendur bera ábyrgð frá A-Ö, setja sig í spor ýmissa sérfræðinga, hafa samband við marga aðila úti í bæ til, samvinna innan liðs, hugsa hlutina fram í tímann, gera verkáætlun og fylgja henni eftir, gera fjárhagsáætlun og fylgja henni vonandi eftir annars reka þau sig á. Verkefnið er skapandi og krefst hugvitsemi. Verkefnið krefst skipulags á mannafla, tíma, svæðum, fjármunum, æfingum (verkfræði). Verkefnið krefst þrautseigju og dugnaðar. Verkefnið krefst samskiptahæfni, að nemendur geti leyst ágreining og tekist á innbyrðis og milli liða um hvað er „sanngjarnt“. Verkefnið reynir á samþættingu og líkist í mörgu fremur raunverulegum verkefnum sem nemendur gætu þurft að glíma við fremur en afmörkuð „þekkingarinntök“ einstakra námsgreina. Kannski er þetta verkefni það sem kemst næst því að innihalda alla grunnþættina í skólastarfinu þ.e. sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði, sjálfbærni og læsi.

Framkvæmd á Flóafársdag 2015

- Við ákváðum að hafa öll svæðin á fyrstu hæð, en það gekk vel á síðasta ári og nemendur voru ánægðir með það fyrirkomulag.
- Í hverju liði voru tveir liðsstjórar (í einu tilfelli liðsstjóri og aðstoðarmaður hans).
- Liðin voru látin koma eitt og eitt í einu með tilþrifum niður stiga eins og var gert í gamla daga, það kom vel út og myndaði stemmningu. Íþróttaráð sá um að kalla liðin niður.
- Íþróttaráð sá um upphitun. Ekkert flókið enda engin þörf á því.
- Í stigagjöf voru veitt stig, en ekki tekin af refsstig. Þó var ein undantekning, refsstig fyrir að leysa ekki þraut voru 10 stig, en það þýddi að það borgaði sig alls ekki fyrir liðin að sleppa þraut.
- Viðurkenningarskjöl voru veitt fyrir kennara og þau lið sem hlutu sérverðlaun.
- Við létum nemendur úr nemendaráði vera með hljóðnema og stjórna öllu uppi á sviði og fórst þeim það vel úr hendi.
- Guðbjörg Helga og Ægir Sig. sáu um stigagjöf í vampírubúningum. Þau gættu þess vel að íþróttaráð gæti ekki séð stigagjöf á tölvuskjá. En í fyrra virtist sem aðilar úr íþróttaráði væru að bera upplýsingar í vini og vandamenn.
- Það gekk vel að ná stigmiðum úr stofum, íþróttaráð safnaði á 2. hæð og Flóafársnefnd á þeirri fyrstu og þriðju.
- Sett var regla um að liðin mættu safnast inni í sal en mættu hins vegar ekki fara að hrópa og kalla heróp og hvatningaróp fyrr en fánaberi væri kominn í mark. Það gafst vel.
- Þegar fánaberi kom í mark setti hann fánann í stand og þar með var liðið formlega komið í mark.

- Skemmtiatriði voru sýnd eftir að öll lið voru komin í mark.
- Kústar, moppur og ruslaílát voru aðgengileg fyrir liðin til að þrifa eftir sig – þetta virkaði svo vel í ár að eftir var tekið. Við losuðum rusl daginn áður þannig að nóg pláss var fyrir nýtt rusl.
- Búið var að prófa græjur eins og hljóðnema kvöldið áður.
- Myndatakan í lðu var endurtekin, enda virtist sem hún hefði vakið lukku hjá nemendum sem vildu ekki sleppa henni í ár.
- Í ár var sú nýbreytni að liðsstjórar sendu tvær glærur til að kynna liðið sitt. Þetta var svo prentað út og hengt upp frammi á göngum. Það gafst vel og ætti endilega að endurtaka að ári og hér eftir.
- Kennarar á starfsbraut sáu um að kynna Flóafárið og liðin fyrir nemendum starfsbrautar, það þarf að hafa það til eftirbreytni áfram að það sé kennari, starfsmaður sem þau þekkja og tengjast.
- Bæði nemendaráð og skólinn tóku þátt í að greiða fyrir pítsuveislu fyrir sigurvegarana. Skólinn greiddi 25.000 kr. og nemendaráð rest.
- Pantaðar voru 50 pítsur og þær sóttar klukkan 11:30.
- Íþróttaráð sá um að sækja pítsurnar.
- Soldiers hlaut verðlaun fyrir: Skemmtiatriði, bestu búninga, besta svæðið og besta herópið. Minions hlaut verðlaun fyrir borðlagningu auk þess sem þeir sigruðu Flóafársþrautina.
- Verðlaun fyrir bestu kennarabúninga unnu vísindamennirnir Ægir og Sigga.
- Sú nýbreytni var í ár að mismunandi aðilar ákváðu hverjir fengu sérverðlaun. Starfsmenn í eldhúsi sáu um að velja bestu búninga, Olga og Tóti völdu bestu borðskreytinguna, Flóafársnefnd valdi besta herópið, íþróttaráð valdi besta svæðið og Pelle og Aníta völdu besta skemmtiatriðið. Niðurstöður settar í lokað umslag og svo í sérstakt ílát uppi á sviði. Það var leyndarmál hver valdi hvað. Þetta var spennandi og skemmtilegt og kom í veg fyrir að hægt væri að saka Flóafársnefnd og íþróttaráð um samantekin ráð. Þetta létti einnig heilmikið á Flóafársnefnd og íþróttaráði.
- Við leituðumst við að hafa á silfurtæru hvernig stigagjöf væri háttað.
- Samskipti fóru fram á Facebook. Það er frábær miðill og öll skilaboð fljót að komast til skila.
- Rútur fóru heim klukkan 13:00.

Atriði til að hafa í huga næst:

- Brýna fyrir starfsmönnum að tilkynna forföll tímanlega
- Láta liðin útbúa glærur sem sýndar verða í umsjón áður en skráning hefst, þannig að þetta þarf að gerast fljótlega eftir áramót.
- Reyna að ná 6 liðum hið minnsta svo liðin verði ekki of fjölmenn.
- Brýna fyrir kennurum að ganga frá á sínu svæði/stofu áður en skólinn er yfirgefinn.
- Kennarar sem hafa fengið öll lið í þraut eiga að skila þrautarmiðum til stigavarda og mögulega taka þátt í að safna þrautamiðum. Smá brotalöm var á þessu í ár.

- Hafa hurðir opnar þegar þraut er ekki í gangi.
- Miðum utan á stofum má snúa við eftir að öll lið hafa mætt.
- Passa að liðin (allir) viti hverjir eru í Flóafársnefnd.
- Hugsa vel hvernig skráningu og söfnun á lista verður háttað næst. Skoða það strax á fyrsta fundi með íþróttaráði.
- Passa að liðin safni ekki of mörgum á lista. Núna leyfðum við að safna 100 manns, það er of mikið. Frekar að safna 70 og þá hafa biðlista.
- Vel tókst að hafa pizzuveisluna á Þorlákshafnarsvæði. Það gleymdist að hugsa fyrir gosi með pítsunum. Hins vegar minntist enginn á það. Það sparaði peninga fyrir nemendaráð og létti þrif. Spurning hvort það eigi að sleppa gosi næst?
- Passa þarf að stigamiðar séu í öllum stofum. Þeir sem eru á opnum svæðum fá sína miða afhenta að morgni Flóafárs.
- Passa upp á að „we are the champions“ sé á tölvu eða cd.
- Minna stigaverði á að hafa sýningu á lokatölum undirbúna. Ekki sýna bara í einu vetfangi allar niðurstöður.
- Við töldum að það væri alveg á hreinu hvernig stigagjöf væri háttað. Þó var það lið sem vann flest öll sérverðlaunin svekkt yfir að þau teldust ekki öll til stiga. Kannski er best að allar þrautir sem hljóta sérverðlaun fari út úr þrautinni? Það myndi þýða að skemmtiatriði og borðlagning færi út úr þrautinni. Eða halda þessu eins og það er og ítreka enn betur hvað telst til Flóafársþrautar og hvað ekki? Ekki er talið æskilegt að setja aukastig fyrir svæði og búninga því hætt er við að nemendur fari að leggja of mikið í þá hluti ef svo er.
- Pítsur voru sóttar klukkan 11:30. Það mætti ef til vill sækja þær aðeins fyrr svo íþróttaráð missi ekki af skemmtiatriðunum.
- Rútur fóru heim klukkan 13. Hugsanlega væri gott að seinka þeim um 30-60 mínútur til að fleiri taki þátt í frágangi.
- Passa upp á að verðlaunabikar sé kominn í hús fyrir Flóafárið.
- Enginn úr íþróttaráði gaf sér tíma til þess að vera með okkur að raða niður þeim nemendum sem ekki höfðu valið sig í lið. Það var ekki nógu gott og þarf að passa að á næsta ári fari ekki svo.
- Hafa alveg á hreinu hvað það merkir að sleppa þraut. Er það ef liðið kemur inn, sér þraut og reynir lítið sem ekkert við hana? Eða er það eingöngu þegar liðið mætir ekki í þraut? Bæta smá texta um þetta í upplýsingar til kennara um þrautir.
- Ræða þarf við íþróttaráð um að hugsanlega verði þeim kennt um úrslit fyrir sérverðlaun, nemendur í ráðinu þurfa að vera undirbúnir því.
- Leitað var eftir skriflegum ábendingum frá liðsstjórum eftir Flóafárið. Engar ábendingar bárust.
- Hugsa þarf hvernig má fá mat frá liðsstjórum á framkvæmd Flóafárs. Kannski væri rétt að setja matsblað fyrr til liðsstjóra en gert var í ár.

Kátir dagar

Kátir dagar 2015 gengu vel að mörgu leyti. Veðrið spilaði hér stóran þátt í dagskránni, aflýsa varð nokkrum fyrirlestrum vegna þess að fyrirlesarar komust ekki yfir Helligheitið. Nánari upplýsingar um praktísk atriði er varða káta daga er að finna í skýrslu hjá forvarnar- og félagslífsfulltrúa sem sat í kátu daga nefnd þetta árið ásamt Idu Løn.

Það var almenn ánægja með það sem var á dagskránni, íþróttaviðburði, fyrirlestra, námskeið og utanumhald. Einnig þótti gott að það sem var um að vera var í skólanum og mjög margir nemendur á svæðinu allan tímann. Lokahnykkurinn var í lðu á fimmtudeginum klukkan 12 og eftir það tók Flóafársundirbúningur við.

Vegabréf voru notuð aftur (eins og í fyrra) til að merkja mætingar og það gekk afar vel.

Nemendur tóku þetta alvarlega og skiluðu vegabréfinu til umsjónarkennara eða inn á skrifstofu á fimmtudeginum. Spurning um að hafa einungis kassa á skrifstofu sem hægt er að skila vegabréfunum, í stað þess að fara aftur til umsjónarkennara.

Flest á dagskránni gekk vel og var mikil ánægja með þetta allt saman. Það sem þarf að skoða:

Það sem var gagnrýnt:

- Of einsleit dagskrá (útlitsdýrkun).
- Of fáir fyrirlestrar.
- Vantaði forvarnarfyrirlestur.

Dagskráin þarf að vera tilbúin með fyrirvara þannig að hægt sé að fara vel yfir hana, passa að ekkert rekist á, alltaf sé fjör í miðrými, dreifing fyrirlestra sé góð og fleira.

Annað:

- Gera meira kósý í maraþon-stofunum (nem. geta komið með eitthvað sjálfir).
- Hafa samráð á milli nefnda í nemendaráðinu.
- Muna að vera í góðu sambandi við starfsmenn mötuneytis og lðu.
- Passa að láta fyrirlestra ekki skarast.
- Tæknimaður þarf að vera fastur frammi.
- Einhver með míkrófón þarf einnig að vera til staðar allan tímann.
- Passa að hafa ekkert í gangi frammi (sem er með hávaða) þegar eitthvað er í gangi í salnum.
- Passa að hafa stemningu í miðrými. Eins og t.d. með kollhnísakeppni og stoppdans.

Hvernig undirbúum við káta daga?

1. Fáum hugmyndir frá nemendum í umsjónartíma.
 - a. Semja texta og senda Ragnheiði sem sendir síðan á umsjónarkennara. Þarf að gera þetta með fyrirvara þannig að gert sé ráð fyrir umræðu um Káta daga í umsjónartíma.
 - b. Hvetja nemendur til að koma með alls konar hugmyndir, sama um hvað það snýst. Ekki vera feimin!

2. Vinna úr þeim hugmyndum sem koma frá nemendum.
 - a. Setja allar hugmyndir í excel.
 - b. Fara yfir allar hugmyndir og flokka þær.
 - c. Skipta með sér verkum og fara að hringja.
3. Þegar hringt vegna fyrirlestra eða námskeiða þarf að spyrja um:
 - a. Kostnað.
 - b. Lengd fyrirlesturs/námskeiðs.
 - c. Hvaða þarf að nota (tölva, ritföng ...).
 - d. Dagsetning og tími dags.
4. Skipta með sér verkum
 - a. Einn sem heldur utanum skráningu.
 - b. Einn sem heldur utanum kostnað (t.d. gjaldkeri nemendaráðs).
 - c. Setja skiladag á hugmyndir vegna dagskrár.
 - d. Auglýsa viðburði með fyrirvara. Jafnvel útskýra þá í umsjónartíma! Auglýsingastjóri!
 - e. Skráningar á fyrirlestra og viðburði með fyrirvara. Muna að auglýsa, t.d. á FB, hverjir eru skráðir, eitthvað var um bullskráningar.

Matur

Kjörís gaf 1000 íspinna.

Kaffihús í mötuneyti. Það gekk ekki vel. Fáir sem fóru alveg inn í enda þar sem alltaf var eitthvað um að vera í miðrýminu. Hafa eitthvað einfaldara? Kleinur og ... hugmynd. Sleppa kaffihúsinu, þær mega fara í frí (mötuneytið getur jafnvel alveg lokað).

Hádegismatur á miðvikudegi: pantaðar pizzur frá Dominos (80 stk. ... 17 voru eftir). Sneiðin seld á 150 krónur, heil pizza á 1200 krónur, þrjár sneiðar og gos á 500 krónur. Gos á 100 krónur.

Morgunmatur á fimmtudegi: Hann var flottur! Ávextir í glasi (frá Gurrý og matreiðslunemum).

Guðnabakarí gaf rúnstykki.

Panta pylsubrauð af Guðna.

Ostur, smjör

Passa frágang.

Ekki fá vinarbrauð, bara brauðmeti. Guðnabakarí hefur gefið. Þarf að minna á það.

Fá hnífa frá mötuneyti F.Su. og það var boðið upp á kókómjól.

Grillaðar pylsur í hádeginu á fimmtudegi: Það voru kennarar úr Hamri sem sáu um að grilla pullur. 400 pylsur pantaðar (flott). Það var pantað 10 stykki af öllu (remó, tómatsósa ...) og það passaði vel.

Pylsur og gos frítt.

Kórinn var með vöfflusölu.

Tillögur fyrir næsta ár!

- Vegabréfin gengu vel – sniðugt að setja þau í pott og draga í lokin og veita verðlaun! Var ekki gert núna.
- Einhverjir úr Kátu daga nefndinni séu til í að vera aftur, þannig verður smá reynslubanki til á milli ára.
- Nemandi sem tekur á móti gesti(um) sjái einnig um að kveðja og heyra hvernig viðkomandi fannst takast til.
- Á að taka Flóafár og Kátu daga í sundur? Flytja Kátu daga í apríl? Þá er meiri möguleiki á því að vera úti; kraftakeppni, hjólabrettabraut og fleira.
- Framlag frá skóla og nemendaráði þarf að vera skýr í upphafi skipulagningar.
- Dagskrá verður að vera fjölbreytt, fjölbreyttari, fjölbreyttust! :o)

Dagskrá kátra daga 2015

MIÐVIKUDAGUR 09.45-15.00	KLUKKAN	STAÐUR		ALLUR DAGURINN	STAÐUR
Umsjón, vegabréf	Kl. 9:45			Spákona (1000 kr)	209
Setning Kátra daga	Kl. 10	Salurinn		Friends, maraþon	203
Kaffinámskeið á Kaffi Krús	Kl. 10	Kaffi Krús		Harry Potter, maraþon	205
Human Foosball mót	Kl. 10:10	Miðrými	skrá	Lord of the rings, maraþon	204
Elín Erna, fyrirlestur um förðun	Kl. 10:30	201		Amine	206
AFS, sjálfboðaliðakynning	Kl. 11	208	skrá	Bumba	211
Crossfit	Kl. 11	Miðrými		Dons donuts	Miðrými
Snyrtiakademían	Kl. 11:30	201 (fyrir framan)		Pókermót	210
				Kósýcorner	Gryfja
MATUR: Pizzur	Kl. 12-13	Miðrými		Opið hjá Ágústu og Lísu (200kr)	301
Elín Erna	12:20	201			
Key habits, markmiðastjórnun	Kl. 13-15	208		Kaffihús	Mötuneyti
Brjóstsykursgerð 1 (500 kr)	Kl. 13-14	202	skrá	Neglur, Katrín Sif (3500 kr)	310
Skákmót	Kl. 13-15	315	skrá	Prjónahorn	Mötuneyti
Hestamót	Kl. 13-15		skrá	Kaffihús í mötuneytinu	Mötuneyti
Brjóstsykursgerð 2 (500 kr)	Kl. 14-15	202			
				CARNIVAL í miðrýminu (frá 10.30)	
Eftir skóla:				Kollhnísakeppni	
Smash board mót		Pakkhúsið		Limbó	
				Snúsnú með 2 böndum	
				Hjólþróukeppni	
				Tónlist og læti	
				Frostpinnar	Frítt
				Muna klink	

Það sem féll niður vegna veðurs:

- Kaffinámskeið á Kaffi Krús.
- Key habits.
- Kilroy
- 4X4
- Hestamót
- AFS
- Landsliðspjálfi í blak

FIMMTUDAGUR 8.30-11.00	KLUKKAN	STAÐUR		ALLUR DAGURINN	STAÐUR
Morgunmatur, frír	Kl. 8:30	Miðrými		Spákona (1000 kr)	209
Landsliðspjálfi í blaki, fyrirlestur	Kl. 9	210		Friends, maraþon	203
Manntafl, nemendur á móti kennurum	Kl. 9	Miðrými		Harry Potter, maraþon	205
Hnútanámskeið	Kl. 9-10	207		Lord of the rings	204
Brjóstsykursgerð 3	Kl. 9-10	202	skrá	Bumba	211
Magnús miðill	Kl. 10	201		Amine	206
MMA í júdósal hjá Sundlauginni	Kl. 10-11:30	Júdósalur		Kósýcorner	Gryfja
Brjóstsykursgerð 4	kl. 10-11	202	skrá	Opið hjá Ágústu og Lísu (200kr)	301
Bubbluboltamót	Kl. 10	Iðá	skrá	Kaffihús í mötuneytinu	Mötuneyti
Taekwondoo	Kl. 10	Iðá, stofa 2	skrá		
Trampólín fitness	Kl. 10	Salurinn			
Trampólín fitness	Kl. 10:50	Salurinn			
Hestaþyrirlestur (Arnar Bjarki Sigurðsson)	Kl. 10 -11	304			
Jóga	Kl. 10-11	312			
Amnesty International	Kl. 10 -11	210			
BuisnessAcademy, nám í markaðsfræði	Kl. 11	211			
Kilroy	Kl. 11	201	Skrá		
4x4, fyrirlestur + úti	Kl. 11	202 + Iðá			
Kraftlyftingar fyrir framan Iðu	Kl. 11	Iðá		Muna klink	
Mæting til umsjónarkennara, skila vegabréfi	Kl. 12				
Íþróttamót í IÐU	Kl. 12	Iðá			
Pylsur	Kl. 12	Iðá			
Eftir skóla:					
Fífamót		Pakkhúsið			

Forvarnir og samstarf við foreldraráð FSu

Einn vegamesti pósturinn í forvarnarstarfi þessa skólaárs var það markmið forvarnarfulltrúa að auka og efla samstarf við foreldra. FF-fulltrúi sat fundi með foreldraráði skólans og stofnaði í samvinnu við það facebook-síðu fyrir foreldra til að koma á framfæri upplýsingum og auka umræður um skólann og félagsstarf unglinganna. Eins var hafin útgáfa rafræns fréttabréfs Forvarðar, sem sent var á alla foreldra nemenda undir 18 ára aldri. Eitt tölublað kom út á hvorri önn og mæltist það vel fyrir.

Eitt af fyrstu verkefnum ff-fulltrúa var einmitt kynning á fundi fyrir foreldra nýnema. Þar var áberandi góð mæting og mikið um spurningar. Er það vel að foreldrar séu að taka við sér og samstarf við foreldrafélag var með ágætum! Þriðji Forvörður, fréttabréfs þáverandi félagslífs- og forvarnarfulltrúa, kom út snemma á önninni og var þar m.a. hvatt til aukinnar foreldragæslu og góðs samstarfs. Eins var facebook-síðan Foreldrar í FSu nokkuð virk á skólaárinu. Hins vegar gekk ekki vel að fá foreldra á skólaböllin þannig að það er eitthvað sem þarf að skoða betur.

Undirrituð sat mánaðarlega fundi með forvarnarhóp Árborgar, en í honum eiga sæti fulltrúar lögreglu, heilbrigðisstofnunnar, félagsþjónustunnar, íþrótta- og tómstundaráðs o.fl. Sjálfsagt er að efla enn frekar samstarf við þessa aðila sveitarfélaga og ríkis og auka enn frekar árangursríkt samtal á milli stofnanna.

Forvarnarstefnan var í endurskoðun og tekin fyrir reglulega á fundum forvarnarteymis. Ný stefna er tilbúin og byggir að miklu leyti á drögum að stefnu FÍF. Aðgerðaráætlun fyrir næsta skólaár er langt komin og hefur verið lögð fyrir forvarnarteymið.

Foreldraráð hefur verið í samstarfi við nemendafélagið, þ.e.a.s. hefur boðað stjórn þess á fund hjá sér og farið yfir málið. Gert mikið úr því að þau standi við bakið á þeim og geti stutt þau í málum sem félagið er að sækja. Þetta er jákvætt en ekki hefur reynt á þetta samstarf ennþá.

Lokaorð

Leiðindamál kom upp í nóvember, þegar upp kom að formaður skemmtinefndar hafði leigt út hljóðkerfi í sameiginlegri eigu skólans og nemendaráðsins til aðila úti bæ. Útleigan hófst á skólaárinu á undan, þegar sami nemandi var tækniamaður nemendaráðs og uppsöfnuð leigutaka, sem hann hafði stungið í eigin vasa, því orðin töluverð. Eftir fundahöld með aðstoðarskólameistara og stjórn nemendaráðs valdi hann að segja upp starfi sem formaður skemmtinefndar. Á fundi stjórnar og skemmtinefndar var ákveðið að Margrét Rún Sigurðardóttir tæki við formannssæti fram að aukakosningum, sem skipulagðar voru í byrjun janúar. Margrét Rún gaf kost á sér áfram og náði kjöri.

Í sömu kosningum var Íris Ósk Matthíasdóttir kosin í nýstofnað embætti jafnréttisfulltrúa. Hlutverkið er fengið að fyrirmynd úr öðrum skólum og gæti átt eftir að verða mikilvægt og blómlegt, en þarfnast hugsanlega skýrari úrvinnslu og sjálfsagt að kennari og/eða starfshópur Skólans í okkar höndum leggi sérstaka áherslu á að styðja og rækta starf jafnréttisfulltrúans.

Um svipað leyti og þessar aukakosningar fóru fram sagði líka markaðsstjóri nemendaráðsins af sér af persónulegum ástæðum. Aðrar aukakosningar fóru því fram um viku síðar, þar sem kjörnir voru nýr markaðsstjóri og fulltrúi í skemmtinefnd, í stað Margrétar Rúnar, sem tekið hafði sæti formanns.

Fresta varð aðalfundi fram á haustið og verður hann ásamt skiptifundi skólaráðs á nýnemadeginum. Athuga þarf boðun á aðalfundi og allt utanumhald hans. Það verður einnig verkefni næsta skólaárs. Forvarnar- og félagslífsfulltrúi hefur útbúið vinnulista fyrir haustið og mun útdeila verkefnum eftir því sem líður á skólaárið.

Það sem hefur verið mikil áskorun þessa nemendafélags er það að vinna mjög vel saman en eiga erfitt með að taka á því sem miður fer eða þarf að laga. Stærsta ástæðan fyrir því er að þau þekkjast mjög vel og eru nánir vinir og það er erfitt að gagnrýna vini sína. Margt jákvætt hefur verið í gangi og margt vel gert eins og hefur komið fram hér að framan. Það er ánægjulegt að sjá hvað margt lærist í þessu starfi og sumir nemendur þroskast mikið við aukna ábyrgð. Við eigum að vera óhrædd að gefa þeim leiðbeiningar og ábyrgð og leyfa þeim að spreyta sig.

Hlutverk forvarnar- og félagslífsfulltrúa er spennandi starf. Þetta er hlutverk sem fer vaxandi að mínu mati. Verksviðið er vítt; samskipti nemenda innan skólans og á netmiðlum, undirbúningur og skipulagning viðburða og aðhald á ýmsum þáttum starfs fulltrúa nemenda í nemendafélaginu. Ef vel á að vera þarf fulltrúinn að fylgjast vel með, bæði innan skólans og utan, geta rætt við nemendur og komið með ábendingar um það sem betur mætti fara. Hvetja nemendur áfram og styðja eftir þörfum. Þetta er starf sem er mikilvægt og á eftir að aukast. Einnig gaman að sjá hve nemendur vaxa og dafna sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum í þágu allra nemenda skólans, þetta víkkar bara hugann og eykur líkurnar á því að geta hugsað út fyrir kassann sinn og tekið tillit til allra – virða alla sama hvernig þeir eru.

Selfoss, 22. maí 2015

Fögnum fjölbreytileikanum,

Guðbjörg Grímsdóttir og

Málfríður Garðarsdóttir

Forvarnar- og félagslífsfulltrúar

3.3 Litla-Hraun og Sogn

Skýrsla um skólastarf í fangelsum á vegum FSu skólaárið 2014-15


Haustönn 2014

Skólahald á haustönn hófst föstudaginn 22. ágúst með útteilingu stundaskráa til nemenda á Litla-Hrauni og í Sogni. Kennsla hófst svo í báðum fangelsunum að morgni mánudagsins 25. sama mánaðar.

Að vanda voru nemendur að koma og fara á önninni, en alls voru samtals 54 nemendur innritaðir í nám á vegum FSu í fangelsunum Litla-Hrauni og í Sogni í Ölfusi á önninni. Auk þess komu kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi í fangelsum að fjarnámi sex háskólanema og eins fjarnema við Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs.

Fyrirnefndir 54 nemendur voru innritaðir í samtals 406 einingar, en eins og jafnan áður hófu sumir þeirra aldrei námið, aðrir hættu snemma, losnuðu úr fangelsi áður en önninni lauk, eða höfðu sagt sig úr einhverjum áföngum.

1. desember sl. voru samtals 42 nemendur enn innritaðir í samtals 317 einingar. Af þeim þreyttu 29 einstaklingar samtals 67 próf einhvern tíma á önninni, en innritun í áfanga er í gangi alla önnina í fangelsunum. Í þessum 67 prófum lágu 150 einingar undir og náðust 127 þeirra, en 23 skiluðu sér ekki í námsferla. Vonir standa til, að stór hluti þeirra 167 eininga, sem nemendur voru innritaðir en ekki prófaðir í, skili sér á næstu önn, sumar m.a.s. strax í janúar. Í 11% tilvika var prófi lokið með einkunninni 10, í 17% tilvika með einkunninni 9, í 21% tilvika með einkunni 8 og í 16% tilvika með einkunninni 7. Þetta þýðir, að um 2/3 hlutar einkunnanna voru upp á 7 og þar yfir. Verður það að teljast ásættanlegur árangur miðað við aðstæður.



Átta kennarar við FSu komu að staðbundinni kennslu í fangelsunum á önninni og auk þeirra fjarkenndu aðrir 7 kennarar FSu samtals 8 áfanga.

Nýr náms- og starfsráðgjafi hóf störf í fangelsunum í september sl., Lóa Hrönn Harðardóttir, en hún útskrifaðist sem stúdent frá FSu vorið 1989.

Ingis Ingason, sem starfaði sem kennslustjóri á Litla-Hrauni frá því í nóvember 1986 og í Bitru og Sogni eftir að fangelsisrekstur hófst þar, lét af störfum 31. des. 2014.

Vorönn 2015

Inngangur

Þær breytingar urðu um áramótin 2014-15 að Gylfi Þorkelsson tók við kennslustjórastarfi FSu. í fangelsum af Inga Stefáni Ingasyni. Undirbúningur skólastarfs hófst föstudaginn 2. janúar þar sem fráfarandi kennslustjóri innleiddi þann nýja í starfið. Kennsla hófst fimmtudaginn 8. janúar. Við upphaf skólastarfs voru 25 nemendur innritaðir í skóla á Litla-Hrauni og 8 á Sogni. Þessar tölur breyttust þó fljótt og margir innrituðu sig eftir að skóli hófst. Á önninni voru alls 57 fjölbrautaskólanemendur á skrá á einhverju tímaskeiði, 42 á Litlahrauni og 15 á Sogni, í samtals 386 einingum. Auk þeirra voru 5 nemendur sem kennslustjóri og námsráðgjafi liðsinntu í háskólanámi.

Starfsfólk

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

Borgþór Helgason, málmiðngreinakennari LH (fjarnám)

Brynja Ingadóttir, dönskukennari LH (fjarnám)

Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni

Helgi Þorvaldsson, enskukennari Sogni (staðnám)

Ingvar Bjarnason, stærðfræði- og grunnteiknikennari LH (staðnám)

Íris Þórðardóttir líffæra- og lífeðlisfræðikennari Sogni (fjarnám)

Jón Grétar Hafsteinsson, náttúru- og næringarfræðikennari LH og Sogni (fjarnám)

Lóa Hrönn Harðardóttir, náms- og starfsráðgjafi LH og Sogni

Pelle Damby Carøe, dönskukennari LH (fjarnám)

Ragnar Geir Brynjólfsson, tölvunarfræðikennari LH (fjarnám)

Sigurður Grímsson, málmiðngreinar LH (staðnám)

Sveinn E. Magnússon, enskukennari LH (staðnám)

Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari LH (staðnám) og Sogni (fjarnám)

Úlfur Björnsson, stærðfræðikennari Sogni (staðnám) og landafræði LH og Sogni (fjarnám)

Ægir Pétur Ellertsson, enskukennari LH (fjarnám)

Nám og námsrángur

Eins og jafnan hefur verið raunin komu nemendur og fóru jafnt og þétt alla önnina. Af þeim 57 sem komust á nemendaskrá fengu 48 skráðar einkunnir í Innu. Skýringin á þessu er sú að kennslustjóri tók þá ákvörðun að skrá nemendur sem óskuðu eftir skólavist eftir að kennsla var hafin ekki með formlegum hætti í Innu fyrr en að nokkrum tíma liðnum, þegar reynt hafði á það að þeir myndu mæta í skólann. Einir 9 nemendur sem rötuðu á nemendalista að eigin ósk hófu aldrei nám. Á þessa 48 nemendur voru skráðar 154 einkunnir, alls 369 einingar. Þar

af voru staðnar einkunnir 56 (36,4%) og einingar 113 (31%). Segja má að það taki nemendur u.þ.b. tvær annir að meðaltali að ljúka hverjum námsáfangi. Þetta þýðir að falleinkunnir (F) eru umtalsverður fjöldi af öllum skráðum einkunnum, eða 85 (55%). Í þessu samhengi verður að hafa í huga að skv. fyrri reynslu mun stór hluti nemenda með loka-einkunnina F halda áfram og ljúka viðkomandi áfangi á næstu önn. Einingar sem „skiluðu sér til prófs“ eða fullnaðarnámsmats voru 142, eða 38,5% eininga (69 einkunnir - 45%). Af þeim skilaði sér 121 eining, eða 85,2% (56 einkunnir – 81%). Námsárangur og einkunnadreifingu má skoða nánar í eftirfarandi töflu:

Eink.	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	S	F
Fjöldi	8	8	14	8	8	8	2	4	1	4	2	85
/154	5,2%	5,2%	9,1%	5,2%	5,2%	5,2%	1,3%	2,6%	0,6%	2,6%	1,3%	55,2%
/69	11,6%	11,6%	20,3%	11,6%	11,6%	11,6%	2,9%	5,8%	1,4%	5,8%	2,9%	

Á önninni voru kenndar 17 námsgreinar, alls 45 mismunandi áfangar, og kennararnir sem sinntu þessu voru 14, þar af 7 sem staðkenndu í fangelsunum, ýmist á Litla-Hrauni eða Sogni og einn kennari staðkenndi í báðum fangelsunum, og 9 kenndu áfangi í fjarnámi, ýmist gegnum Moodle kennsluumhverfið á Netinu eða með milligöngu kennslustjóra.

Námsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi tók til starfa í september 2014 í 50% starfi. Á skólaárinu jókst starfshlutfallið í 100% en 15% var úthlutað til náms- og starfsráðgjafa Fjölbrautaskóla Snæfellinga sem sinnir Kvíabryggju og 10% til Verkmenntaskólans á Akureyri sem sinnir Fangelsinu á Akureyri.

Námsráðgjafi var í reglulegu sambandi við fangelsin á landsbyggðinni og heimsótti Akureyri tvisvar yfir veturinn. Námsráðgjafi fór einnig eftir þörf í fangelsið á Kópavogsbraut. Viðvera á Litla-Hrauni var á fimmtudögum og fyrir hádegis á föstudögum og á Sogni eftir hádegis á föstudögum. Námsráðgjafi sat reglulega fundi með heilbrigðisteymi og forstöðumanni fangelsis á Litla-Hrauni.

Viðtölum sem tekin voru skólaárið 2014 – 2015 má gróflega skipta í persónuleg málefni, ráðgjöf við val á námi/áhugasvið, ráðgjöf við nemendur með sérþarfir og námstækni /skipulag.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að styðja við nemendur og liðsinna þeim í málum er varða námið og þá þætti sem áhrif hafa á námsframvindu þeirra. Aðstoð námsráðgjafa beinist að því að auka þekkingu nemenda á sjálfum sér, viðhorfum sínum, áhuga og hæfileikum. Ráðgjöfin miðar að því að fræða nemendur um námsleiðir og störf til að auðvelda ákvörðun um hugsanlegt nám eða starf að afplánun lokinni.

Samkomulag var gert við Hljóðbókasafn Íslands um að veita nemendum við fangelsin aðgang að námsefni á rafrænu formi óháð því hvort fyrir liggi greining eins og venja er. Fyrirhugað er að auka verknám, aðgengi að hugbúnaði fyrir lesblinda og auka almenna fræðslu

er snýr að námi í formi fyrirlestra og/eða námskeiða. Þrír nemendur tóku áhugasviðskönnun Strong, tveir á Litla-Hrauni og einn á Kópavogsbraut.

Yfirlit fangelsismála á Íslandi hafa það að stefnu sinni að afplánun eigi ekki eingöngu að fela í sér refsingu heldur einnig betrun. Vitað er að ávinningur menntunar í afplánun er mikill og því afar brýnt að lagt sé fjármagn í menntun fanga. Stór hluti fanga er með takmarkaða skólagöngu að baki, hátt hlutfall fanga eru brottfallsnemendur og þarf að miða námsframboð og alla þjónustu að því. Full þörf er á auknu starfshlutfalli námsráðgjafa nú þegar nýtt fangelsi verður opnað á Hólmsheiði á komandi ári. Mikil og brýn vinna allra sem að því koma tekur væntanlega við á komandi mánuðum.

Um nám og kennslu

STÆ – GRT - TEH – LAN

Nemendur í stærðfræði og grunnteikningu á Litla-Hrauni voru skráðir í áfangana GRT103, GRT203, TEH203, STÆU93, STÆ102, STÆ122, STÆ303 og STÆ413. Fjöldi þeirra, þegar mest var í upphafi annarinnar, voru ca. 20 nemendur, stofan náði þá stundum að fyllast þegar flestir mættu. En þeim fækkaði þegar leið á önnina, nokkrir hættu alveg að mæta eða mættu sjaldan, einhverjir nýjir duttu inn, héldu áfram eða hættu alveg. Kjarninn sem mætti að meðaltali yfir önnina var um 8-12 nemendur. Fjórir nemendur náðu að klára áfanga á önninni, tveir í STÆ122 og tveir GRT203.

Margir aðrir nemendur eru komnir vel áleiðis í sínum áföngum, hafa náð sér vel á strík eftir erfiða byrjun og ná vonandi að klára þá á næstu önn. Þeir nemendur sem voru skráðir í tvo áfanga einbeittu sér eftir nokkra tíma eingöngu að öðrum þeirra, fannst of erfitt og seinlegt að vera í þeim báðum samtímis til skiptis. Þeir fengu að ráða þessu enda skynsamlegra að klára annan áfangann fyrst og taka hinn á eftir. Í heildina séð er árangur annarinnar ásættanlegur þó að sjálfsgöðu hefði verið æskilegt að sumir nemendur hefðu lagt sig meira fram og mætt betur, því að þeir sem mættu að staðaldri stunduðu sitt nám af áhuga og voru mjög duglegir í tímunum. Þeir eru margir hverjir ágætis námsmenn og hafa fullan hug á því að ljúka einhverju námi.

Kennsla í STÆ að Sogni var með hefðbundnum hætti einu sinni í viku. Mæting nemenda var lengst af þokkaleg en heimavinna flestra frekar lítil, einkum framanaf og alveg í lokin eftir páskana.

Allir nemendur í stærðfræði á Sogni sýndu nokkra framför á önninni og velflestir luku áfangaprófum í þeim áföngum sem þeir þreyttu en einungis einn nemandi lauk áfanga. Þeir sem ekki luku stefna á að ljúka sínum áföngum í haust. Alls stunduðu nemendur nám í 4 áföngum í STÆ.

Tveir nemendur stunduðu nám í LAN í fjarnámi, annar að Sogni (103) og hinn á Litla Hrauni (203) í gegnum Moodle. Nemandinn að Sogni lauk aðeins litlum hluta verkefna en þó með góðum einkunum. Hann á þess kost að halda áfram námi í LAN 103 á næstu önn og hefja nám þar sem frá var horfið. Nemandinn í LAN 203 hóf nám í áfanganum í haust en lauk ekki þá. Hann fluttist svo frá Sogni á Litla-Hraun í upphafi annar og lauk áfanganum þaðan.

Grunnteikning - GRT

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Staðnám/Fjarnám
103	6	0	6		St.n.
203	2	2	0	6,5	St.n.

Teikningar og verklýsingar - TEH

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnám/Fjarnám
203	2	0	2		St.n.

Stærðfræði - STÆ

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnám/Fjarnám
U93	2	0	2		St.n.
102	12	0	12		St.n.
122	5	2	3	10	St.n.
243	1	1	0	10	St.n.
303	2	0	2		St.n.
413	1	0	1		St.n.

Landafræði - LAN

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnám/Fjarnám
103	1	0	1		Fj.n.
203	1	1	0	5	Fj.n.

Danska – DAN

Fjarnámsnemendur í dönsku í Moodle flosnuðu fljótt upp úr námi og skiluðu ekki árangri.

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Fjarnám/staðnám
102	2	0	2		Fj.n.
212	1	0	1		Fj.n.

EFM - GÆV

Einn nemandi stundaði fjarnám í efnisfræði, lauk tveimur áföngum, og gæðavitund með afburðaárangri. Kennslustjóri hafði milligöngu um námið, milli kennara og nemanda.

Efnisfræði málmiðna – EFM

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Fjarnám/staðnám
102	1	1	0	10	Fj.n.
201	1	1	0	10	Fj.n.

Gæðavitund - GÆV

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnám/Fjarnám
101	1	1	0	10	Fj.n.

Enska – ENS

Á þessarri önn hófu nám á Sogni fjórir nemendur í áföngum 202, 212, 403 og 503. Allir nema einn heltust úr lestinni er leið á önnina en í staðinn komu sex „úr neðra“ í áfanga U93, 102, 212 og luku þrír þeirra áföngum sínum með prófum 11. maí og stóðust allir. Talsvert var um að nemendur sem virtust áhugasamir um námið hyrfu á braut í launaða vinnu og sáust þeir lítið eftir það. Vonir standa þó til að þeir taki upp þráðinn að nýju í haust og ljúki sínum áföngum.

Námstilhögun á Sogni með eina langa kennslustund á viku og takmarkað aðgengi að hjálpargögnum, svo sem orðabókum, gerir það að verkum að ekki er alltaf hægt að fara eftir kennsluáætlunum dagskóla að fullu. Stundum þarf nánast að endursemjja kennsluáætlanir einstakra áfanga ef innihaldið hentar ekki eða upplýsingar um innihald náms vantar. Nauðsynlegt er að taka tillit til þessa ef fangelsiskennslan á að fara inni í vinnumat fyrir haustið.

Önnin á Litla-Hrauni kemur út á svipaðan hátt og fyrri annir. Há nemendavelta í Neðra er einfaldlega hluti af umhverfinu; lykillinn að því að koma til móts við hana er að langtíma-nemendur geti klárað áfanga á næstu önn, án þess að tapa kláruðum hluta áfangans.

Stærsta breytingin í ensku er fækkun erlendra nemenda sem komu gjarnan sem samheldinn hópur; ástæðan fyrir þessu liggur ekki ljós fyrir, en þeir eru velkomnir sem fyrr.

Enska - ENS

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Fjarnám/staðnám
U93	6	5	1	6,2	St.n.
102	11	2	9	5,7	St.n.
202	2	1	1	8	St.n.
212	6	4	2	6,75	St.n.
303	3	1	2	9	St.n.
403	2	1	1	5	St.n.
503	3	0	2	1,0	St.n./Fj.n.

Íslenska – ÍSL

Langflestir íslenskunemendur eru í byrjunaráföngum. Eins og gengur er ástundunin misjöfn og margir þurfa fleiri en eina önn til að ljúka hverjum áfanga. Þeir sem ná að einbeita sér og stunda námið að einhverju marki ná yfirleitt góðum árangri.

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnám/Fjarnám
102	15	5	10	8,6	St.n.
202	4	3	1	6,3	St.n.
212	4	0	4		St.n.
242	1	1	0	7	St.n.
403	2	0	2		St.n.
503	2	0	2		St.n.
663	1	1	0	10	St.n.

Íþróttir - ÍÞR

Íþróttakennsla á Litla Hrauni var með nokkuð hefðbundnu sniði þetta skólaárið. Kennt var á miðvikudögum, tvo tíma í senn þar sem fyrri tíminn var bóklegur en sá seinni verklegur. Nemendur í ÍÞR 102 og 202 mæta bæði í bóklega og verklega tíma. Nemendur sem lokið hafa ÍÞR202 geta mætt áfram í verklegu íþróttatímanna og eru þá skráðir í einnar einingar áfanga (ÍÞR3x1).

Eins og oft áður var mesti fjöldinn í byrjun annar en fækkaði þegar leið á. Þeir sem kláruðu sína áfanga gerðu það vel. Á þessu skólaári var tekinn upp sá siður að geyma námsbækur nemenda í skólanum milli kennslutíma. Reynslan hefur sýnt að lítið sem ekkert er lært heima og með þessu móti fækkar þeim bókum sem glatast. Nemendur geta þó fengið að taka bækurnar með sér inn í klefa, ef þeir óska eftir því sjálfir.

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)eink.	Staðnám/Fjarnám
102	12	6	6	5,75	St.n./Fj.n.
111	2	0	2	3	St.n.
202	7	2	5	5,3	St.n./Fj.n.
301	1	0	1		Fj.n.
321	1	1	0	8	St.n.
3þ1	3	2	1	S/S	St.n.

Líffæra- og lífeðlisfræði – LOL

Einn nemandi skráði sig í fjarnám í LOL í gegnum Moodle en hætti fljótt námi.

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnám/Fjarnám
103	1	0	1		Fj.n.

NÁT – NÆR

Fjórir nemendur óskuðu eftir fjarnámi í náttúrufræði og næringarfræði. Námið fór fram í tölvuveri í gegnum Moodle. Þeir gufuðu allir upp, af ýmsum ástæðum.

Náttúrufræði - NÁT

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnám/Fjarnám
123	1	0	1		Fj.n.

Næringarfræði - NÆR

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnám/Fjarnám
103	4	0	4		Fj.n.

LSU – PLV – RSU

Á vorönn stunduðu fjórir nám í PLV102, þar sem einn lauk áfanganum. Einn lauk áfanganum PLV202. Fimm voru í HSU102 og LSU102, fjórir luku báðum þessum áföngum. Kennsluaðstaðan er ekki með besta móti, t.d. er mjög erfitt að loftræsta með ásættanlegum hætti vegna lofthæðar. Þá er stundum illa gengið um kennslurýmið og kennari þarf þá að byrja á því að fjarlægja ýmiskonar drasl áður en hægt er að hefja kennslu.

Logsuða - LSU

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnám/Fjarnám
102	5	4	1	6,2	St.n.

Plötuvinna - PLV

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnám/Fjarnám
102	4	3	1	6,7	St.n.
202	1	1	0	9	St.n.

Rafsuða - RSU

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnám/Fjarnám
102	5	4	1	6,0	St.n.

Tölvunarfræði – TÖL

Einn nemandi óskaði eftir að halda áfram fjarnámi í TÖL, eftir að hafa lokið áfanganum TÖL103 á haustönn. Viðkomandi fór í aðra fasta vinnu en nám á önninni og sinnti því ekki náminu.

Áfangi	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnám/Fjarnám
203	1	0	1		Fj.n.

Lokaorð

Þegar á heildina er litið hefur skólastarf í fangelsunum á Litla-Hrauni og Sogni gengið vel. Það helgast fyrst og fremst af framúrskarandi starfsfólki, áhugasömum kennurum, mörgum með langa reynslu. Kennslustjóri þakkar farsælt samstarf á sinni fyrstu önn í starfi, ekki síst náms- og starfsráðgjafa fyrir náðið og gefandi samstarf, einnig stjórnendum í FSu, skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra, forstöðumanni og öðru starfsfólki fangelsanna fyrir þolinmæði og skilning, og áhuga á þróun starfseminnar.

Það eru spennandi tímar framundan, með nýrri sókn og stefnumótun í málaflokknum og ef allir leggjast á eitt er hægt að lyfta grettistaki.

Selfossi, 20. maí 2015.

Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri.

3.4 Náms- og starfsráðgjöf Starfslið

Skólaárið 2014- 2015 störfuðu þrír náms- og starfsráðgjafar við skólann. Anna Fríða Bjarnadóttir var í 100% starfshlutfalli, Agnes í 75% starfshlutfalli á haustönn og síðan 100% á vorönn. Bjarney Sif Ægisdóttir var í 50% starfshlutfalli á haustönn og fór síðan í fæðingarorlof á vorönn. Á vorönn var Hannes Björnsson sálfræðingur í 25% starfshlutfalli.

Símenntun og fundir starfandi náms- og starfsráðgjafa

Haust:

Október. Námsráðgjafar sóttu kynningu hjá menntamálaráðuneytinu á könnun um líðan og námsumhverfi nemenda.

Október. Málþing Sjónarhóls, Agnes og Bjarney Sif

Október. Menntakvika HÍ- Agnes flutti fyrirlestur sem bar heitið: Toggi og tilveran: Hvernig virknimat og einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun leiddi til jákvæðra breytinga á hegðun og námsástundun nemanda í skóla og heima fyrir.

Október. Kynning á skólaþjónustu Árborgar. Vinátta barna og unglunga. Agnes

Fundur í nóvember með náms- og starfsráðgjöfum FS og FVA. Fundurinn var haldinn í Kennarahúsinu við Laufásveg.

Fundur í desember með fræðslustjóra Árborgar og kennsluráðgjafa um lestrarskimanir í grunnskólum Árborgar og skil þeirra í FSu. Séð verður til þess að greiningargögn fylgi með nemendum úr grunnskólum Árborgar enn frekar en áður.

Náms- og starfsráðgjafar sóttu námskeið um Office 365 sem haldið var á vegum skólans.

Vor:

Kvíði barna og unglinga hjá Endurmenntun HÍ. Agnes og Anna Fríða.

Verkefnastjórnun og námstækni á 21. Öldinni, Endurmenntun HÍ Agnes og Anna Fríða

Núvitund og kennsla, Endurmenntun HÍ Agnes

Nýnemadagur

Nýnemadagur fór fram 20. ágúst. Þar kynntu náms- og starfsráðgjafar sig og sína þjónustu fyrir nýnemum. Þessi dagur hefur löngu fest sig í sessi og sannað gildi sitt.

Innritunarviðtöl við nemendur með íslensku sem annað móðurmál

Samkvæmt reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku eiga framhaldsskólar að vera með móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Í júní 2014 voru 6 nemendur boðaðir í innritunarviðtal. Þar af voru tvö viðtöl með túlk.

Námskeið og áhugasviðskannanir

Markmið náms- og starfsráðgjafar FSu hefur verið að bjóða upp á námskeið eða áhugasviðskannanir. Lagðar voru fyrir 5 kannanir *Í leit að starfi* í umsjón Bjarneyjar og 5 IDEAS kannanir í umsjón Önnu Fríðu. Ljóst er að með breyttri námskrá verður meiri áhersla lögð á að vinna með áhugasvið nemenda.

Á haustönn voru haldin þrjú örnámskeið, skipulag og markmiðssetning, hugkort og lestraraðferðir og próf og prófundirbúningur. Námskeiðin voru öll haldin í fundir/félagslífsgatinu og komu allir náms- og starfsráðgjafar að þeim. Þar sem ráðgjafarhlutfallið var skert á vorönn var ekki hægt að halda námskeið þá.

Nýjungar

Á vorönn urðu miklar breytingar á skráningu nemenda sem hafa skilað inn greiningum. Hingað til hafa kennarar fengið upplýsingar um þessa nemendur í dulrituðum tölvupóstsendingum sem hafa fallið í misjafnan jarðveg hjá kennurum. Í lok haustannar hófu námsráðgjafar vinnu við að færa þessar upplýsingar í lokaðar athugasemdir um nemendur.

Þessar athugasemdir birtast svo á hópalistum kennara. Í byrun vorannar var þessi aðferð notuð til að miðla þessum upplýsingum til kennara.

Á vorönn ákváðu ráðgjafar að bregðast við óskum sem komu úr sjálfsmatsvinnu skólans. Þar komu fram óskir um að ráðgjafar yrðu með sérstakan tíma til ráðgjafar við kennara. Ákveðið var að bjóða kennurum uppá opin tíma hjá ráðgjöfum. Því miður þá voru þessir tímar ekki vel nýttir af kennurum og verður endurskoðað hvort framhald verði á næstu önn.

Sú nýbreytni var líka að bjóða uppá Upplýsingaveitu um nám og störf í miðrýminu á miðvikudögum. Aðsóknin fór hægt af stað en eflist með hverjum miðvikudeginum. Með þessu vildu ráðgjafar gera sig sýnilegri og veita þjónustu sem takmarkaðist við þessa upplýsingaveitu. Í lok annar var ákveðið að hafa ekki fasta viðveru í miðrýminu í framtíðinni, heldur öðru hvoru og auglýsa það sérstaklega í hvert skipti.

Náms- og starfsráðgjafar buðu sálfræðingum og barnalækni frá HSu í heimsókn til skrafs og ráðagerða. Talsvert er um að nemendur úr FSu nýti sér þjónustu sálfræðinga frá HSu. Hugmyndin var að koma á meira samtali á milli þessara stofnana til þess að auka samfelli í málum þessara nemenda. Náms- og starfsráðgjafar vona að þetta sé byrjunin á farsælu samstarfi.

Kynningarstarf og heimsóknir

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: Kynningar innan og á vegum skólans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnskóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Að auki eru ýmis óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

Foreldrafundur

Foreldrafundur var haldinn í september. Mæting á fundinn var óvenju góð en yfir 100 foreldrar mættu. Á fundinum kynntu náms- og starfsráðgjafar starf sitt fyrir foreldrum og þá þjónustu sem nemendum stendur til boða ásamt því að fara yfir ýmsa þætti tengda náminu og skólanum.

Íðn- og starfsnámsdagur

Íðn- og starfsnámsdagur var ekki haldinn þetta árið. Rökin fyrir því voru að velheppnuð framhaldsskólakynning var haldin í Reykjavík sl. ár og heppnaðist vel. Einnig var ljóst að Starfamessa yrði haldin á vordögum í FSu sem tæki á sömu þáttum í miklu víðara samhengi.

Erlendir háskólar

Danskur háskóli, Erhvervsakademi Sydvest/Business Academy SouthWest kynnti námsframboð sitt í október og HINT norskur háskóli í mars.

Íslenskir háskólar

Þann 18. mars var í miðrýminu settur upp Háskóladagur í samvinnu við Háskóladaginn sem haldinn er árlega í Reykjavík og ferðast svo um landið. Hingað komu aðilar frá sjö háskólum, Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Landbúnaðarháskólanum, Listaháskólanum, Háskólanum á Akureyri, Hólaskóla og Háskólanum á Bifröst til þess að kynna námsframboð sitt. Háskóladagurinn tókst vel og var góð mæting.

Kynningar fyrir grunnskóla

Ákveðið var í ljósi sparnaðar að náms- og starfsráðgjafar ásamt sviðstjórum færu ekki út í grunnskólana með kynningar eins og gert hefur verið undanfarin ár. Öllum grunnskólum á Suðurlandi var boðið í heimsókn þar sem fram fór fjölpætt kynning á skólanum og félagslífi hans. Kynningin var á vegum náms- og starfsráðgjafar, sviðstjóra og nemendaráðs. Í lokin fór svo náms- og starfsráðgjafi með hópinn í kynnisferð um skólann.

Nemendur úr 10. bekk Vallaskóla sem höfðu möguleika á að koma yfir í FSu um áramótin fengu kynningu frá náms- og starfsráðgjafa.

Að auki tóku náms- og starfsráðgjafar á móti einstaklingum á skólaárinu sem komu til að kynna sér skólann og námsframboð hans.

Greiningalisti

Nemendur með greiningu voru 228 á haustönn en 211 á vorönn. Ekki er eingöngu um nemendur með námsörðugleika að ræða heldur einnig nemendur sem mikilvægt er að hafa yfirlit yfir s.s nemendur með bráðaofnæmi og fleira en sá hópur er samt sem áður ekki stór.

Þegar nemandi skilar inn greiningu, skráir náms- og starfsráðgjafi það hjá sér. Mikilvægt er að þessar upplýsingar komist sem fyrst til kennara nemenda. Á vorönn voru upplýsingar um greiningar nemenda settar í athugasemdir í INNU og fara sjálfkrafa á hópalista kennara. Komi nýjar greiningar í hús eftir að skólastarf byrjar, eru kennarar látnir vita af því sérstaklega. Með þessu móti er tryggt að kennarar hafa upplýsingarnar nálægar og þær eru vel sýnilegar fyrir kennarana. Allir nemendur á greiningarlista, og forráðamenn ef við á, fá sendan tölvupóst þegar líður að prófatíma til að minna á að sækja um sérúrræði fyrir próf.

Nemendur með greiningu sem sækja um lengri próftíma fá allir skírteini þar um, sem þeir nota allan sinn námsferil í FSu. Því er erfiðara að hafa yfirsýn hverjir nýta sér lengri próftíma á hverjum tíma. Þetta kerfi er hins vegar mun skilvirkara fyrir nemendur, sem þurfa ekki að sækja um þetta á hverri önn, heldur bara í eitt skipti.

Tilhliðrun í prófum

Á haustönn var sótt um sérstakar prófaðstæður í 132 prófum en á vorönn í 103 prófum. Um er að ræða töluverða fækkun tilhliðrana frá fyrra ári.

Tafla 3: Tilhliðrun í prófum

	Haut 2014	Vor 2015
Fámenni	119	103
Hljóðskrá	33	22
Með aðstoð og/eða tölvu	8	9
Stækkað letur	7	6
Litaður pappír	5	11
Annað	0	3
Samtals	172	154

Tölurnar í töflunni geta skarast þar sem sama prófið getur verið til dæmis í fámennt og með stækkað letur og á hljóðskrá. Nemendur sóttu um sérstakar prófastæður ýmist í öllum þeim

greinum sem þeir þreyttu lokapróf eða einhverjum hluta þeirra allt eftir gerð prófa og aðstæðum hvers nemanda fyrir sig. Nemendur með prófkvíða og nemendur í sérstökum aðstæðum geta einnig sótt um lengri prófatíma og aðrar tilhliðranir í prófum eins og þarf. Um er að ræða fáa nemendur á hverju skólaári.

Einnig senda náms- og starfsráðgjafar vinsamleg tilmæli til allra kennara skólans um að taka tillit til nemenda á greiningarlista eins og kostur er í símatsáföngum.

Sú nýbreytni var tekin upp á haustönn að sérúrræði voru skráð beint í Innu og geta kennarar nú flett upp upplýsingum um hvaða sérúrræði nemendur eru með í hverjum áfanga.

Lestrarskimun

Náms- og starfsráðgjöf hefur yfirumsjón með og vinnur úr lestrarskimun. Íslenskukennarar leggja hana fyrir í upphafi haustannar í öllum byrjunaráföngum í íslensku. Á haustönn var skimunin lögð fyrir og sami háttur hafður á og áður. Í kjölfarið var ákveðið að hætta að leggja þessa skimun fyrir nemendur. Sú ákvörðun var tekin í ljósi þess að lestrarskimun fer fram í grunnskólum svæðisins og sjá skólapjónustur um að greiningagögn berist FSu.

Opin vottorð

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um nemendur sem eru með opin vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu þeirra og mætingar. Nemendur skila inn opnu vottorði til náms- og starfsráðgjafa og hringja í veikindasímann þegar þeir geta ekki mætt vegna veikinda sinna eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur yngri en 18 ára og veikindi þá skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu og senda póst á alla kennara um leið og opið vottorð berst.

Á haustönn voru 47 nemendur með opið vottorð, þar af voru 33 kvk og 14 kk.

Á vorönn voru 96 nemendur með opið vottorð, þar af 63 kvk og 33 kk.

Tilvísanir og samskipti við stofnanir og sérfræðinga utan FSu

Náms- og starfsráðgjafar áttu í samskiptum við eftirfarandi stofnanir og sérfræðinga:

Barnahús

Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL)

Birta starfsendurhæfing

Félagsmálayfirvöld

Fósturheimili á vegum félagsmálayfirvalda

Heilsugæslan

Unglingamóttakan HSu/FSu (Rut hjúkrunarfræðingur)

Sjálfstætt starfandi sálfræðingar

Sálfræðingur í FSu

Vinnumálastofnun

Viðtöl

Skráning viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa er vinnuregla sem yfirleitt tekst að hafa í heiðri. Upplýsingar um fjölda viðtala standa þó einungis fyrir fjöldanum, en ekki því sem fer fram í viðtalinu. Stundum eru heimsóknir nemenda stuttar og um afgreiðslumál er að ræða eða vísanir á aðra starfsmenn skólans. Önnur viðtöl taka lengri tíma, þarfnast úrvinnslu og eftirfylgni og í kjölfarið undirbúnings og fleiri viðtala við nemendur. Oft þarf ráðgjafi að afla sér upplýsinga hjá mörgum aðilum við undirbúning og vinnslu slíkra viðtala. Ekki má gleyma að símtöl, viðtöl við kennara, foreldra og aðra er líka stór þáttur í starfi náms- og starfsráðgjafa. Einnig eru ráðgjafar í margvíslegri undirbúningsvinnu t.d fyrir námskeið, fundi og annað sem óskað er eftir. Við teljum því að upplýsingar um fjölda viðtala gefi ekki rétta mynd af starfi náms- og starfsráðgjafa.

Önnur verkefni

Náms- og starfsráðgjafar:

- lögðu metnað í að uppfæra og viðhalda framboði upplýsingabæklinga um allt háskólanám sem í boði er á Íslandi, auk upplýsinga um starfsnám og sýnishornum af erlendum skólum.
- viðhéldu facebook síðu fyrir náms- og starfsráðgjöf FSu þar sem sett voru vikulega eða oftár ýmis heilræði og ábendingar og einnig er hægt að senda skilaboð þar með beiðni um viðtal eða fyrirspurnir
- aðstoðuðu og komu að innritun eldri nemenda og nýnema sem eru að koma úr grunnskóla gegnum menntagátt, bæði haust og vor meðan opið er fyrir umsóknir um skólavist
- voru eins og áður milligöngumenn nemenda með greiningu vegna hljóðbóka og talgervla sem þeir eiga rétt á að fá frá Hljóðbókasafninu
- voru í stundatöflubreytingum og einnig í að breyta vali nemenda vegna niðurstöðu prófa bæði haust- og vorönn.
- Komu að vinnu við Braga sem er nýtt utanumhald fyrir umsjón með nemendum fyrstu þrjár annir í skólanum.
- Agnes er í áfallateymi skólans fyrir hönd náms-og starfsráðgjafar.

Mat á námsumhverfi framhaldsskólanema

Eftir miðja haustönn var lögð fyrir í fyrsta sinn, könnun sem metur námsumhverfi framhaldsskólanema. Í október fóru náms-og starfsráðgjafar ásamt skólameistara og áfangastjóra á kynningu í Menntamálaráðuneytinu. Könnunin er þróuð fyrir náms-og starfsráðgjafa í framhaldskólum til að auðvelda þeim að greina nýnema í brotthvarfshættu út frá þekktum áhættupáttum.

Könnunin var rafrænn spurningalisti sem ætlað er að meta styrkleika og veikleika nemenda og námsumhverfi þeirra. Könnunin var lögð fyrir upp úr miðri önn. En lögð er áhersla á það að nemendur séu búnir að vera um 6 vikur í skólanum áður en könnun er lögð fyrir.

Í hönd fór mikið skipulag um hvernig hægt væri að ná til allra nýnema. Nemendur voru teknir út úr íslensku, LKN og náttúrufræði og stundum var tvisar sinnum reynt að ná í suma

nemendur. Athygli vakti hvað það vantaði oft stóran hluta af nýnemum í þær kennslustundir sem reynt var að veiða þá útúr.

Niðurstaðan var sú að könnunin var lögð fyrir 166 nemendur af 251. Helstu áhættuþættir sem einkenndu nemendahópinn voru námsleg skuldbinding, námsvenjur, óvissa með námsval, fyrri námsárangur og námserfiðleikar sem skoruðu hæst.

Vel má velta fyrir sér þessum áhættuþáttum og ástæðum fyrir þeim. Sá þáttur sem skoraði hæst voru námserfiðleikar. Þjónustu við nemendur með námsörðugleika væri æskilegt að bæta með þjónustu sérfræðinga á því sviði.

Helstu styrkleikaþættir nýnema í FSu samkvæmt könnuninni voru metnaður, hvatning móður í námi, félagsleg skuldbinding, stuðningur foreldra og skuldbinding vina til náms.

Í framhaldi af fyrirlögn var unnið úr niðurstöðum og þeir nemendur sem höfðu 8 eða fleiri áhættuþætti af 15 mögulegum voru kallaðir í viðtal til náms-og starfsráðgjafa. Þessi viðtöl fóru fram á vorönn. Um 20 nemendur var að ræða sem féllu inni viðtalahópinn.

Ljóst er að margt er hægt að gera betur í framkvæmdinni. Nýtt umsjónarkerfi gerir okkur fært að ná til fleiri nýnema á auðveldari hátt. Við veltum fyrir okkur tímasetningunni á fyrirlögninni. Nokkur tími leið frá því að nemendur tóku könnunina þar til þeir komu í viðtal. Fram kom í viðtölunum að þeir væru með aðrar skoðanir heldur en komu fram í könnuninni, töldu sig hafa verið óörugga og myndu ekki svara eins í dag. Svo á hinn bóginn voru sumir nemendur þegar komnir í verulegan vanda og þá nemendur er nauðsynlegt að finna sem fyrst til að veita þeim ráðgjöf og stuðning.

Mikilvægt er að náms-og starfsráðgjafar geti unnið strax úr niðurstöðum og byrjað strax á haustönn að kalla nemendur í viðtöl. Einnig væri æskilegt að náms-og starfsráðgjafar fengju meiri fræðslu um hvernig vinna eigi með niðurstöðurnar. Menntamálaráðuneyti boðaði til fundar sem var síðan frestað. Til að könnunin nýtist sem best verður að gera ráð fyrir góðum tíma í úrvinnslu og eftirfylgni með þeim nemendum sem greinast í brottfallshættu.

Umræður og lokaorð

Þegar litið er yfir skólaárið er eitt sem stendur uppúr. Það er gífurleg aukning í andlegum erfiðeikum nemenda. Sálfræðingur í 25% stöðu er viðleitni til þess að mæta þörfinni en alls ekki nægilegt starfshlutfall.

Aukning á kvíða hjá nemendum hefur aukið þörf nemenda fyrir að taka próf á önninni inni hjá námsráðgjafa. Í ljósi nýrra samninga þar sem prófdögum fækkar og símat væntanlega eykst þá má gera ráð fyrir að meira verða um að nemendur þurfi þessa þjónustu.

Miklar annir námsráðgjafa og álag veldur því að erfitt getur reynst að halda utan um þau mál sem koma á þeirra borð og mæta þörfinni fyrir náms- og starfsráðgjöf. Við leggjum til að stöðuhlutfall náms- og starfsráðgjafa verði aukið. Breytt námsskrá eykur mikilvægi náms- og starfsráðgjafar í námi nemenda. Einnig er fyrirsjáanlegt að niðurfelling stöðugildis námsferilsstjóra valdi því að vinna við námsferla færist enn frekar til náms- og starfsráðgjafa. Jafnframt leggjum við til að sálfræðingur verði ráðin í a.m.k. 50% starf við skólann.

Aðstaða náms- og starfsráðgjafa er til fyrirmyndar en þegar þrír námsráðgjafar eru starfandi er mikilvægt að bæta einni skrifstofu við. Það eykur enn líkurnar á því að námsráðgjafar geti nýtt tímann sinn eins og best verður á kosið. Í umræðunni hefur verið að bæta aðstöðu ráðgjafa á annarri hæð, þar sem hægt væri að gera ráð fyrir fundaraðstöðu. Slíkt breyting myndi bæta stórum möguleika í starfi ráðgjafar, hópráðgjöf og próftöku á skólatíma.

Náms- og starfsráðgjafar halda utan um greiningar nemenda. Eins og fram hefur komið er um mikinn fjölda nemenda að ræða sem hafa greinda erfiðleika sem taka ber tillit til. Þessi nemendahópur telur undantekningalaust yfir 200 nemendur á hverri önn. Þá er inni þessum nemendafjölda (200) ekki talinn sá hópur nemenda sem er á starfsbraut skólans.

Nemendum fækkar en greiningum ekki.

Margt bendir til að nauðsynlegt sé að búa betur að þessum nemendahópi, s.s. niðustöður úr könnun um líðan og námsumhverfi nemenda í FSu en þar kemur fram að námsörðugleikar skora hæst sem áhættuþáttur í brottfalli.

Áriðandi er að hafa *Reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum* til hliðsjónar þegar skólastarf er skipulagt. Samkvæmt henni eiga nemendur með sérþarfir, s.s. þeir sem eiga við námslega, tilfinningarlega eða félagslega örðugleika að stríða og/eru langveikir, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í framhaldsskóla. Samfella skal vera í þjónustu við nemendur sem hafa notið stuðnings á fyrri skólastigum.

Svona er raunveruleikinn ekki, því miður. Nemendur fá betri stuðning í grunnskóla heldur en í FSu. Líklegt er að það eigi við um marga framhaldsskóla. Þjónusta við þá nemendur sem þurfa stuðning í námi hefur því miður verið skorin niður í FSu. og má þar nefna sérstakt utanumhald um nemendur með annað móðurmál en íslensku, atvinnulífsbrautin hefur verið

lögð niður, stöðuhlutfall umsjónarmanns stafsbrautar hefur verið skert og einnig hafa stoðtímar fyrir nemendur utan starfsbrautar verið lagðir af.

Til þess að vel takist til teljum við mikilvægt að sérfræðingur á sviði sérkennslu hafi þennan málaflokk í sinni umsjá. Nemendur eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þeim ber, af þar til hæfum sérfræðingi. Náms-og starfsráðgjafar eru ekki þeir sérfræðingar.

Einnig teljum við að í ljósi þessa stóra nemendahóps sem hér um ræðir, sé nauðsynlegt að kennarar hafi aðgang að þar til hæfum sérfræðingi til skrafs og ráðagerða um þjónustu við ólíka nemendahópa.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku er hópur sem ekki hefur verið nægilega sinnt. Tungumálaörðugleikar valda því að þeir eiga í erfiðleikum með að standast námskröfur og ljúka skilgreindum námsbrautum. Þessi nemendahópur þarf fjölbreyttari námstilboð og meiri stuðning í námi. Nauðsynlegt er að þessi hópur fái markvissari umsjón í skólanum.

Í draumaskólanum okkar er framsýn og leiðandi stuðningsþjónusta sem inniheldur náms-og starfsráðgjafa, kennsluráðgjafa (sérkennari fyrir nemendur og kennara), sálfræðing, fjölmenningarfulltrúa, skólahjúkrunarfræðing og félags-og forvarnarfulltrúa. Með þannig þjónustu væri komið til móts við náms, líkams-, félags-og tilfinningarlegar þarfir nemenda. Nemendur hefðu jafnari tækifæri til náms.

3.5 Sálfræðipjónusta

Á vorönn 2015 var nemendum veitt sálfræðipjónusta við Fjölbrautarskóla Suðurlands. Skólameistari hafði samband við mig þar eð ég hef rekið útibú frá sálfræðistofunni Greiningu og meðferð á Selfossi. Við ræddum þennan möguleika um haustið og varð að samkomulagi að ég yrði í 25% stöðu sem fælist eingöngu í sálfræðiviðtölum fyrir nemendur einn dag vikunnar, sex viðtöl á dag. Meira hefði mátt gera, en annir leyfðu ekki meiri viðveru. Litið var á starfið sem tilraun, þar sem kannað væri hvernig viðtökur yrðu og verklag mótað eftir þörfum. Starfið hófst eftir áramót á fundi með skólameistara og námsráðgjöfum sem studdu mjög vel við starfið. Hverjum nemanda voru ætlaðir þrír tímar.

Fyrstu viðtöl voru 14. janúar og og þaðan í frá nær vikulega fram til 2. júní er síðasta viðtal var veitt. Viðtöl urðu fullbókuð strax í þriðju viku og hélst það fram í próf. Reynt var að svara þörfinni með því að dreifa meira úr viðtölum en gert var í upphafi og varð þá nokkur lausung á framhaldið eftir fyrsta viðtal. Bætt var úr því á önninni með þéttara utanumhaldi á tímum þannig að það ætti ekki að verða vandi næst. Mæting var misjöfn en best um miðbik annar. Á próftíma var engin mæting en þegar þar var komið var farið að óska eftir staðfestingu á mætingu, enda fór mætingu mjög hrakandi rétt fyrir prófin. Sé aðeins miðað við tímann fyrir próf, sem virðist vera eina raunhæfa tímabilið þá er bókun alls 95% og mæting alls 72% þrátt fyrir að fyrsta og síðasta vika dragi tölfræðina talsvert niður. Þetta er mjög góð nýting og að miklu leyti að þakka ötulu starfi námsráðgjafa sem aðstoðuðu við að fylla í þær eyður sem komu upp. Öllum sem höfðu komið um önnina var boðið að mæta eftir próf en lítil þátttaka var.

Með aðeins þrjá tíma til umráða var í flestum tilvikum ekki verið að eyða tíma í mikla greiningarvinnu eða í að leggja fyrir lista, heldur var lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þau voru stödd. Þegar depurð eða kvíði voru til staðar þá var hugrænni atferlismeðferð beitt ásamt fræðslu um kvíða og áföll. Einnig var unnið með skipulag, frestun og forgangsroðun. Í langflestum tilvikum náðust góð tengsl við nemendur og nokkur árangur. Alls voru 39 nemendur bókaðir í viðtöl og 36 þeirra mættu.

Á önninni komu fyrirspurnir um fyrirlesta og sálfræðipjónustu fyrir kennara sem ekki var tök á að verða við. Það eru atriði sem mætti hafa í huga í framhaldinu, ef af verður. Ef þessi önn er dæmigerð þá er meginþungi sálfræðipjónustu við FSu frá viku af skólabyrjun og þar til vika er til prófa, að þessu sinni alls tólf vikur.

Sálfræðingur hafði aðstöðu hjá námsráðgjöfum sem að mörgu leyti var hentugt og aðgang að Innu til að ná sambandi við nemendur. Ef til vill væri hentugra að vera utan skólahússins, því hluti nemenda tjáir sig um mjög viðkvæm efni og þeim kann að þykja óþægilegt að mæta sálfræðingnum sínum á göngum skólans eftir það. FSu hefur áður samið við sálfræðinga um að nemendur fái þrjá tíma á stofu og ekki er víst að það væri dýrara en það fyrirkomulag sem hér var reynt. Víst er að þörfin er til staðar og starfið var mjög þakklátt. Það var það sem þessi tilraunapjónusta átti að kanna.

Hannes Björnsson sálfræðingur

3.6 Kerfisstjóri og tölvuþjónusta

Skýrsla kerfisstjóra FSu 20142015

Kerfisstjóri: Ragnar Geir Brynjólfsson

Yfirlit:

Framtíðarsýn

Matráðskerfið

Endurmenntun

Ráðgjöf

Staðsetning tölvukerfis

Yfirlit yfir netþjóna

Breytingar og uppfærslur á netþjónum

Netkerfi

Símkerfi

Internet samband þráðlausir

sendar

Forritun og tengingar

Öryggishandbók og öryggisstefna

Þjónustukannanir

Leyfamál og hugbúnaður

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn með tölvukerfi skólans er að halda áfram að bjóða nemendum og starfsfólki upp á gott vinnuumhverfi. Umræðan um sviðsmyndir í fartölvumálum hefur að mestu legið niðri í vetur og ekki hafa verið teknar ákvarðanir um staðaluppsetningu fartölva, val á tölvum af fyrirtækjagerð, styttingu verkferla né heldur hefur úreldingaráætlun fyrir tölvur skólans verið gerð. Þessar hugmyndir voru settar fram í skýrslu síðasta skólaárs og má sjá þær þar.

Atburður sem varð á síðasta ári

Í júlí í fyrra kom upp eldur í tölvuherbergi skólans og þurfti að endurnýja töluvert af búnaði í kjölfarið. Var keyptur tölvubúnaður fyrir um 3 milljónir króna. Leiðagreiðar (svissar) voru endurnýjaðir og auk þess var nýr eldveggur af Cisco Meraki MX 100 keyptur. Einnig var keyptur nýr netþjónn fyrir Moodle kerfið í kjölfar brunans.

Innkaup og förgun

Nýr vefur um útboð á vegum hins opinbera hefur verið opnaður en markmið hans er að auðvelda aðgengi áhugasamra að upplýsingum um fyrirhuguð innkaup opinberra aðila. Þessi vefur hefur þegar verið notaður af FSu í innkaupum á þráðlausum sendum. Ríkiskaup hafa einnig gert samning við bland.is sem auðveldar skólanum að losna við búnað með uppboðsfyrirkomulagi á netinu.

Matráðskerfið

Innleiðing kerfisins gekk betur í vetur en í fyrravetur. Á haustönn fóru starfsmenn að nota kerfið og á vorönn bættust 35 nemendur við. Kortin eru prentuð í Menntaskólanum í Kópavogi.

Endurmenntun

Kerfisstjóri sótti morgunverðarfundir fyrirtækja í Reykjavík og fór á Utmessuna að venju.

Staðsetning tölvukerfisins

Tölvukerfi FSu er staðsett í Odda, lðu og Hamri, auk sambands með leigulínu við nemendagarða í Fosstúni.

Yfirlit yfir netþjóna

Netþjórnar í tölvugeymslum FSu eru sem stendur 7. Þeir eru:

- (1) HP rekkapjónn keyptur sumarið 2011. Þessi þjónn keyrir HyperV sýnarþjóna kerfi sem stendur undir tveim Microsoft sýndarþjónum. Þjónustusamningur var gerður um framhaldsábyrgð á þessum vélbúnaði. Hann var ekki í tölvuherberginu þegar bruninn kom upp. Keyptur var skápur utan um hann sumarið 2014 og hann staðsettur í kjallara Odda, herbergi sem gengur undir nafninu Laupurinn.
- (2) Þjónn með FreeBSD kerfi sem keyrir Pfsense eldvegg sem er til vara og þjónar einnig sem VPN þjónn fyrir FSu netið. Þetta er IBM rekkapjónn keyptur haustið 2007. Nafn: fsu3. Þessi þjónn hét áður fsu13 og þar áður keyrði hann Angel kerfið. Hann stóð af sér eldinn og var ekki tekinn úr notkun en fékk breytt hlutverk.
- (3) Windows 2008 þjónn sem þjónar sem vara Active Directory þjónn fyrir Microsoft kerfið. Þessi þjónn er Dell tölva keypt sumarið 2008.
- (4) Supermicro rekkapjónn, keyptur sumarið 2011 sem keyrir Ubuntu Linux kerfi og þjónar sem vara eldveggur og eldveggur fyrir posana í stofnuninni. Nafn: fsu12.
- (5) DELL PowerEdge R210 netþjónn í eigu Heimilis og mennta ehf. FSu hefur afnot af honum skv. samningi. Hann keyrir Centos kerfi og ber heitið fsu7. Vefur FSu er keyrður á þessum þjóni.
- (6) HP Proliant DL 320e rekkapjónn sem keyptur var eftir brunann sumarið 2014. Hann hefur staðið undir keyrslu Moodle kerfisins síðan 10. október 2014.
- (7) IP myndapjónn (172.16.0.160). Þetta er tölva sem Árvirkinn setti upp fyrir nokkrum árum til að safna myndefni úr öryggismyndavélum. Mér láðist að geta hennar í fyrri skýrslum af því hún var og er að mestu í umsjón Árvirkjans.

Breytingar og uppfærslur á netþjónum

Stefnt er að því að fækka netþjónum á komandi árum til að spara rafmagn og minnka umsjón. Þegar tímar líða er hægt að sjá fyrir sér að þjórnar (2) og (4) á þessum lista verði sameinaðir og að líkindum verður þjónn (5) tekinn úr notkun ef vefnum verður úthýst sem gæti verið tímabært þegar kemur að næstu uppfærslu hans.

Netkerfi

Í kjölfar brunans voru svissar í stofu 306B og lðu endurnýjaðir og tengdir saman með 1000 mbits/sek tengingu. Afköst innranetsins bötnuðu við það. Mestu munar þó um að í kjölfar eldsins var keyptur nýr Cisco Meraki MX100 eldveggur. Með komu hans var aflögð sú venja að skrá niður Macnúmer þeirra tölva sem nota máttu skólanetið því eldveggurinn býður upp á innskráningarsíðu sem birtist á fyrirfram ákveðnum fresti og tengd er við Microsoft Active Directory kerfi skólans. Afköst eldveggsins eru einnig betri en linux þjónanna tveggja sem áður gegndu þessu hlutverki. Það að ekki þarf lengur að skrá niður númer tölva sem koma inn á netið hefur skilað sér í minnkuðu álagi í tölvuþjónustu. Undirritaður hefur verið með einn tíma í tölvuþjónustu í viku á miðvikudagsmorgnum og hefur verið mjög rólegt í þeim tímum. Líklega hefur heildartala nemenda verið innan við 10 sem mætt hefur í þennan þjónustutíma í allan vetur.

Símkerfi

Ný IP símstöð var keypt og sett upp sumarið 2014. Hún er af gerðinni Avaya IP Office R9.0. Í sparnaðarskyni voru ekki settir upp símar í kennslustofum.

Internet samband – þráðlausir sendar

Afköst Fsnetsins virðist hafa lagast nokkuð frá því sem var í fyrravetur. Ekki er vitað um ástæðu. Cisco Meraki eldveggurinn afkastar einnig meiri umferð en Linux tölvurnar tvær sem áður gegndu þessu hlutverki. Í maí 2015 er fjöldi skráðra þráðlausra senda í skólanum 93 (fækkun um 3 frá í fyrra). Vegna kvartana yfir hægagangi þráðlausa netsins voru keyptir og settir upp 13 Ubiquiti Unifi þráðlausir sendar í desember 2014. Ástand mála lagaðist nokkuð við það en í þjónustukönnunum sem gerðar voru á vorönn kom enn fram talsverð óánægja með afköst þráðlausa netsins. Vegna þess var ráðist í kaup á 20 Unifi sendum í viðbót og var það gert með örútboði. Nýherji varð hlutskarpastur í útboðinu og er reiknað með að búið verði að setja sendana upp fyrir upphaf haustannar. Sendar þessir eru afkastamiklir en eru jafnframt ódýrari en þráðlausir sendar frá Cisco Meraki en sá búnaður þykir með því besta sem völ er á. Flestum af þeim Dlink þráðlausu sendum sem losnuðu úr notkun við það að Unifi sendar leystu þá af hólmi var komið fyrir í nemendagarðinum Fosstúni. Enn notast skólinn við leigulínu út í Fosstún en búið er að leggja af eldvegg þangað í kjölfar þess að Merkai MX100 veggurinn var settur upp. Leigulínan út í Fosstún hefur verið þokkaleg hvað uppítíma varðar en afköstin eru afar hæg, eða aðeins um 4 mbits/sek og ekki er í boði að fá ljósleiðarasamband þangað.

Öryggishandbók og öryggisstefna

Vinna við gerð öryggishandbókar hefur haldið áfram. Áfram er viðhaldið þeirri vinnureglu að dulrita trúnaðarupplýsingar. Starfsmenn eru reglulega minntir á að taka afrit af gögnum og uppfæra vírusvarnir. Afrit er tekið af gagnasvæðum Windows þjónsins (nr. 1) og af áföngum Moodle kerfisins og komið fyrir á flakkara. Það er þó ljóst að gera þarf meira til að tryggja gagnaöryggi stofnunarinnar þannig að sómi sé að, bæði hvað varðar afritunarbúnað og eftirfylgni með vinnureglum. Verið er að skoða það að taka upp ISO staðalinn 27001 um upplýsingaöryggi til að fylgja þessum málum eftir og í skoðun er að setja upp miðlægan afritunarbúnað fyrir Moodle og Microsoft kerfin.

Leyfamál og hugbúnaður

Microsoft leigusamningur var endurnýjaður til eins árs í apríl 2015 og þurfti í þetta skiptið að greiða fyrir afnot 77 starfsmanna af Microsoft búnaði. Eins og í fyrra var Office365 og OneDrive hluti af leigusamningnum sem þýðir að allir nemendur fá aðgang að þessum búnaði endurgjaldslaust.

Ragnar Geir Brynjólfsson 21. maí 2015

Skýrsla tölvudeildar FSu 2014-2015

Aðstoðarkerfisstjóri og þjónustustjóri: Helgi Hermannsson

Yfirlit:

Tölvuþjónusta

Aðstaða tölvuþjónustu

Heimasíða FSu

Fartölvur og vagnar

Viðhald fartölva

Fartölvukaup á árinu

Borðtölvur 1) Stofa 303, 2) Bókasafn, 3) Tölvur á skrifstofu og í lðu

Skjavarpar og önnur tæki

Endurmenntun, ráðstefnur Námskeið og kynningar

Tölvuþjónusta

Viðtalstímar tölvuþjónustu hafa verið 8 sinnum í viku, 75 mínútur hver tími, í stofu 306B. Þessir tímar eru aðallega hugsaðir fyrir nemendur og kennara. Kennarar koma einnig í þessa viðtalstíma en þeir geta leitað til tölvuþjónustunnar þegar þeir þurfa á því að halda eða eftir samkomulagi. Passað er uppá að hafa einn þjónustutíma í hverjum stokk þannig að allir nemendur ættu að hafa lausan tíma.

Nemendur leita til tölvuþjónustu til að fá úrlausn á vandamálum tengdum netsambandi og vírusvörn. Einnig eftir ráðgjöf og aðstoð með bilaðar tölvur og lykilorð í Innu og Moodle.

Þetta árið hefur dregið úr álagi þjónustunnar þar sem innskáning á neitið er með öðrum hætti en áður, notast er við eldvegg sem opnar netið þegar skráð er notendanafn og leyriorð en MAC númeraskráning er úr sögunni. Mikið er að gera fyrri hluta anna þegar kennarar koma með tölvur sem þarf að líta á eftir sumarfrí. Kennarar leita eftir ýmiskonar aðstoð bæði er varða kerfismál, notkun hugbúnaðar, gagnavistun, Moodle notkun, uppsetningu á hugbúnaði og vegna bilana og vírusa í fartölvum. Smávægileg vandamál með fartölvur kennara eru yfirleitt leyst samdægurs og jafnvel stærri vandamál, eins og kerfisuppsetning yfirleitt leyst eins fljótt og auðið er. Stærsta vandamál fartölvu kennara orsakaðist af þrjósku umboðsaðila til að viðurkenna að það væri eitthvað vandamál til staðar. Vélin fór 4 sinnum í viðgerð og að lokum samþykktu þeir að skipta um móðurborð og eftir það er bilunin úr sögunni.

Alltaf er einhver aðstoð við Moodle kennslukerfið og mál sem þarf að leysa. Kennarar afrita og flytja sjálfir áfangana sína yfir í nýja kerfið. Gekk það áfallalítið fyrir sig. Kerfisstjóri hefur forskráð áfanga með samkeyrslu við Innu. Þannig þurfa kennarar ekki að skrá inn nemendur í áfangana. Kennarar ákveða hvort þeir kjósa að vera með svokallaða metaskráningu eða nota tilbúnu námskeiðin sem verða sjálfvirk til við samkeyrslu við Innu. Ákveðinn hópur kennara er mjög fær en gera þyrfi átak í að fjölga þeim kennurum sem nýta kerfið. Æskilegt væri að halda námskeið í upphafi og/eða lok annar og þyrfti þá að ná til þeirra sem lítið eða ekkert eru að nota kerfið. Það er áhyggjuefni þegar nýjir kennarar sjá ekki hag í því að nota Moodle.

Alltaf er eitthvað er um útköll vegna erfiðleika við að tengja skjávarpa við fartölvu. Þetta eru tilfallandi atvik sem gjarnan lagast við endurræsingu skjávarpans eða tölvunnar. Einnig er algengt að kennarar þurfi aðstoð við að koma myndbandssýningu af stað í skjávarpa. Þessum tilfellum fækkar þó eftir því sem reynslan eykst.

Office 365 var tekið í notkun í upphafi haustannar 2014. Mikill kostur er að nemendur geta hlaðið niður Office forritum frítt og notað þau á meðan þau eru skráð í skólann. Það gerir skólastarf einfaldara að allir séu að nota sama kerfi.

Þó nokkrir ágallar eru þó á þessari innleiðingu sem lagast vonandi með tíð og tíma, bæði með aukinni þekkingu starfsfólks og nemenda og einnig ef kerfið lagar ákveðna ágalla, sem hefur skapað vandamál hjá bæði nemendum og starfsfólki. Í desember var námskeið í notkun Office 365 hjá starfsfólki á vegum Omnis. Það var ágætis kynning en kafaði ekki mjög djúpt.

Póstlisti starfsfólks er á Google og hefur reynst vel. Kerfisstjóri og skrifstofustjóri hafa umsjón með honum.

Aðstaða tölvubjónustu

Tölvubjónustan hefur undanfarin ár verið með aðstöðu í stofu 306B, þar sem er vinnuaðstaða fyrir aðstoðarkerfisstjóra og bjónustustjóra. Vinna aðstoðarkerfisstjóra við uppsetningar og viðgerðir á borðtölvum og prenturum fara að mestu fram í aðstöðu í kjallara, Laup.

Loftræstingu vantar í Laupinn. Öll tæki þarf að bera þangað niður og þaðan upp því ekki er hægt að flytja þau á vagni vegna staðsetningarinnar. Af þessum sökum og vegna þrengsla er Laupurinn ónothæfur til að taka fartölvuvagna í gegn t.d. á annarmótum. Stofa 306 hefur verið tekin í þau verkefni eftir að kennslu lýkur. Aðstöðu til þessara verka þyrfti því að taka til endurskoðunar. Suð frá tækjum/viftum í stofu 306B er nokkuð og þyrfti að bæta úr því. Í stofunni er prentari fyrir hæðina og þar eru geymdir tveir fartölvuvagnar sem kennarar nýta í tímum.

Heimasíða FSu

Uppsetning og umhirða heimasíðu FSu er í höndum Helga Hermannssonar. Fá vandamál hafa komið upp þetta árið. Einnig hefur skólinn lagt meiri áherslu á Facebókarsíðu skólans og eru t.d. allar fréttir skrifaðar á báðar síðurnar. Ritstjóri FSu fréttar, Guðfinna Gunnarsdóttir, sér um fréttaskrif.

Fartölvur og vagnar

8 fartölvuvagnar hafa verið í notkun þetta skólaárið.

Vagn 1 (2. hæð) og vagn 2 (stofa 104) eru báðir með 8 HP Compaq s6720 fartölvum, sem keyptar voru sumarið 2008 og hafa reynst vel. Eitthvað hefur verið kvartað yfir hæagang í þeim. Vinnsluminni er í þeim er lítið, aðeins 1gb en til þess að auka afköst nokkrar í vagni 2 voru stækkaðar upp í 2gb. Nýtt kerfi, Win 8.1 var sett á þessar tölvur í maí 2014.

Fartölvuvagnar 3 (lða), 4 (2.hæð), 5 og 6 (stofa 306b) eru með 5 T61 fartölvum hver. Á haustönn voru fartölvurnar uppfærðar með SSD diskum, svo og allar T61 tölvur sem enn voru í notkun hjá kennurum. SSD diskur og Win 8.1 stýrikerfi virkar ágætlega á þessum tölvum en ekkert hefur verið endurnýjað af rafhlöðum þannig að all flestar þurfa stanslaust að vera tengdar við rafmagn.

Fartölvuvagn 7 (stofa 200) er nú með 6 Toshiba Satellite u400 fartölvum sem keyptar voru haustið 2010. Þær hafa líka verið uppfærðar í Win 8.1 og virka ágætlega á því kerfi. Í Hamri, verknámshúsi, er fartölvuvagn 8 með fimm Toshiba Satellite C660 fartölvum sem keyptar voru 2011.

Starfsbraut er með fartölvuvagn fyrir sína deild með 6 Lenovo Thinkpad SL520 fartölvum. Þær voru uppfærðar í Win 8,1 á önninni.

Notkun á fartölvuvögnum er nokkur og sumir bókaðir meira og minna alla daga vikunnar. Sjá nánari upplýsingar í fylgiskjali 1.

Viðhald fartölva

Ekki hafa verið keyptar rafhlöður í vetur. Stefnan er sú að kaupa ekki nýjar rafhlöður fyrr en sú fyrri tekur enga hleðslu. Passa þarf alveg sérstaklega vel uppá hleðslu á rafhlöðu eftir að fartölvur hafa ekki verið notaðar í einhvern tíma. Þá þarf að hlaða þær áður en kveikt er á þeim. Kennurum hefur verið sendur póstur um þetta reglulega. Alltaf þarf að gera ráð fyrir

einhverjum rafhlöðukaupum þar sem þær hafa einungis ákveðin líftíma og eiga til að bila fyrirvaralaust. Eins ár ábyrgð er á rafhlöðum.

Fartölvukaup á skólaárinu

Í desember 2014 voru keyptar 12 Dell Latitude fartölvur fyrir kennara. Ekki er búið að ráðstafa öllum tölvunum en skipt var við kennara sem höfðu T61 tölvur þar sem þær nýttast á fartölvuvögnum en nokkrir kennarar vildu ekki skipta þar sem T61 tölvurnar virkuðu svo vel eftir kerfisuppfærslu og SSD disk.

Tvær 13,3" Acer Aspire ES1-311-C3CT fartölvur, frekar ódýrar, voru keyptar til reynslu á bókasafn til útleigu fyrir nemendur.

Borðtölvur í stofu 303

Lítið viðhald hefur verið á tölvum í stofu 303 nema uppsetning nýrra forrita fyrir bókhald og 3d teikningar í málum og trédeildum skólans.

Borðtölvur á bókasafn

Lítið viðhald hefur líka verið á tölvum á bókasafni, þær hafa komið ágætlega út þó alltaf sé eitthvað kvartað yfir hægagangi, bæði við innskráningu og nettengingu.

Borðtölvur á skrifstofu og í lðu

Búið er að endurnýja allar þrjár tölvurnar á aðalskrifstofunni og setja upp Win 8.1 stýrikerfi. Það tókst ágætlega. Það gæti verið erfitt að uppfæra tölvur hjá húsverði í lðu þar sem dýrt stjórnkerfi er á húsvarðatölvu. Mögulega þarf að leita leiða til að halda gamla kerfinu öruggu og gangandi. Einnig er tölva fjármálastjóra enn keyrð á Win XP en það hefur ekki skapað vandamál ennþá þó það verði að uppfæra kerfið þegar færi gefst.

-

Aðrar borðtölvur í FSu

Nokkrar tölvur eru á víð og dreif um skólann. Þjónustustjóri er með 2 tölvur í stofu 306b og kerfisstjóri einnig með tvær tölvur í lðu. Í stofum 316 eru 2 borðtölvur, nokkuð nýlegar, ein gömul en nýlega uppfærð í stofu 305 og einn Makki í stofu 301.

Skólinn fékk 3 borðtölvur frá Sýslumannsembættinu á Hvolsvelli sem féllu til við endurskipulagningu. Þær voru endurnýjaðar með SSD diskum og Win 8.1 stýrikerfi og nýttast nú á bókasafni og hjá starfsbraut.

Skjávarpar og önnur tæki

Tveir skjávarpar voru keyptir þennan vetur, Epson EB-X03 í stofu 200 og einn Epson EB-X18 í Ráðagerði. Engar myndavélar keyptar. Vantar sárlega góða vél í kvikmyndatöku, sérstaklega stærri atburði.

Endurmenntun, ráðstefnur

Aðstoðarkerfisstjóri fór á kynningu á Office 365 á Grand Hótel í upphafi annar en engar aðrar formlegar ráðstefnur fyrir utan námskeið í félagsfræði.

Námskeið og kynningar

Eins og undanfarin ár skipulagði tölvuþjónustan námskeið fyrir nýnema á Nýnemadegi í byrjun haustannar og einnig í byrjun vorannar.

Yfirleitt hefur verið stuðningur fyrir kennara í Moodle í upphafi anna. Það var ekki á skólaárinu. Þörf er á námskeiðum eða vinnustofum í Moodle, má þar vísa til niðurstaðna úr könnun sem gerð var á Moodle notkun kennara. Finna þarf þessum námskeiðum tíma innan dagvinnuramma.

Helgi Hermannsson

3.7 Prófstjóri

Skýrsla prófstjóra – 2014 haust og 2015 vor

2014 haust

Próftafla var samin af Þórarni Ingólfssyni, aðstoðarskólameistara. Prófatíminn var frá 1. desember til 11. desember. Undirbúningur fyrir prófin hófst fyrir alvöru 15. nóvember. Gögn fóru í stofurnar 28. nóvember. Lögð voru 2.223 próf fyrir nemendur fyrir utan sjúkrapróf. Fjöldi nemenda í prófum í einstökum greinum var mestur í stærðfræði, 586 nemendur í þremur stokkum þar af 546 nemendur í tveimur stokkum sama daginn og svo 40 nemendur í þriðja stokkinum síðar í próftöflunni. Ljóst er að nemendur sleppa síst við próf í stærðfræði. Önnur fjölmennasta greinin var íslenska með 385 nemendur í tveimur stokkum og svo enska með 273 nemendur, einnig í tveimur stokkum. Fæstir nemendur voru í prófum í framhaldsáföngum í iðntekningu, TEH203 (2 nem.) og TEH303 (3 nem.) og svo fjórir nemendur í ISAA92 (Íslensku fyrir útlendinga).

34 próf voru lesin inn fyrir 26 nemendur. Hljóðskrárnar voru settar í tölvur sem almennt voru staðsettar í stofu 208 en í enskuprófunum einnig í stofu 207. 7 nemendur tóku próf á tölvu (9 próf) og tveir af þeim voru einnig með hljóðskrá. Að venju hafði Helgi Hermannsson yfirumsjón með þessum málum og var aðstoð hans ómetanleg. 43 nemendur fóru fram á að taka prófin í fámenni (77 próf) og 3 í einmenni (4 próf). Fjórir nemendur fóru fram á stækkað letur og lituð blöð í 12 prófum. Fjöldi óska um fámenni var heldur minni en á haustönn 2013. Stofur 208 og 212 voru báðar notaðar fyrir séraðstæður, bæta þurfti við einni stofu í enskuprófinu. Mest var um séraðstæður í ensku (51 nemandi) og stærðfræði (26 nemendur). Fimm nemendur fóru fram á að taka prófin í heimabyggð.

Magn yfirsetu hjá kennurum var reiknað út frá kennslumagni á önninni. Flestir kennarar hefðu átt að sitja yfir 4-5 sinnum. Ekki reyndist þörf á svo mörgum yfirsetum og flestir sluppu með 1 yfirsetu minna en kennslumagn sagði til um.

Sjúkraprófin gengu almennt vel fyrir sig – ekki var dagur á milli síðasta prófs og sjúkraprófa, sem setti aukinn þrýsting á skipulagið. Kennarar áttu að skila prófum í skjalaskápinn á skrifstofunni fyrir kl. 13:00, miðvikudaginn 10. desember, daginn fyrir sjúkraprófsdag. Flest prófanna voru komin þangað á réttum tíma. Þann 11. des. kl. 8:30 hófust sjúkraprófin. 78 nemendur tóku sjúkrapróf. Flestir tóku eitt próf, 4 nemendur tóku tvö og 1 nemandi þrjú, í flestum tilfellum hvert á eftir öðru. 9 nemendur fengu að fara í sjúkrapróf vegna prófklemmu. Tveir nemendur fóru í endurtektarpróf á sjúkraprófsdag og einn nemandi föstudaginn 12. des. Finna þurfti sérúrræði vegna prófa 4 nemenda, vegna landsliðsæfinga o.fl.

Prófstjóri dreifði sjúkraprófunum í stofurnar að morgni sjúkraprófsdags – daginn áður hafði þeim verið raðað samkvæmt stofumiðum. Stofumiðar voru líka hengdir upp og settir í stofurnar daginn fyrir sjúkrapróf.

Próf voru send í 8 grunnskóla á Suðurlandi vegna grunnskólanemenda sem stunduðu nám í framhaldsskólaáföngum. Nemendurnir voru 32 í eftirtöldum skólum: Bláskógaskóla, Flúðaskóla, Grunnskólanum í Hveragerði, Grunnskólanum í Þorlákshöfn, Hvolsskóla, Laugalandsskóla, Sunnulækjarskóla og Víkurskóla. Flestir nemendurnir voru í einum áfanga, en 8 nemendur voru í tveimur og einn í þremur. Var því farið yfir 44 próf. Fjöldi nemenda í hverjum áfanga skiptist á eftirfarandi hátt:

Áfangi:	Fjöldi prófa:
DAN103	12
ENS103	20
ENS203	1
ÍSL103	2
STÆ103	8
ÞÝS103	1
Samtals	44

2015 vor

Eins og áður var próftaflan samin af Þórarni Ingólfssyni, aðstoðarskólameistara. Prófatíminn var frá 4. til 15. maí. Undirbúningur fyrir prófin hófst 17. apríl. Gögnin fóru í stofurnar fimmtudaginn 30. apríl og prófin hófust kl. 8:30 mánudaginn 4. maí. Lögð voru 1.938 próf fyrir nemendur sem eru heldur færri próf en á haustönn 2014. Að vanda var fjöldi nemenda í prófum mestur í stærðfræði (428 nemendur, aðallega í tveimur stokkum en einn áfangi í þriðja stokknum) og íslensku (360 nemendur í tveimur stokkum). Fæstir voru nemendur í RAM203 (8. nem.), RTM302 (5 nem.) og TÖL203 (6 nem.) ásamt TEH103 (5 nem.) og TEH303 (2 nem.).

22 próf voru lesin inn fyrir 13 nemendur. Að vanda voru hljóðskrárnar settar í tölvur sem staðsettar voru í stofu 208. 16 nemendur tóku próf á tölvu og fjórir af þeim voru líka með hljóðskrá. Aftur er Helga Hermannssyni þakkað fyrir ómetanlega aðstoð. Elínu Kristbjörgu Guðbrandsdóttur, forstöðumanni bókasafnsins er einnig sérstaklega þakkað fyrir ómetanlega aðstoð í gegnum tíðina við að sjá til þess að kennarar lesi prófin inn á réttum tíma. 60 nemendur fóru fram á að taka prófin í fámenni. Tveir nemendur óskuðu eftir einmenni, annar í tveimur prófum, hinn í einu. Einn nemandi tók próf með aðstoð. Að vanda voru stofur 208 og 212 notaðar fyrir séraðstæður en bæta varð við einni stofu í enskuprofunum.

Fjórir nemendur fóru fram á stækkað letur og lituð blöð í 12 prófum. Óskir um um fámenni voru töluvert fleiri en á haustönn 2014. Mest var um séraðstæður í ensku (23 nemendur) og stærðfræði og íslensku (19 nemendur hvorum áfanga). Sex nemendur tóku próf í heimabyggð – þrír af þeim þrjú próf og þrír aðeins eitt.

Sami máti var hafður á að ákvarða fjölda yfirseta hjá kennurum og áður. Samkvæmt því hefðu flestir kennarar átt að sitja yfir 4-5 sinnum. Ekki reyndist þörf á svo mörgum yfirsetum og flestir sluppu með einni yfirsetu minna en kennslumagn sagði til um.

Sjúkraprófin gengu vel. Rétt eintök prófa áttu að vera komin í skjalaskápinn á skrifstofunni fyrir kl. 13:00, miðvikudaginn 13. maí. Prófin voru öll komin á Skúlaskeið á réttum tíma. 76 nemendur tóku sjúkrapróf, flestir tóku eitt próf, en 3 nemendur tóku tvö. Nauðsynlegt reyndist að hafa sjúkrapróf í stofu 208 (séraðstæður – fámenni/tölva). 10 nemendur fengu að fara í sjúkrapróf vegna prófklemmu – er það töluverð fækkun, bæði á haustönn 2014 og vorönn 2015, frá því sem áður var. Nemendur, sem áttu að vera í tveimur prófum á sama tíma, tóku þau hvort á eftir öðru. Þrír nemendur fóru í endurtektarpróf á sjúkraprófsdag og einn mánudaginn 18. maí.

Eins og áður dreifði prófstjóri sjúkraprófunum í stofurnar að morgni sjúkraprófsdags. Stofumiðar höfðu verið hengdir upp og settir í stofurnar daginn áður.

Próf voru send í 8 grunnskóla á Suðurlandi. Í þetta sinn voru nemendurnir 27 í eftirtöldum skólum: Bláskógaskóla, Flóaskóla, Flúðaskóla, Grunnskólanum í Hveragerði, Grunnskólanum í Þorlákshöfn, Hvolsskóla, Laugalandsskóla og Sunnulækjarskóla. Flestir nemendurnir voru í einum áfanga, en sex stunduðuð nám í tveimur. Farið var yfir 33 próf. Fjöldi nemenda í hverjum áfanga skiptist á eftirfarandi hátt:

Áfangi:	Fjöldi prófa:
DAN103	4
DAN203	9
ENS203	11
STÆ203	8
ÞÝS103	1
Samtals	33

Selfossi, 8. júní 2015

Ragnheiður Ísaksdóttir

3.8 Sjálfsmat

Inngangur

Fjölbrautaskóli Suðurlands var stofnaður árið 1981 og hefur því verið starfandi í 34 ár á haustdögum 2015. Á heimasíðu skólans kemur fram sýn hans, en hún byggir á því að leggja áherslu á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Að sama skapi segir að skólinn stefni að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf.

Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, að bjóða upp á fjölbreytt starfsnám í góðum tengslum við atvinnulífið og að búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi.




Markmið skólans eru fjölþætt og snúa þau að námi og kennslu, mennsku og starfsumhverfi. Nánar má lesa um markmið skólans á heimasíðunni, <http://www2.fsu.is/index.php/markmid>

Á haustönn 2014 var komið að mati á hvort við séum að ná markmiðum okkar í tengslum við mennskuna. Ákveðið var strax í upphafi að fá nemendur til þess að taka þátt í matinu ásamt kennurum skólans. Það voru fengnir þrír hópar nemenda sem unnu með ákveðnar fullyrðingar sem þau fengu í hendur. Kennarahóparnir sem tóku þátt voru nokkrir. Matið gekk vel og sjálfsmatshópurinn vann áfram með svörin. Skólapúlsinn var lagður aftur fyrir á haustönn og fengust niðurstöður sem hægt var að bera saman við þær sem við fengum ári fyrr. Einnig var hægt að skoða hvaða þættir það væru sem við þyrftum að vinna að til að bæta skólastarfið. Eftir áramót var unnið að jafningjamati á meðal kennara þar sem tveir og tveir kennarar unnu saman og skoðuðu kennsluna hjá hvor öðrum. Á vorönn var einnig GNOK könnun lögð fyrir í öllum áföngum skólans. Að auki fór skólinn í gegnum ytra mat á vorönn og fór drjúgur tími sjálfsmatshóps í að fylla út skýrslu sem tengdist því mati.

Markmið og tilgangur matsins

Sjálfsmatsnefnd hefur stjórnað innra mati skólans. Fyrir áramót áttu sæti í nefndinni Málfríður Garðarsdóttir, Sigursveinn Már Sigurðsson og Þórarinn Ingólfsson. Málfríður lét af störfum við skólann um áramót og sæti hennar í sjálfsmatsnefndinni tók Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir. Nefndin var með fasta tíma einu sinni í viku þar sem farið var yfir það sem var framundan í tengslum við matið og einnig var unnið úr gögnum sem komu inn á borð nefndarinnar. Nefndin setti saman áætlun um sjálfsmat á skólaárinu sem byggði á áður gerðri áætlun um sjálfsmat.



Markmið matsins á þessu skólaári var að meta hvernig tekist hefði til varðandi mennskuna, hvernig Skólapúlsinn kæmi út í samanburði við það sem kom út haustið 2013 og hvernig gæði náms og kennslu væru í einstökum áföngum. Matsspurningar voru svipaðar og áður og því urðu niðurstöður samanburðarhæfar þ.e. þær niðurstöður sem komu núna og þær sem áður höfðu komið fram. Niðurstöður mats á mennskunni voru skoðaðar áfram og gerð aðgerðaáætlun sem var fylgt eftir með því að senda ákveðin erindi á ákveðna hópa innan skólans.

Dæmi um þetta er erindi sem náms- og starfsráðgjafar fengu. Erindi þetta tengdist samskiptum kennara og náms- og starfsráðgjafa sem og boðleiðum þeirra. Varð þetta til þess að boðleiðir voru skoðaðar betur og lagfærðar þar sem það átti við.

Í jafningjamatinu voru 66 kennarar boðaðir til þátttöku og voru þeir paraðir saman á kennarafundi í janúar. Kennarar höfðu verið spurðir áður hvernig þeir vildu helst að hópurnir yrði paraður saman, vildi meirihlutinn að það yrði dregið um það og að kennarar ólíkra greina gætu dregist saman. Tímasetningin á þessu verkefni var ef til vill ekki nógu heppileg, enda var mikið í gangi á þessum tíma; vinnumatsumræður og kosning, námskrárvinna og fleira. Þeir sem skiluðu skýrslu voru mjög jákvæðir í garð þessa verkefnis.

Reynt verður aftur við svona verkefni síðar. Þá eru nokkur atriði sem vert er að hafa í huga:

- Velja tímasetninguna vel, bæði þegar verkefnið er kynnt, og á meðan heimsóknir eru í gangi. Ef til vill hentar betur að vera með heimsóknir snemma á önninni, áður en yfirferð prófa og verkefna byrjar.
- Benda kennurum á að skoða afmörkuð og fyrirframákveðin atriði í heimsókninni, ef athugunin er of almenn þá er hættara við því að hún verði ómarkviss og skili ekki miklu.
- Ein hugmynd er að nota niðurstöður GNOK kannana, að athugandi setji fókussinn á þau atriði sem komu ekki eins vel út þar, og geti ef til vill aðstoðað kennarann með þau atriði.
- Að kennarar fari í fleiri en eina kennslustund hjá félaga sínum. Það mætti hugsa sér að eftir fyrstu heimsókn fundi kennarar stuttlega saman og fari yfir niðurstöður athugunarinnar. Síðan reyni viðkomandi kennari að bæta eða breyta því sem þarf að breyta, og fái síðan aðra heimsókn.

Varðandi Skólapúlsinn höfum við tekið niðurstöður hans og skoðað okkur í samanburði við aðra framhaldsskóla. Við höfum í flestum tilfellum fylgt niðurstöðum annarra skóla og ekki hefur verið mikill munur á milli skóla. Sum atriði höfum við þó ákveðið að reyna að vinna að til þess að fá betri niðurstöður og sérstaklega tengist það kennurum og viðmóti þeirra gagnvart nemendum.

Eins og áður kom fram var Skólapúlsinn lagður fyrir í annað sinn. Í Skólapúlsinum eru nemendur spurðir út í marga þætti sem tengjast skólanum. Markmið okkar með þátttöku í könnuninni er að sjá hvar við getum bætt okkur. Matsspurningar eru margar en flokkarnir eru:

1. Námsumhverfi

- 1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum
- 1.2. Samsömun við nemendahópinn
- 1.3. Stuðningur kennara við nemendur
- 1.4. Virk þátttaka nemenda í tímum
- 1.5. Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)
- 1.6. Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)

2. Virkni í námi

- 2.1. Námsáhugi
- 2.2. Námsækni
- 2.3. Fjarvera: Seinkomur í tíma
- 2.4. Fjarvera: Skróp í tíma
- 2.5. Fjarvera án leyfis heilan dag
- 2.6. Ástæður fyrir fjarveru

3. Líðan

- 3.1. Vellíðan
- 3.2. Hamingja
- 3.3. Sjálfsálit
- 3.4. Stjórn á eigin lífi
- 3.5. Þunglyndi
- 3.6. Kvíði
- 3.7. Svefnleysi
- 3.8. Ástæður svefnleysis
- 3.9. Einelti
- 3.10. Áreitni og ofbeldi

4. Opin svör

- 4.1. Kennslumat
- 4.2. Mat á líðan
- 4.3. Lýstu því hvað þér þykir gott við skólann þinn
- 4.4. Lýstu því hvað þér þykir slæmt við skólann þinn

Aðferðir og framkvæmd matsins

Aðferðir sem notaðar voru við framkvæmd sjálfsmatsins voru aðallega tvenns konar. Annars vegar var notast við spurningalista og hins vegar var sjálfsmatskerfið „How good is our school“ notað. Spurningalistar tengdust bæði Skólapúlsinum og GNOK (mati á gæðum náms og kennslu). Þegar við höfum verið að meta markmið okkar höfum við notað „How good is our school“ en það kerfi byggir á því að hópar fá ákveðnar fullyrðingar til þess að meta. Hóparnir



gefa fullyrðingunum einkunnir frá einum og upp í sex. Fullyrðingar sem fá einkunnina þrjá og neðar eru skoðaðar betur og reynt að finna leiðir til þess að bæta viðkomandi atriði (gerð er aðgerðaáætlun). Stundum er um það að ræða að sjálfsmatsnefndin kemur með tillögum að úrbótum, en einnig vinna kennarar stundum að tillögum að úrbótum. Þegar við unnum að mati á mennskunni notuðum við „How good is our school“. Skólapúlsinn var metinn með spurningalista sem lagður var fyrir úrtak nemenda og GNOK var metið með spurningalista sem lagður var fyrir alla nemendur í viðkomandi áfanga. Kannanirnar voru lagðar fram í gegnum netið og í „Moodle“ kennsluumhverfinu okkar. Þegar um jafningjamat kennara var að ræða ræddu kennarar saman um hvað ætti að skoða í kennslustundinni, síðan var farið yfir það sameiginlega hvað betur mætti fara og einnig hvað það var sem vel var gert.

Niðurstöður matsins

Helstu niðurstöður innra matsins voru þær að við þurfum að huga betur að samstarfi við aðra og þá bæði við aðra skóla sem og erlend samskipti. Einnig kom fram í Skólapúlslinum að kennarar mættu standa sig betur þegar kemur að stuðningi við nemendur með hvatningu og upplýsingaflæði. Þegar GNOK er skoðað kemur í ljós að niðurstöður eru nánast eins og þær voru 2012 en þá voru þær mjög góðar. Alltaf er þó eitthvað sem kennarar þurfa að lagfæra og er mælt með að kennarar skoði það sem betur má fara með „vininum“ sem þeir voru með í jafningjamatinu.

Tekið skal fram að á þessu skólaári var ekki lögð fyrir nein könnun hjá þeim sem komu inn í skólann úr 10. bekk um áramót þar sem ekki var um neina nemendur að ræða sem nýttu sér þennan valkost.

Samantekt og ábendingar

Almennt má segja að vinnan í skólanum á þessu skólaári hafi litast af vinnu að nýrri námskrá og hugmyndum að breytingum í tengslum við hana. Að auki fór fram ytra mat á skólanum á vorönninni og fór mikil vinna okkar í sjálfsmatsnefndinni í að svara ákveðnum spurningum í tengslum við matið. Annars gekk sjálfsmatið að okkar mati vel og fengum við niðurstöður út úr könnun á mennskunni, Skólapúlslinum og GNOK inu sem við gátum nýtt okkur í framhaldinu og fengið starfsfólk skólans til að vinna að úrbótum. Sérstaklega var ánægjulegt hvað starfsfólk var tilbúið til að bregðast við ábendingum okkar og leita leiða til þess að gera enn betur. Varðandi framhaldið þá er mikilvægt að halda áfram að meta markmið okkar og er næst á dagskrá að endurskoða markmiðin og sjá hvort ástæða sé til að breyta þeim. Mikilvægt er í öllu mati gefa sér tíma til að gera aðgerðaáætlanir og fylgja þeim eftir. Það verður að viðurkennast að við hefðum þurft að gefa okkur meiri tíma til að gera áætlarnir og fylgja þeim eftir. Stefnt er að því að bæta þennan þátt á næsta skólaári. Á fundum sjálfsmatshópsins var oft rætt um miðlun upplýsinga til starfsfólks. Þó svo að við höfum leitað eftir leiðum hjá starfsfólki þ.e. hvaða leiðir þau teldu að hentuðu til miðlunar upplýsinga þá komu ekki fram neinar nýjar leiðir. Við höfum fengið ýmsar hugmyndir en það virðist því miður vera þannig að upplýsingar til starfsfólks frá sjálfsmatshópnum virðast oft fara fyrir ofan garð og neðan. Þegar unnið var að skýrslu vegna ytra mats voru dregnir fram styrkleikar og veikleikar okkar sem skólastofnunar. Það var hópur sem samanstóð af kennurum, nemendum, öðrum starfsmönnum og foreldrum sem tók þessa þætti saman. Niðurstöður þeirra koma fram hér að neðan.

Styrkleikar og veikleikar í sambandi við kennslu og námsframboð

Styrkleikar

- Kennarar eru vel skipulagðir heilt yfir og nýta tímann vel.
- Vinnufriður er mikilvægur og er heilt yfir góður.
- Námsframboð mjög gott og víðtækt.
- Fyrirkomulag starfsbrautar til mikillar fyrirmyndar.
- Sértæk úrræði fyrir almenna nemendur mjög góð.
- Gott að það sé hvetjandi kerfi til að kennarar sækji sér endurmenntun.

Veikleikar

- Vinna þarf betur að þjálfun rökræðu og taka fyrir markvissa vinnu í umræðuhefð þvert á námsgreinar.
- Taka þarf niðurstöður námsmats alvarlega og skoða þær með bætta kennsluhætti í huga.
- Kennarar mega bjóða upp á fjölbreyttari leiðir í verkefnavinnu og verkefnaskilum.
- Víðtækt námsframboð getur leitt til einsleitni og minni dýpkun í einstökum greinum.

Styrkleikar og veikleikar í sambandi við stjórnun og skipulag

Styrkleikar

- Aðgengi að stjórnendum mjög gott fyrir alla, starfsfólk, nemendur og aðra.
- Skólinn hefur skýr markmið og matstæki til að mæla árangur og gera áætlanir um úrbætur.
- Traust virðist ríkja milli stjórnenda og starfsfólks, jákvætt að starfsmannaviðtöl skuli hafa verið sett af stað.

Veikleikar

- Vantar að upplýsa starfsfólk og nemendur um ýmsar niðurstöður úr könnunum. Nýta góðar niðurstöður sem hvata út á við.
- Vantar að upplýsa betur á skipuriti um hlutverk starfshópa, t.d. Áttan, UT osfrv. Mögulega hlutverk hvers og eins aðila á skipuriti.

Styrkleikar og veikleikar í sambandi við samskipti og líðan

Styrkleikar

- Unnið er markvisst að jákvæðum skólabrag hjá SKOH hópnum sem er mjög jákvætt.
- Gott samstarf milli stjórnenda og nemendafélags.
- Jákvætt kynjahlutfall í nemendafélagi.
- Nýtt embætti jafnréttisfulltrúa í nemendafélagi og nýtt feministafélag.
- Foreldrafélag eflist og styrkist með ári hverju og er í góðu sambandi við stjórnendur og nemendafélag.

Veikleikar

- Vinna betur að því að nemendafélag nái til allra hópa og að nemendur þori og vilji taka virkan þátt og hafa skoðun á félagslífi skólans.
- Fjölbreytt upplýsingagjöf er nauðsynleg frá nemendafélagi til nemenda.

Styrkleikar og veikleikar í sambandi við skólahúsnæði og aðbúnað

Styrkleikar

- Fallett skólahúsnæði, bjart og snyrtilegt.
- Gríðarlega gott aðgengi til íþróttaiðkunar innanhúss sem utan.
- Gott að nemendur geti keypt sér heita máltíð í hádegi í mötuneyti skólans.
- Allir kennarar með aðgengi að fartölvu.
- Nemendur geta fengið lánaðar fartölvur.
- Frítt Office 365 er mikill kostur fyrir nemendur.
- Góð tölvuþjónusta við nemendur og starfsfólk.

Veikleikar

- Vantar meiri hópvinnaðstöðu á bókasafni
- Bæta þarf loftræstingu í aðalbyggingu, Odda.
- Bæta þarf aðstöðu fyrir nemendafélag.

Styrkleikar og veikleikar í sambandi við lykilárangur

Styrkleiki

- Fjölbreyttur nemendahópur og víðtækt námsframboð ýtir undir víðsýni og umburðarlyndi.
- Við tökum við öllum nemendum sem hingað sækja.
- Margir af hinum nýju grunnþáttum eru nú þegar til staðar í skólastarfinu, en mögulega erfitt að meta slíkt enn sem komið er. Endurspeglast til dæmis í hinum ýmsu stefnum skólans og stefnum SKOH.
- Skólinn leggur sig fram við að vera í takti við nærsamfélagið og atvinnulíf. Sbr. Skólafundur haust 2014 og uppbygging stytttri námsbrauta.

Veikleiki

- Fjölbreytni nemendahóps getur líka verið veikleiki varðandi meiri líkur á brottfalli og slökum námsárangri.
- Mikilvægt að rannsaka viðhorf nemenda sem hafa útskrifast frá FSu og um leið mikilvægt að hampa nemendum sem lokið hafa námi í FSu og náð árangri á seinni stigum.

Hvað hefur verið gert frá vorönn 2012 og hvað er framundan.

- + V 2012
 - o Náms- og kennsla (GNOK) – unnið.
- + H 2012
 - o Mennta – unnið. Lögð fyrir könnun um líðan nemenda.
- + V2013
 - o Starfsumhverfi – þessi liður var ekki skoðaður vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við verknámshúsið Hamar og breytinga í tengslum við það.
 - o Heimasíða skólans var metin.
 - o Lögð fyrir könnun tengd heilsueflandi skóla.
- + H 2013
 - o Tengsl við samfélagið voru skoðuð og fengu kennarar verkefni til að vinna í tengslum við það. Þeir áttu að reyna að efla tengsl við samfélagið með aðgerðaáætlun þar sem þeir voru framkvæmdaaðilar. Aðgerðaáætlanir voru mikið þannig að aðrir áttu að vinna að þeim en ekki deildirnar sjálfar.
 - o Skólapúlsinn var tekinn í notkun og var lögð könnun fyrir úrtak nemenda (160 nem.) í lok nóvember. Alls voru 138 nemendur sem svöruðu. Niðurstöður voru ítarlegar og voru þær skoðaðar betur á næstu fundum sjálfsmatshópsins þ.e. á vorönn 2014.
- + V 2014
 - o Unnið með það sem kanna þurfti betur eftir útkomu úr Skólapúlsinum. Það var gert með aðferðum HGIOS (How good is our school). Fullyrðingarnar tengdust **viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum**. Aðgerðir eftir þá vinnu: Sendum póst á náms- og starfsráðgjafa og Hörð Ásgeirsson kennslustjóra starfsbrautar þar sem þau voru beðin um að kynna á fundi með kennurum næsta haust, úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika.
 - o Könnun var lögð fyrir nemendur sem komu úr 10. bekk um áramót. Niðurstöður úr þeirri könnun liggja fyrir aftast í fylgiskjöllum.
 - o Á áætlun var að leggja GNOK-könnunina fyrir en sökum verkfalls var því frestað.
 - o Ætluðum að fá Helga Hermannsson félagsfræðikennara til að aðstoða okkur við að kanna notkun á Strætó en af því varð ekki vegna verkfalls.
- + H 2014
 - o Menntan var könnuð og brugðist við því sem ástæða var til að bregðast við.
 - o Skólapúlsinn var lagður fyrir aftur og var þátttaka nokkuð góð.
- + V2015
 - o Jafningjamat fór fram.
 - o GNOK var lagt fyrir í öllum áföngum
 - o Ytra mat var framkvæmt.
 - o Ákveðið var að skoða ekki starfsumhverfið þar sem breytingar eru miklar framundan vegna viðbyggingar við verknámshúsið Hamar.

Áætlun um sjálfsmat

- + H 2015 – Skoða markmið skólans og tímasetningar þeirra.
- + V 2016 – Náms- og kennsla (GNOK).

3.9 Skólinn í okkar höndum

Teymi *Skólans í okkar höndum* (SKOH) fundaði vikulega á skólatíma fyrir áramót, en eftir áramót var ekki hægt að funda á skólatíma og hittist hópurinn því á lengri vinnufundum 1-2svar í mánuði. SKOHteymið stækkaði og breyttist á skólaárinu. Verkefnisstjórar SKOH, Svanur Ingvarsson og Guðfinna Gunnarsdóttir, forvarnar- og félagslífsfulltrúi Málfríður Garðarsdóttir sem sat fram að áramótum, en þá tók Guðbjörg Grímsdóttir við hennar starfi, jafnréttisfulltrúi, Ragnheiður Eiríksdóttir og námsferilsstjóri Ragnheiður Ísaksdóttir sitja í teyminu. Eftir áramót var ákveðið að fá formann nemendafélags FSu, Halldóru Írisi Magnúsdóttur til að sitja í teyminu. Guðfinna og Ragnheiður Ísaksdóttir sitja einnig vikulega Áttufundi, sem hjálpar mikið til við upplýsingaflæði milli allra aðila.

Umsjónartímar á skólaárinu sem tileinkaðir voru SKOH, voru 16. SKOH sá um 2 kennarafundi þar sem málefni SKOH voru rædd, en einn fyrirhugaður fundur á vorönn féll niður vegna vinnu við nýja námsskrá. Mikið af starfi vetrarins var tileinkað *Heilsuefandi framhaldsskóla*, en lífsstíll var þema vetrarins.

Upphaf SKOH hófst með nýnemadegi. Nýnemadagur er orðinn fastur liður á skóladagatali og er það vel. Þá hittast nýnemar í skólanum þar sem þeir fara í gegnum skipulagða dagskrá með kynningum frá skólanum og nemendafélagi. Engir eldri nemendur eru í skólanum þennan dag. Hugmyndavinna fyrir lífsstílsárið 2014-2015 var unnin á haustönn 2014 og hélt svo áfram inn í skólaárið, vegna verkfalls á vorönn 2014.

Handbók um geðrækt fyrir Landlæknisembættið kom út á vorönn. Þar má finna grein um skólabrag og verkefnið Skólann í okkar höndum eftir Guðfinnu Gunnarsdóttur, ásamt gríðarlega góðu efni um geðrækt í framhaldsskólum. HEF-liðar fylgjast vel með framþróun verkefnisins og vilja fá að fylgjast með breytingum sem verða á verkefninu í kjölfar nýrrar námsskrár og Bragaáfanganna sem sagt verður frá hér fyrir neðan.

MG og GG kynntu SKOH, forvarnar- og félagsstarf á fjölsótttri foreldrakynningu í upphafi skólaárs. Einnig kynnti Guðfinna nýja forvarnarstefnu Félags íslenskra framhaldsskóla sem samþykkt var á aðalfundi félagsins s.l. sumar, en Guðfinna vann að stefnunni ásamt Sigríði Huldu Jónsdóttur. Margir forráðamenn mættu og er það vonandi vísbending um styrkingu foreldrasamstarfs til framtíðar. Agnes Ósk Snorraddóttir og Guðfinna hafa lagt fram tillögu að nýju fyrirkomulagi foreldrakynningar sem svipar til fyrirkomulags nýnemadags.

SI, MG og RE fóru ásamt skólameistara á málþing um lífsstíl á haustönn sem haldið var á vegum forsvarsmanna HEF. Þar vakti athygli fyrirlestur frá Flensborgarskóla og í framhaldi af því var ákveðið að skoða frekar hvernig vekja má meiri samheldni og samstöðu meðal nemenda og hvernig þau upplifa það að vera FSu-ingar. Hæst bar þó þegar skólinn tók á móti *Gulleplinu* fyrir heilsueflingu og geðrækt. Við erum afar stolt af því og deildi teymið gleðinni á fundi með starfsmönnum þar sem epli voru borin á borð.

Fastur liður á dagskrá hvernar annar hjá SKOH er að kynna hugtakið einelti og þá verkferla sem í boði eru hér við skólann fyrir nemendum. Það er ánægjuefni hversu sjálfsagður hlutur þessi dagskrárliður er orðinn í hugum nemenda og starfsfólks.

Á haustönn ræddu nemendur um hugtakið lífsstíl og hvað í því felst. Niðurstöður voru hengdar upp víðsvegar um skólann. Stærsta verkefni haustannar var hinsvegar svokallaður skólafundur FSu sem fram fór 1. október. Markmið fundarins var að efla umræðu og leggja drög að stefnu skólans á næstu árum og áratugum. Fundurinn var með svokölluðu þjóðfundarsniði, en til fundarins mættu kennarar, stór hópur nemenda, sem kosnir voru til þátttöku í umsjónartíma, foreldrar og ýmsir aðilar úr samfélaginu. Þessi fundur krafðist þó nokkurs undirbúnings, en fulltrúi SKOH-hópsins í undirbúningi var MG. Alls tóku um 150 manns þátt í þessu gríðarstóra verkefni. Meginspurning fundarins var: „Hvað er hægt að gera til að bæta og efla skólann okkar?“ Spurningin var rædd í þremur umferðum, út frá þremur sjónarhornum (nemenda, skólans og samfélagsins). Skoða má niðurstöður fundarins í sérstakri skýrslu. En lykilsetningar og hugmyndir, sem fram komu, voru hengdar upp víðsvegar um skólann. Er það mál manna að einstaklega vel hafi tekist til með fundinn og niðurstöðurnar gefi tilefni til frekari vinnu við stefnumótun og eflingu til framtíðar. Einnig gafst þarna frábært tækifæri fyrir nemendur að taka þátt í umræðum, læra lýðræðisleg vinnubrögð og láta rödd sína heyrast.

Nemendaviðtöl eru einnig orðin fastur liður á dagskrá SKOH og er það vel. Starfsfólk og nemendur hafa lýst yfir ánægju sinni með þetta fyrirkomulag.

Að venju voru umsjónartímar einnig nýttir til þess að fá fram umræðu meðal nemenda og hugmyndir varðandi fyrirkomulag Kátra daga og Flóafárs. Gögnin sem fram komu voru skráð og sett í skjal, sem nýttist bæði Kátudaga- og Flóafársnefndum við skipulag.

Jafnréttisfulltrúi (RE) vann að endurskoðun jafnréttisstefnu skólans á haustönn ásamt Málfríði Garðarsdóttur og Sigursveini Má Sigurðssyni. Í stefnunni er nú gert ráð fyrir að nemendur eigi jafnréttisfulltrúa, sem fundar reglulega með jafnréttisfulltrúa (RE) og hefur tengingu við nemendafélag.

Rúnar Freyr Gíslason kom frá SÁÁ og hélt opinn fyrirlestur um áfengis- og vímefnanotkun á forvarnardegi á haustönn. Fyrirlesturinn var haldinn að frumkvæði nemendafélagsins í vikunni fyrir svokallað Halloweenball, sem er alltaf mjög stór viðburður. Nemendur voru mjög ánægðir með fyrirlesturinn.

Að venju var minnt á alþjóða geðheilbrigðisdaginn og dag gegn einelti. Skólinn koma vel út úr Framhaldsskólapúlsinum, hvað varðar spurningar sem tengdust vellíðan, áreitni, ofbeldi og einelti, en þar var skólinn yfir landsmeðaltali.

Ákveðið var að vera með þematengd efni á vorönn og setti hópurinn fram yfirþema fyrir hvern mánuð:

- ✓ Janúar var kósímánuður, þá var haldinn kósídagur/stresslausidagurinn, þar sem nemendur gátu mætt í náttfötum, boðið var upp á morgunjóga og slökun, lýsing var höfð í lágmarki og kennarar hvattir til að sleppa prófum þennan dag. Kveikt var á útikertum við alla innganga um morguninn.
- ✓ Febrúar var kærleiksríkur mánuður. Þá var kærleikurinn við völd – nemendur skrifuðu falleg skilaboð á hjörtu sem hengd voru upp um allan skóla. Myndlistarnemendur bjuggu til falleg skilaboð sem einnig hanga víða um skólann. Einblínt var á jákvæð samskipti. Knúskallar voru á ferð.
- ✓ Mars var hamingjumánuður. Þá voru haldnir Regnbogadagar sem höfðu yfirskriftina „Fögnum fjölbreytileikanum“ og efnin sem tekin voru fyrir voru mannréttindi, jafnrétti, réttindi hinsegin fólks og frelsi fólks til að vera eins að það er. Um var að ræða viku í mars, þar sem hver dagur fékk sinn lit í samræmi við fána LBGT fólks og voru allir hvattir til að mæta í réttum lit á réttum degi. Meðal efnis á dagskránni var fyrirlestur frá Samtökunum '78 um hvað það þýði að vera hinsegin, fyrirlestur frá Amnesty International, tónleikar með hljómsveitinni Evu, regnbogakökur voru til sölu, sólmyrkva var fagnað, nemendur og kennarar framkvæmdu gjörning um launamisrétti kynjanna og margt fleira.

- ✓ Apríl var gulur mánður – FSu mánuður, en þá voru nemendur beðnir að ræða hvað það fæli í sér að vera FSu-ingur og niðurstöður teknar saman og hengdar á rauða vegginn. Að auki voru nemendur beðnir um að koma með hugmyndir um hvað við ættum að gera á FSu-deginum, sem fyrirhugað er að verði haldinn í september á ári hverju – eins nálægt afmælisdegi skólans og hægt er. Fram kemur í framhaldsskólapúlsinum að skólinn skorar undir landsmeðaltali varðandi viðhorf og hollustu gagnvart skólanum og því er um að gera að fá nemendur í lið með okkur að skoða þennan þátt betur og ígrunda leiðir til að efla samstöðu og jákvæðni gagnvart skólanum innan frá.

Mikill tími fór í hugmyndavinnu og undirbúning vegna breytinga á námsskrá á vorönn. SKOH-teymið vann að róttækum breytingum á núverandi umsjónarkerfi. Þær fela í sér að hefðbundnir umsjónartímar falla niður og í staðinn koma þrír áfangar í kjarna á öllum brautum, sem hafa fengið viðurnefnið BRAGi. Hópurinn hefur lokið við gerð áfangalýsinga og verður kerfið keyrt af stað á næstu haustönn. Samhliða verður farið af stað með svokallað Mentorakerfi sem felur í sér að 2-3 eldri nemendur taka að sér að vera mentorar inni í hverjum Bragahópi nýnema. Þannig verður búin til brú milli eldri og yngri nemenda. Allar þessar breytingar miða að því að styðja nemendur þegar þeir hefja nám við skólann, búa til bekkjarstemningu, gera nemendur sjálfbæra í námi og tryggja að þeir læri á innra starf skólans um leið og þeir skoða hvernig þeir geta skipulagt nám sitt betur, sett sér markmið og skoðað áhugasvið og starfsval. Bættur skólabragur er að sjálfsögðu yfirmarkmið þessa alls og er því mikilvægt að fylgja verkefninu vel eftir, gera kannanir og skoða og þróa það áfram. Framhaldsskólapúlsinn gæti komið þar inn sem matsþáttur til að bera saman milli ára, þar sem möguleiki er á að setja inn sérhæfðar spurningar um innra starf skólans þar inn.

Hugleiðingar að lokum

Við teljum það vera mikla framför að vera með fulltrúa nemendafélags inni í SKOH-teyminu. Formaður NFSU hefur þá innsýn inn í starf SKOH og þannig tengist félagslífið betur við heilsueflingu, dagamun, og skólabrag. Þetta fyrirkomulag er til mikilla bóta og mælum við með því að því verði haldið áfram. Nú er ljóst að Ragnheiður Ísaksdóttir er að láta af störfum á árinu og veltum við því fyrir okkur hver eigi að koma í hennar stað í teyminu. Það er mjög mikilvægt að hafa einhvern úr stjórnendateyminu í SKOH-teyminu. Það eykur yfirrýn,

skilvirkni og innsýn inn í starf SKOH. Við teljum það sérstaklega mikilvægt í ljósi þeirra breytinga sem munu eiga sér stað í kerfinu á næstu árum í tengslum við kennslu í Braga og áformum um Mentorakerfi.

Nemendaviðtöl hafa algerlega fest sig í sessi og nú er það aðeins aðstöðuleysi til viðtala sem mögulega stendur þeim fyrir þrífum, að öðru leyti virðast bæði kennarar og nemendur vera mjög sáttir við að hafa kost á þessum viðtölum. Mikilvægt er að okkar mati að halda þeim áfram og árétta að foreldrar og forráðamenn nemenda yngri en 18 ára geti komið með í þessi viðtöl.

Nokkur atriði standa upp úr að mati SKOH- hópsins, hvað varðar mál sem huga þarf betur að og skýra betur. Þar má nefna verkferla varðandi kynferðisbrot, en við teljum að verkferlar vegna eineltis dugi þar ekki til. Verkferlar varðandi einelti og áreitni meðal starfsfólks eru ekki til og þarf að bæta úr því, sem og viðbrögð vegna áfalla hjá starfsfólki. Að auki þarf að kynna betur þá farvegi sem eru til staðar fyrir starfsfólk til að koma ábendingum og kvörtunum á framfæri sem og hvernig unnið er úr slíkum ábendingum.

Við teljum að ráðning skólasálfræðings við skólann sé mikil framför og vonum að skólastjórnendur íhugi að halda því starfi áfram og stækki starfshlutfall skólasálfræðings í samræmi við þörf. Við skoðun á niðurstöðum á Framhaldsskólapúlsinum kemur fram að við skorum talsvert hærra varðandi spurningar um kvíða, þunglyndi og svefnleysi en aðrir skólar og vert er að skoða það sérstaklega og finna úrræði – ráðning skólasálfræðings væri sterkt innlegg til að þjónusta þá nemendur.

Ekki voru haldnir stjörnumerkjadagar á liðnu ári, en það felur í sér fjárútlát vegna bolakaupa. Vissulega væri gott að geta haldið þessu skemmtilega uppbroti og dagamun við. Mögulega verður hægt að koma því við á næsta skólaári tengslum við Braga.

Gríðarlega mikilvægt er að teymið geti allt fundað saman einu sinni í viku á skólatíma, en það var ekki hægt á vorönn.

Regnbogadagar heppnuðust vel og vonum við að þeir festist í sessi.

Undirrituð þakka SKOH hópnum góða vinnu og samstarf á skólaárinu.

Munum að hrósa, brosa og vera góð við hvert annað.

Svanur Ingvarsson og Guðfinna Gunnarsdóttir, Verkefnisstjórar SKOH.

3.10 Skólafundur FSu

Skólafundur FSu – 1. okt 2014

Hvað er hægt að gera til að bæta og efla skólann okkar?

Inngangur:

Skólafundur FSu var skipulagður með það markmið að efla umræðu og leggja drög að stefnu skólans á næstu árum og áratugum. Fundurinn var með svokölluðu *þjóðfunda-sniði*, setið var við 9 manna hringborð þar sem borðstjóri leiddi umræður um nokkrar fyrirfram ákveðnar spurningar. Til fundar mættu kennarar, stór hópur nemenda, foreldrar og ýmsir aðilar úr samfélaginu. Alls var setið við 16 borð. Á fundinum ríkti jákvæð stemning og almennt taldi fólk að samtalið hefði gengið vel.

Megintilgangur fundarins var að fá sem flesta og fjölbreyttasta aðila að borðinu, til þess að ræða framtíð Fjölbrautaskóla Suðurlands, hvað megi bæta og hvaða áherslur skuli leggja í komandi vinnu við innleiðingu nýrrar námskrár og annarri þróunarvinnu við skólann. Þjóðfundaformið er vel fallið til slíkrar vinnu, þar sem hugmyndaauðgi og gildissetning einkenna niðurstöður þess. Á fundi sem þessum er ekki nema í takmörkuðum mæli verið að rökræða eiginlegar leiðir til úrbóta, heldur það hvert skuli stefna og hvaða áherslur skuli leggja.

Við úrvinnslu gagna vekur það athygli hve samhljóma umræður hafa verið við flest borðanna, sömu þemu koma upp aftur og aftur á velflestum vígstöðvum – stundum nærri orðrétt skráð á gulu miðanna. Hugmyndir um nýsköpun, fjölbreyttari kennsluhætti, aukið námsval, metnað, ábyrgð, aukin og bætt samskipti innan skóla og eflingu tengsla skólans við nærsamfélagið eru þannig rauðir þræðir í skýrslum borðstjóranna. Eins hafa margir borðstjóranna sérstakleg á því orð hve góður andi var við borðið og að jákvæðni og virðing hafi verið ríkjandi.

Fundarformið:

Miðvikudaginn 1. október 2014 lauk hefðbundnu skólastarfi á hádegi. Um sjötíu fulltrúar nemenda, starfsfólk, fólk úr atvinnulífinu, starfsfólk frá öðrum skólastigum, foreldrar og fleiri, alls um 144 manns, settust niður til að ræða framtíðarsýn skólans.

Setið var við 16 átta-níu manna hringborð. Við hvert borð sat borðstjóri, sem hlotið hafði þjálfun í umræðuforminu og ritaði að auki helstu punkta sem fram komu niður á staðnum. Auk hans var reynt að dreifa fulltrúum þannig að nokkrir kennarar, nokkrir nemendur og einhverjir aðilar úr samfélaginu sætu við hvert borð.

Meginspurning fundarins var: „Hvað er hægt að gera til að bæta og efla skólann okkar?“ og var hún rædd í þremur umferðum, út frá þremur sjónarhornum:

1. Sjónarhóli nemenda

Spurt í báðar áttir: hvað getur skólinn gert fyrir nemendur og hvað geta nemendur gert fyrir skólann?

2. Sjónarhóli skólans/starfseminnar/starfsmanna

Spurt í báðar áttir: hvað getur skólinn gert fyrir starfsmenn og hvað geta starfsmenn gert fyrir skólann?

3. Sjónarhóli samfélagsins í kringum skólann

Spurt í báðar áttir: hvað getur skólinn gert fyrir samfélagið og hvað getur samfélagið gert fyrir skólann?

Hvert hinna þriggja sjónarhorna var rætt í u.þ.b. 15-20 mín. umferð og voru kaffipásur á milli. Vatn, kaffi og kleinur var þar að auki aðgengilegt fundargestum allan tímann.

Í upphafi hverrar umferðar fengu þátttakendur tækifæri til þess að velja spurningunni fyrir sér í nokkrar mínútur. Í framhaldi skrifaði hver þátttakandi hugmyndir sínar um efnið á gulan miða. Borðstjórar leiddu svo umræðuhring þar sem allir þátttakendur greindu frá miðum sínum og útskýrðu ef þörf var á. Að því loknu hjálpuðust borðstjóri og þátttakendur hvers borðs að við að flokka hugmyndir umferðarinnar og að lokum greiddu þátttakendur hugmyndum atkvæði, með litlum rauðum límmiðum sem þeir festu á viðeigandi gula miða.

Í hverri umferð hafði hver aðgang að ótakmörkuðu magni gulra miða til að skrá hugmyndir á, hver og einn fékk þrjá rauða límmiða og mátti aðeins festa einn þeirra á eigin gula miða. Með hinum tveimur atkvæðum hverrar umferðar urðu þátttakendur að veita hugmynd annars borðfélaga brautargengi.

Fundarstjóri var Lárus Ýmir Óskarsson og sinnti hann útfærslu, tímagæslu og almennri lóðsun fundarresta í gegnum fundarferlið.

Niðurstöður:

Að fundi loknum tóku borðstjórar saman helstu niðurstöður, hver af sínu borði. Skýrslum og fundargögnum var skilað til skólastjórnenda. Í hverri skýrslu er tekinn saman listi yfir helstu hugmyndir hverrar umferðar og atkvæði þeirra talin saman.

Athuga ber þó að á bak við hvern gulan miða, sem hlotið hefur mörg atkvæði við borð geta legið nokkrir samhljóma eða svipaðir miðar. Þátttakendur borðanna ræddu og flokkuðu gulu miðana og völdu þannig e.t.v. einn miða sem þótti fanga best umræður sem áttu sér stað.

Við höfum nú safnað öllum þessum helstu hugmyndum saman og flokkað í þemu, þar sem stuðst er við yfirflokka borðanna sjálfra.

Ný námsskrá:

- Fjölbreytt námsframboð og meira val á kjörsviði – að auka námsframboðið við skólann og veita nemendum líka meiri frelsi til að velja það sem hentar þeim best, ekki endilega takmarka sig við kjörsviðin eins og þau eru skipulögð núna

- Gera nám persónumiðað og einstaklingsbundið.
- Raunveruleg verkefni í áföngum í samvinnu/tengslum við atvinnulífið.
- Skólinn á að sýna metnað fyrir nemendur í opnum og aðgengilegum skóla fyrir alla.
Með fjölbreytari námsframboðum og með vel menntuðu og sýnilegra starfsfólki.
- Aðlaga stefnu sína með því að horfa 30 ár fram í tímann.
- Að nemendur fari betur undirbúnir út á vinnumarkaðinn með reynslu á bakinu, t.d. í iðnmenntun eða leiklist.
- Aukið námsframboð, einkum í verklegum greinum (lítið um verknám sem t.d. stúlkur sýna áhuga s.s. snyrtifræði, hárgreiðsla, gullsmíði, klæðskeranám, hönnun.)
- Auka val nemenda-færri skylduáfanga.
- Einingar fyrir tónlistarfólk sem spilar á x- mörgum tónleikum á önn. Og fyrir skáta og björgunarsveitarfólk o.s.fr.v.
- Fjölbreyttari brautir - starfs-verknám.
- Fleiri áfanga sem hjálpa nemendum í lífinu s.s fjármálafræðsla og stjórnmálafræði (fyrir utan félagsfræði).
- Skólinn reyni að vekja áhuga nemenda á hagnýtu námi, t.d. þar sem störf vantar í samfélaginu og benda nemendum á að nám sé e.t.v. ekki hagnýtt.
- Tengja námið meira við raunveruleikann, t.d. að nemendur á íþróttalínu fái að þjálfa.
- Skólinn á að reyna að bregðast við nýjum aðstæðum í samfélaginu eða atvinnugreinum – kenna praktíska hluti eins og ferðamálabraut, mjólkufraðinginn eða hárgreiðslu og auka um leið framboð skólans af brautum/iðnnámi.
- Sjálfböðastarf verði metið til eininga.
- 300 nemendur fyrir hvern náms- og starfsráðgjafa með nýja námskrá 2015 í huga.
- Nemendur fái algjört frelsi til að velja sér kjörbækur.
- Skólinn á að undirbúa nemendur til að taka virkan þátt í samfélaginu t.d. þora að segja sínar skoðanir, mæta alltaf á kjörstað.
- Aukið námsframboð í verk-, tækni- og listgreinum
- Auka fjölbreytni í list- og verknámi.
- Fá seinni hluta listabrautar inn í FSu.
- Koma með tónlistarbraut.
- Styrkja heimspekilega kennslu.

- Skólinn taki mið af þörfum samfélagsins á Suðurlandi.

Nemendur:

- Nemandi sé virkur í félagslífinu og þeim viðburðum sem boðið er upp á í skólanum og félagsaðstaða nemenda verði bætt.
- Búa nemendur undir frekari nám og nemendur rækti nám sitt af samviskusemi.
- Nemandi hjálpi skólanum með því að sýna kennurunum virðingu og tala í ræðu og riti jákvætt um skólann sinn. Sýna samstöðu.
- Kenna nemendum hvernig á að fara með peninga, borga skatt; hvernig virkar það?
- Meiri samhjálp meðal nemenda.
- Eldri nemendur hjálpa yngri.
- Nemendur axli ábyrgð á eigin námi

Kennarar:

- Leyfa kennurum að hafa frjálssari hendur við kennslu, leyfa kennurunum að hugsa út fyrir kassann.
- Metnaður í starfi – að kennarar sýni frumkvæði, að kennurum sé hjálpað að kulna ekki í starfi, til dæmis með því að fara í endurmenntun
- Kennarar uppfæri kennsluaðferðir sínar reglulega.
- Skólinn bjóði nemendum upp á fagmennsku kennara.
- Fjölbreytta kennsluhætti.
- Kennurum skylt að nota vefi eins og Moodle og koma öllum sínum upplýsingum fram þar.
- Kennarar fylgist með rannsóknum á námi og kennslu. Nýta slíkt í kennslunni – sinni símenntun
- Kennarar þrói/bæti einum hlut/hugmynd/tæki við í starfi sínu sem starfsþróun á hverri önn eða vetri

Samskipti:

- Vera jákvætt – að vera stoltur af skólanum, að vera með hópefli til að létta starfsandann því eins og einn sagði: ánægður kennari = ánægður nemandi. Kennarar hætti að tala sitt starf niður og tali það frekar upp.

- Auka áherslu á teymisvinnu/samstarf kennara.
- Samráð sé haft við starfsfólk (starfsfólk/kennara/nemendur) þegar ákvarðanir eru teknar.
- Jákvæð starfsmannastefna og jákvæðni í garð allra. Kennarar sinni vinnu sinni samviskusamlega. Starfsmenn og stjórnendur vinni sem „teymi“.
- Nemendur haldi á lofti nafni skólans.
- Gefa nemendum færi á að gefa feedback á kennsluna og að koma með ábendingar almennt.
- Tekið jákvætt á gagnrýni.
- Gott flæði milli starfsmanna varðandi nemendur með hag nemenda í fyrirrúmi, líðan og námsefni.
- Nemendur hafi vettvang/tækifæri til að koma hugmyndum á framfæri við kennara/stjórnendur.
- Hafa virkt og skemmtilegt starfsmannafélag, fleiri partý. Annan vettfang til að hittast.
- Yfirstjórn taki vel á móti ungum kennurum.
- Stjórnendur komi skipulega í tíma sem hluti af mati. Tími ákveðinn fyrirfram, setjist síðan niður með kennara og ræði tímann og starfið.
- Aukin endurgjöf til kennara, bæta hvata og viðurkenningu og svigrúm.
- Efla traust milli allra innan stofnunarinnar.
- Brosa meira
- Allar boðleiðir innan skólans séu skýrar og sýnilegar.
- Samræming áfanga milli áfanga t.d. varðandi námsmat og verkefni. Meiri samvinnu kennara sem kenna sömu áfanga.

Skipulag:

- Strætó gangi oftár á dag á alla staði
- Breyta mætingareglum
- Laun kennara þurfa að vera hærri. Hærri laun, meiri virðing.
- Skólinn bjóði starfsfólki upp á fræðslu sem stuðlar að því að það geti bætt við þekkingu sína og aðferðir, t.d. fjölbreyttar kennsluaðferðir
- Nýta tæknina betur og eyða minna í bækur

- Koma fyrir hljóðfæri (píanói) á kaffistofu kennara til að stuðla að auknum söng kennara í frítíma
- Ekki leyfa kennurum að „eiga“ ákveðna áfanga. Heldur hrókeri reglulega og stuðla þannig að endurbótum
- Betri aðstæður fyrir nemendur til að læra í skólanum, annað en bókasafn.
- Breyta mætingareglum, nemendur beri ábyrgð
- Vera með nemendamat á kennurum (það eru kennarar sem standa sig illa)
- Virða mætingareglur- svo hægt sé að slaka á þeim.
- Hafa alvöru kosningu í skólanum til að efla lýðræðislegt hugarfar og þátttöku nemenda
- Skólinn getur stutt við skólaböll nemenda þannig að þau verði forvörn fyrir samfélagið
- Vel er gert fyrir nemendur með litla námsgetu, en meira þarf að gera fyrir nemendur með mikla námsgetu
- Ráða sálfræðing fyrir nemendur og starfsfolk
- Starfsmenn geta haft fimm mínútna pásu í tímum til þess að leyfa krökkum að standa upp og teygja aðeins úr sér. Svo að nemendur verða ekki of þreyttir í tímum
- Hafa fleiri uppbrotsdaga þar sem kennarar gætu sinnt yfirferð/undirbúning þ.e annir yrðu nokkrum vikum lengri til að dreifa vinnuálagi
- Umsjónartímar verði aflagðir í núverandi mynd
- Komið skuli á mentorakerfi meðal nemenda
- Bæta öryggi og öryggiseftirlit í verklegum greinum (Nefnd voru dæmi úr járnsmíði um skort á hlífðarbúnaði og úrelt tæki.)
- Sálfræðing fyrir kennara (vinnur 1x í viku)
- Að fólk sem spilar á böllum nemendafélagsins séu ekki haugafullir eða útúr dópaðir

Skólinn og samfélagið:

- Skólinn gæti boðið upp á áfanga í tengslum við atvinnulífið – að skólinn myndi mennta einstaklinga í þeim atvinnugreinum sem eru á svæðinu, að nemendur yrðu betur upplýstir um fyrirtæki í nærsamfélagi og að skólinn leitaði til atvinnulífsins í sambandi við starfsnám og starfskynningar.

- Bjóða upp á nám á vinnustað sem hugsanlega býður samning í framhaldi
- Auka aðgang fyrirtækja og starfsgreina að skólanum, t.d. hvað varðar kynningar.
- Skólinn getur eflt tengingar út í atvinnulífið t.d gert nemendum kleift að fara út í stofnanir/fyrirtæki á svæðinu
- Skólinn bjóði upp á nám sem að hentar nærumhverfinu
- Skólasamfélagið og atvinnulífið verður að styðja nýsköpunarstarf í skólanum og öfugt
- Skólinn og íþróttafélögin sameinast, þannig að skólar væru með íþróttalið og þá myndi samfélagið komast meira inn í skólann. Það myndi einnig vera góð forvörn og fleira fólk (þjálfarar, foreldrar) kynnist lífi skólans
- Samfélagið ætti að sjá hag sinn í að koma í auknum mæli inn í skólana með erindi/kynningar í áföngum
- Fyrirtæki geta fengið nemendur til liðs við hátíðir/viðburði og nemendur fá einingar fyrir
- Fyrirtæki í héraði gætu verið sterkari bakhjarlar, fá fyrirtæki til að styrkja skólann(gjafir)
- Auka fjárframalög til skólans og að atvinnulífið geti stutt ákveðin fög/brautir innan skólans.
- Tengja “eldri” borgara + nemendur = tæknikennsla
- Nemendur úr framhaldsskólum geri sér ferð í grunnskóla og kynni skólann sinn
- Bjóða upp á fjarkennslu til fjarlægra sveitafélaga t.d. Höfn og Kirkjubæjarklaustur. Með hjálp tækninnar. Sveitafélög sjái fyrir aðstöðu slíkrar kennslu.
- Fyrirtækjaheimsóknir – vettvangsferðir. Atvinnulíf – skóli – atvinnulíf. Og starfsþáttaka nemenda verði eflað og jafnvel metin til eininga.
- Fá inn gestakennara t.d. stjórnendur í fyrirtækjum, iðnaðarmenn, sérfræðinga (lækna, sálfræðinga...)
- Skólinn gæti verið með atvinnumiðlun fyrir sumarstörf sem væru einingabær
- Bjóða upp á starfsmenntun í fyrirtækjum í heimabyggð
- Fyrirtæki gætu stutt við t.d. tækjakaup.

Umræða:

Skólafundurinn gekk ótrúlega vel fyrir sig. Mjög góð nemendabáttaka vakti eftirtekt, en þeir nemendur sem ekki mættu á fundinn fengu frí. Einnig kom dágóður hópur fundargesta úr stofnunum og fyrirtækjum á svæðinu, sérstaklega af öðrum skólastigum. Stemning var almennt góð, allir þáttakenda tóku umræðurnar alvarlega, en engu að síður var hlegið og léttur andi í salnum.

Þegar niðurstöður eru lesnar eru nokkrir augljósir rauðir þræðir sem einkenna umræðurnar. Kallað er eftir aukinni fjölbreytni og valfrelsi nemenda, t.d. með fjölbreyttara námsframboði, öðru fyrirkomulagi á kjörsviðum, breyttum mætingarreglum, meiri metnaði – bæði kennara og nemenda og tengingu námsins við samfélagið í kringum skólann. Almennt virðist fundagestum það hugleikið að nemendur verði að sýna aukinn áhuga og ábyrgð á skólastarfinu og eigin námi, en kennarar verða einnig að taka sig á. Þó nokkuð er kallað eftir auknu kennaramati, bæði að nemendur meti frammistöðu kennara reglulega og að stjórnendur geri það. Eins koma mörg borð inn á þörfina fyrir fjölbreyttari kennsluhætti, aukna símenntun kennara og að þeir sýni fagmennsku.



Í anda stemningarinnar á fundinum sjálfum, ríkir í tillögunum ósk um aukna jákvæðni, meiri samvinnu og samráð. Þó nokkuð margir miðar fjölluðu um skýrar boðleiðir, jákvæðni gagnvart nýjum hugmyndum og gagnrýni og aukna teymisvinnu. Þó nokkrar hugmyndir fjölluðu um fjölbreytta uppbrotsdaga og fleiri nýjungar. Gagnrýni á mætingarkerfi og ósk um annað fyrirkomulag kom fram á flestöllum borðum.



Breyttar mætingarreglur voru langt frá því að vera eina skipulagsatriðið sem fundargestir höfðu óskir um. Fjöldi konkret tillagna kom fram um breytt fyrirkomulag skólastarfsins sem full ástæða þykir til að skoða nánar. Allt frá tiltölulega einföldum breytingum og skemmtilegum tillögum á borð við að koma fyrir píanói á kennarastofu, frelsi nemenda í vali á kjörbókum og ósk um fleiri uppbrotsdaga í skólaárinu, t.d. kjördag eða „pólitíska viku“ þar sem nemendur prófuðu sig áfram með fulltrúalýðræðið með ítarlegum hætti. Yfir í flóknari skipulagsbreytingar, sem kalla á tilfærslu eða aukningu fjármagns, á borð við launahækkun kennara, fjölgun strætisvagnaferða um Suðurlandið og ákvörðun um að ráða sálfræðing til starfa við skólann.

Á flestum borðum kemur fram tillaga um að störf nemenda í samfélagsþágu, t.d. þáttaka í björgunarsveit, íþróttaiðkun, tónlistarnám – og jafnvel tónleikahald, geti verið einingarbært. Eins er rík áhersla á það á öllum borðum að auka verulega tengsl við atvinnulíf og samfélag. Tillögur um tengingu við eldri borgara kom t.d. fram á a.m.k. tveimur borðum og skýr ósk um aukið starfsnám og kynningarferðir á vinnustaði, gestafyrirlesara og gagnkvæma fræðslu á báða bóga kom fram á öllum borðum. M.a. var skráð hugmynd um að aukið starfsnám ætti ekki síður að vera við lýði í bóklegum fögum og víða voru hugmyndir um að aukin tengsl við atvinnulífið gæti einnig hjálpað nemendum að komast til álita hjá vinnustöðum á svæðinu.

Með aukinni tækjanotkun, sem víða var til umræðu, mætti einnig bjóða upp á fjarkennslu og auka fjölbreytni í námi utan kennslustofu. Almennt virðast fundargestir vera þeirrar skoðunar að aukin tengsl við samfélagið ýti einnig undir fjölbreyttara námsframboð og auki líkurnar á því að námið mæti þeim þörfum sem fyrir eru á svæðinu. Eins koma þó nokkrir inn á þörfina fyrir nýsköpun – bæði í skólanum og í nærsamfélaginu.



Á heildina litið ríma tillögur Skólafundarins mjög vel við þá innleiðingarvinnu nýrrar námskrár sem þegar er hafin í FSu. En gefa einnig góðan hljómgrunn til þess að halda þeirri vinnu áfram á sömu braut og vera jafnvel óhrædd við að stíga róttækari skref í átt að opnara vali og aukinni ábyrgð nemenda á eigin námi. Eins er af fundinum skýrt ákall til jafnt stjórnenda og hins almenna kennara að opna kennslustofur og efla samvinnu og fjölbreytileika. Með einföldum hætti má taka skref í þá átt sem fyrst, með öflugu og virku kennaramati og áherslu á fagmennsku og fjölbreytileika í kennsluháttum.

Fleiri af þeim hugmyndum sem fram komu á fundinum mætti skoða að hrinda í framkvæmd, strax á þessari önn eða næstu. Uppbrotsdagar, mentorakerfi og endurskoðun mætingareglna eru dæmi um verkefni sem hægt væri að fara í fullt samstarf við nemendur um og innleiða áður en alltof langt líður frá fundi. Sama er að segja um tengslin við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu, sem nokkuð einfaldar aðgerðir gætu stóreflt og aukið.

Málfríður Garðarsdóttir og Sigursveinn Már Sigurðsson.

3.11 Skólaheimsóknir til Finnlands og Eistlands vorið 2015

Ferðanefnd var sett á lagginar vorið 2013 með það í huga að skipuleggja starfsmannaferð til Finnlands og Eistlands vorið 2014. Nefndin var skipuð af þremur kennurum skólans: Ingibjörgu Ólöfu Sigurðardóttur, Þór Stefánssyni og Ægi Pétri Ellertssyni. Vorið 2014 kom til kennaraverkfalls sem varð til þess að ferðalaginu var frestað um eitt ár, sama ferðanefndin tók að sér að sinna verkefninu allt til enda eða þar til ferðinni lauk vorið 2015. Ferðin var afar vel skipulögð og var meðal annars útbúin ferðahandbók sem kom út á prenti og í appi fyrir snjallsíma með aðstoð Helga Hermannssonar.

Dagskrá skólaheimsókna:

27.5. Miðvikudagur: skólaheimsóknir í Tallinn

a) Sérdeildarkennararnir fóru til Järvamaa sem er fyrir utan Tallinn og skoða þar Nurme Kool í Järvamaa sem er sérskóli. (tengiliður: Aave Lillepalu)

Hinir skiptust á þessa tvo skóla:

b) Tallinna Prantsuse Lütseum, Tallinn French School
heimasíða: <http://tpl.edu.ee> (Menntaskóli, tengiliður: Kristiina Kapper)

c) Tallinna Tööstushariduskeskus, Tallinn Industrial Education Center Heimasíða:
<http://www.tthk.ee/> (Verkmenntaskóli, tengiliður Julia Aasmaa)

28.5. Fimmtudagur: Skólaheimsóknir í Tallinn.

a) Tallinna Ehituskool, Tallinn Construction School
heimasíða: <http://www.ehituskool.ee/> (verkmenntaskóli, tengiliður: Tõnu Armulik)

b) Talinna Reaalkool, Tallinn Secondary Science School
heimasíða: <http://www.real.edu.ee/index.php/component/content/article/65-general/177-general-information> (menntaskóli: tengiliður: Kristi Vahenurm)

29.5. Föstudagur: Helsinki, skólaheimsókn og Mannerheim

Helsingin Diakoniaopisto: Helsinki Deaconess Institute of Helsinki heimasíða:
<https://www.hdo.fi/home> (menntaskóli með deild fyrir ljósmæður- tengiliður Merja Ahtikari)

Mannerheimin Lastensuojeluliitt, Mannerheim stofnunin. Stofnun um velferða barna og unglina.

Heimasíða: <http://www.mll.fi/en/> (tengiliður: Juuso Repo)

Alls fóru 64 starfsmenn skólans í ferðina og 27 makar starfsmanna.

3.12 Erlend samskipti á skólaárinu.

FSu er þátttakandi í Comeniusar verkefninu *Sustainable islands (SUSI)*. Farnar voru þrjár ferðir á skólaárinu í tengslum við þetta verkefni þar sem heimsóttir voru aðrir meðlimir í þessu stóra verkefni sem teygir anga sína til hinna margvíslegu eyja víða um heim. Í haust fóru kennararnir Aníta Ólöf Jónsdóttir og Eyrún Björg Magnúsdóttir til Azoreyja ásamt nemendunum Axel Erni Sæmundssyni, Mathusz Michal Kuc og Heiðrúnu Huld Jónsdóttur. Snemma á vorönn fóru svo kennararnir Aníta Ólöf Jónsdóttir og Hrefna Clausen til Marie Galante með nemendunum Renzel Kris Madrazo og Árna Guðmundssyni en einnig fór Olga Lís Garðarsdóttir skólameistari í þessa ferð. Í apríl fóru svo kennararnir Helgi Hermannson og Ólafur Einarsson til Kanaríeyja ásamt nemendunum Jakobi H P Burgel Ingvarssyni, Agnesi Rut Arndal Erlingsdóttur og Stefaníu Ástu Davíðsdóttur.

FSu tekur einnig þátt í alþjóðlegu verkefni um grjót og steindir sem styrkt er af Comeniusaráætlun ESB. Úlfur Björnsson skipulagði heimsókn erlendu skólanna til Íslands á haustönn. Á vorönn fór Úlfur ásamt Guðmundi B. Gylfasyni með 6 nemendur til Nice í Frakklandi.

Kennararnir Ida Løn og Fríða Garðarsdóttir fóru með DAN303 til Kaupmannahafnar á haustönn, nemendur sáu alfarið um skipulag og ut anumhald ferðarinnar, þeir sáu um öll samskipti við tengiliði í skólaheimsóknum og ferðaþjónustur. Þetta verkefni hefur verið kynnt meðal annars hjá Rótarýklúbbi Selfoss og á kennarafundi. Nánari umfjöllun er í skýrslu dönskudeildar undir tungumál önnur en enska.

Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir spænskukennari fór ásamt Eyrúnu Björgu Magnúsdóttur félagsfræðikennara til Salamanca á Spáni með SPÆ503.

Í apríl fór Kór FSu í söngferðalag til Norður-Ítalíu. Örlygur Atli Guðmundsson kórstjóri, Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir umsjónarmaður kórs, Kristjana Hrunn Bárðardóttir kennari og Árni Björnsson bassaleikari fóru ásamt 37 nemendum.

Kennaranemar frá Kanada settu svip sinn á skólastarfið á vorönn, en þeir dvöldu hér á landi í 5 vikur og kláruðu lokavettvangsnámið sitt hér áður en þeir héldu heim til að útskrifast sem kennarar. Átta nemar kenndu við FSu, þrír við Vallaskóla og þrír við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri. Hópurinn heimsótti einnig leikskóla í Árborg og kynnti sér kennslu þar. Próffessorar í kennslufræðum fylgdu hópnum til að fylgjast með hópnum að störfum, en kennaranemarnir kenndu auk ensku á öllum stigum, jarðfræði, frönsku, náttúrufræði, eðlisfræði, íþróttir, lífsleikni, félagsfræði, upplýsingatækni og kynntu sér kennslu á starfsbraut. Að auki notaði hópurinn tækifærið í páskaeyfinu og skoðuðu land og þjóð, fóru í fjallgöngur og skoðunarferðir.